



„Mig langar að gera góða hluti“

■ Arna Bára hjálpar Spánverjum í neyð

Netþrjótar féflettu Margréti

■ „Ég dauðskammast mín“



27. SEPTEMBER 2019 / 39. TBL. 109. ÁRG. / VERÐ 995 KR.

DV

HVAÐAN KOM ÞETTA FÓLK?

HÉR BÚA BARNANÍÐINGARNIR SEINNI HLUTI


REYKJAVÍK: 66,7%

KÓPAVOGUR: 16,7%

HAFNARFJÖRÐUR: 8,3%

MOSFELLSBÆR: 8,3%

SELTJARNARNES: 0
GARÐABÆR: 0



■ Tæplega 70% dæmdra barnaníðinga á höfuðborgarsvæðinu búa í Reykjavík ■ Enginn barnaníðingur í Garðabæ eða á Seltjarnarnesi

Barnabílstólar í úrvali
RECARO

BÍLASMIÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is



Á þessum degi,
27. september



Urban VII

Þann 27. september, 1590, andaðist Urban VII páfi aðeins þrettán dögum eftir að hafa verið tilnefndur. Honum entist ekki aldur til að verða krýndur.

Urban VII hét Giovanni Battista Castagna og fæddist 4.

ágúst árið 1521 í Róm. For-eldrar hans tilheyrðu aðlinum og státaði Giovanni af ágætlega farsælum ferli hvort tveggja innan stjórnsýslunnar og kirkjunnar.

Þrátt fyrir stutta viðveru í embætti páfa afrekaði hann að koma á reykingabanni, því fyrsta opinbera í heimi. Bannaði hann alla notkun tóbaks „í fordyri kirkju eða inni í kirkju, hvort sem það væri tuggið, reykt í pípu eða tekið í nefið.“

Urban VII hugðist ekki taka þá vettlingatökum sem bannaði brytu því refsingin var hvorki meira né minna en bannfær-ing; útskúfun úr kirkjulegu samfélagi, sem í þá daga var eitthvað sem taldist ekki léttvægt.

Urban VII var þekktur fyrir gæsku sína og velgjörðir í þágu fátækra. Hann styrkti bakara í Róm svo þeir gætu selt brauð undir kostnaðarverði. Slíkt hið sama gerði hann varðandi ýmsar framkvæmdir innan Páfaríkjanna, sem þá voru.

Eftir því var tekið að Urban VII var fullkomlega mótfallinn frænddrægni og lagði blátt bann við slíku innan stjórnsýslu páfadóms.

Það var ekki elli sem gerði Urban VII jafn skammlífan í embætti og raun bar vitni heldur dró malaría hann til dauða. Þetta vafasama met hans hefur ekki enn verið slegið. Fyrra met átti Celestine IV páfi, en hann andaðist 10. nóvember, 1241, 16 dögum eftir tilnefningu og missti, líkt og Urban VII, af eigin krýningu.



Celestine IV

Friðar-teikningar barna prýða hringleika-húsið fræga

■ Friðarhlaupið flutti teikningarnar frá Íslandi til Ítalíu
■ Tilgangur að efla frið, vináttu og skilning

Um síðustu helgi voru til sýningar yfir fimm þúsund friðarteikningar barna frá um 128 löndum í hinu víðfræga hringleikahúsi Colosseum í Róm. Þar á meðal voru teikningar barna frá Íslandi. Tilefni sýningarinnar var alþjóðlegur friðardagur Sameinuðu þjóðanna þann 21. september. Verkefnið nefndist Litir friðar og er um að ræða heimsins stærstu og fjölþjóðlegustu sýningu á slíkum teikningum.

Það voru fulltrúar frá Friðarhlaupinu, Sri Chinmoy Oneness Home Peace Run, sem tóku á móti teikningum íslenskra barna og sendu áfram til Ítalíu. Friðarhlaupið er alþjóðlegt kyndilboðhlaup sem fer fram um allan heim. Tilgangur hlaupsins er að efla frið, vináttu og skilning milli manna og menningarheima. Yfir 100 lönd taka þátt í hlaupinu í öllum heimsálfum.

Friðarhlaupið er nú að taka saman teikningar fyrir sýninguna á næsta ári og heimsótti því grunnskólann í Þorlákshöfn síðastliðinn mánudag þar sem nemendur 6. bekkjar afhentu teikningar sínar í íþróttahúsinu.



Stór stund Nemendur 6. bekkjar grunnskólans í Þorlákshöfn afhenda myndir fyrir sýninguna á næsta ári. Mynd: Nirbhasa Magee

Krýsuvíkurleiðin Friðarhlaupið hófst um síðustu helgi til að fagna alþjóðlegum friðardegi Sameinuðu þjóðanna.



Litir friðar
Mynd/Scry Chinmoy
Oneness-Hime
Peace Run.



5 atriði sem þú vissir ekki um ríkislögreglustjóra

Mikill styr hefur staðið um störf og embætti Haraldar Johannesen ríkislögreglustjóra undanfarnar vikur. Haraldur steig fram í umdeildu viðtali í Morgunblaðinu sem leiddi til þess að í dag hafa átta af níu lögreglustjórum landsins lýst yfir vantrausti á hann sem og Landssamband lögglumanna. Haraldur hefur þó neitað að stíga til hliðar af sjálfsdáðum. DV tók af því tilefni saman fimm lítið þekkt atriði úr ferli Haraldar áður en hann varð einn umdeildasti embættismaður landsins.

Haraldur lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 22 ára gamall (1976) og lögfræðinámi frá Háskóla Íslands 29 ára (1983).



Hann útskrifaðist með II. einkunn í lögfræði, eða 7,16.

Hann nam afbrotafræði við Flórída State-háskólann í Tallahassee, Flórída, í sömu borg og Hilmar Skagfield, góðvinur föður hans, var með ræðismannsskrifstofu sína. Engum sögum fer af hvort Haraldur hafi lokið náminu.



Þegar Haraldur kom heim frá Flórída var hann atvinnulaus en komst í starfsnám hjá ÍSAL í gegnum Verslunarráð Íslands, og var þar eini starfsmenninn sem hafði þegar lokið háskólaprófi. Að starfsnámi loknu var hann ráðinn inn sem ráðunautur framkvæmdastjórna.

Árið 1986 stofnaði Haraldur fyrirtækið Íslensk listmiðlun með Ólafi Kvaran, Gunnari B. Kvaran, þá titlaður sem lögfræðingur, en ekki lögmaður. Ári síðar þegar Haraldur var skipaður varamaður í Barnaverndarráð Íslands var hann þó titlaður lögmaður og starfaði svo sem slíkur hjá nýstofnuðu embætti ríkislögmanns til 1988.



JÓLIN

NOMY

VEISLUÞJÓNUSTA

HÁGÆÐA VEISLUÞJÓNUSTA FYRIR ÖLL TILEFNI

Á jólunum er tilveran tekin upp á næsta stig. Fötin flottari, greiðslurnar glæstari, maturinn mikilfenglegri. Því spyrjum við í ljósi þess hversu mörgu þarf að huga að hvort að það sé ekki upplagt að láta okkur sjá um eldamenskuna? Leyfðu okkur að létta undir með þér og færa þér dýrindis jólamáltíð heim að dyrum.

Hvort sem um ræðir jólahlaðborðið hjá starfsmannafélaginu, jólasmarétti í hádeginu, jólaboð fyrir viðskiptavini eða veislu fyrir vinahópin heima fyrir þá leysum við málið. Við sendum meira að segja jólasteikina heim á aðfangadag og lofum að elda hana af sömu alúð og heima hjá okkur.

JÓLAHÁDEGI
JÓLAHLAÐBORÐ
JÓLAPINNAR
JÓLAKVÖLD Í NORRÆNA HÚSINU



NÝ OG GLÆSILEG
VEFVERSLUN Á **NOMY.IS**

Hver er hún



■ Hún er fædd í Reykjavík 4. október árið 1942.

■ Faðir hennar var forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins.

■ Hún starfði sem flugfreyja hjá Loftleiðum um tíma.

■ Einnig sinnti hún starfi sem skrifstofumaður í Kassagerð Reykjavíkur 1971–1978.

■ Árið 2009 valdi Forbes hana á lista yfir 100 valdamestu konur heims.

VAR: JÓHANNA SIGURDÓTTIR

Það er staðreynd að...




Það tekur líkamann um 12 klukkutíma að melta máltíð til fulls.



Hundar eru með greind á við 2 ára barn.



Í Japan er það talið vera góðs viti ef súmóglímukappi grætir barnið þitt.



Á meðalævi mun hjartað dæla næstum 1,5 milljónum tunna af blóði sem er nóg til að fylla 200 tankbíla.

„Þarna hrundi ég alveg“

■ Margrét lét blekkjast af frægu fólki ■ Tapaði stórfé í svikamyllu

Í áfalli Margrét skammast sín.

Tómas Valgeirsson
tomas@dv.is



Ég dauðskammast mín. Mér datt aldrei í hug að ég gæti orðið ein af þeim sem myndi lenda í svona. Ég er venjulega mjög varkár, en þarna hrundi ég alveg.

Svo mælir Margrét, kona á sextugsaldri, sem vildi ekki koma fram undir raunnafni, sem tapaði töluverðum fjárhæðum á augabragði í fjárfestavindli. Hún tilgreinir ekki upphæðina, sem hún segir vera töluverða, sem hún tapaði sökum þess að hún hefur ekki enn þorað að segja vinum sínum og fjölskyldu frá óhappinu. Skömmun sé of mikil, en til stóð hjá henni að koma fjölskyldu sinni á óvart ef eitthvað hefði ræst úr tækifærinu.

Íslendingar hafa margir tapað miklu fé á undanförunum árum í svonefndum fjárfestavikum, þar sem netglæpamenn plata fórnarlömb sín til að kaupa hlutabréf á hagstæðu verði með lofordi um að verðgildi þeirra muni rjúka upp innan skamms. Þegar netglæpamönnum tekst að hafa fé af fórnarlömbum sínum þá eru peningarnir í flestum tilfellum tapaðir.

Fræga fólkið innsiglaði svindlið

Margrét er annars vegar menntuð í viðskiptafræði og segist vera kunnug Bitcoin-svindli, en að umrætt ávöxtunartækifæri hafi henni þótt fulltraust og sannfærandi til að vera í líkingu við rafmyntarsvindl. Hún segir sannfærandi auglýsingaherferð svindlaranna, þar sem notast var við fræga einstaklinga – erlenda sem innlenda – hafa sannfært hana um lögmæti fjárfestingarinnar. Í fyrra vakti falsfrétt athygli víða þar sem hermt var að afhafnamaðurinn Björgólfur Thor hefði grætt 250 milljarða króna með rafmyntinni. Kom síðar í ljós að það var hluti af svikaherferð, en Margrét sagðist einmitt hafa látið blekkja sig af því að nafn auðkífingsins og margra fleiri þekktra einstaklinga hefðu verið kennd við síðuna þar sem hún lét blekkjast.

Margrét skráði sig inn á vefinn Economist, fékk símtöl daglega frá svonefndum ráðgjöfum verðbréfamarkaðarins Aspen Holding og hafi þeir hvatt hana til að greiða meira fé sem myndi margfaldast, að hægt væri að fylgjast með þróun og gengi alls í gegnum vefinn.

„Það virtist ekki vera nein tilgerð yfir þessu. Það voru afar

Ég dauðskammast mín. Mér datt aldrei í hug að ég gæti orðið ein af þeim sem myndi lenda í svona.

kurteisir og sannfærandi menn sem tóku fram að um ekkert svindl væri að ræða. Ég var sjálf hikandi, því þeir vildu fá að sjá vegabréfið mitt, en það voru einu skilríkin sem dugðu alþjóðlega,” segir Margrét. Hún hugðist kaupa hlutabréf og selja þau skömmu síðar, en ráðgjafarnir hefðu ekki leyft henni að leysa út fjárhæðina þegar hún vildi gera það. Þeir sögðu að allt væri í vinnslu og tæki sinn tíma. Fyrr en varði voru nokkrir mánuðir liðnir og bólaði hvorki á svörum né peningum Margrétar. Hún hvetur Íslendinga til þess að halda sig fjarri öllum tækifærum sem þessu og brýnir fyrir fólki að svona svindl verði sífellt háþróaðra og meira úthugað. „Þetta er stórhættulegt og ég er miður mín yfir þessu.“

Verið vakandi

Þórir Ingvarsson, lögreglufulltrúi hjá Lögreglunni á höfuðborgar-

svæðinu, sagði í viðtali við DV fyrir stuttu að erfitt væri að hafa hendur í hári netþrjóta þar sem í langflestum tilvikum væri um að ræða erlenda einstaklinga.

„Fólk leitast talsvert til okkar, bæði til þess að fá upplýsingar eða leita ráða varðandi áhyggjur sínar. Svo eru alltaf einhverjir sem hafa látið blekkjast og borgað, þeir koma þá til okkar og vilja kæra, það er allur gangur á þessu,” sagði Þórir og bætti við að ekki væri hægt að slá því föstu hvaða þjóðfélagshópar láti oftast glepjust. „Mín ráð eru fyrst og fremst þau að brýna fyrir fólki mikilvægi þess að vera vakandi fyrir öllu svona og gæta þess að vera gagnrýnið á þau gögn sem berast. Leggja alls ekki inn peninga á einhvern reikning nema að vel ígrunduðu máli og ef það á að greiða fjármuni að greiða þá með viðurkenndum leiðum.“ ■

Sögulegt fall vonarstjórnun?



Svarthöfði

Eflingardramað á dögumum hefur verið eins og eitt-hvað úr lélegri sápuóperu, sem tekur reglulega upp þráðinn á opnum vettvangi til að landsmenn veltist um af sí- endurtekinni undrun. Það hefur verið með ólíkindum að fylgjast með fólki sem á að teljast full-orðið missa svona stjórn á skapi sínu, eins og undanfarin dæmi hafa sýnt – bæði stjórnmalafólk og fyrrverandi starfsmenn. En formaðurinn í stjórn er trúlega versta brotamanneskjan í þessu öllu.

Ekki man Svarthöfði hvenær síðasta tákmynd jafnmikillar vonar og breytinga var eins fljótt komin í súginn og formaður Eflingar, Sólveig Anna Jónsdóttir. Það voru mikil tímamót í mars á síðasta ári þegar hún tók við

formennsku í stéttarfélaginu en aldrei hafði áður verið kosið um nýjan formann. Það var löngu kominn tími á nýtt blóð, ný tækifæri, en þá fengum við Sólveigu eftir að hún hlaut yfirburðasigur í stjórnarkosningunum.

Möguleikar Sólveigar voru ótakmarkaðir og reyndist það vera súrsætur sigur fyrir konu sem átti að vera ták almúgans þegar stór hluti stjórnunarinnar gengur út á að hrökkva í vörn þegar háttsemi Eflingar er tekin fyrir. Sólveig hefur hvað eftir annað sagt boðskap sinn byltingarkenndan meðal annars á Facebook, 21. október 2018, þegar hún hrópaði „... kallið mig byltingarkonu, í guðanna bænnum! Megi þá helvítis byltingin lifa.“


Til að bæta gráu ofan á svart skrifar formaðurinn hverja ritgerðina á fætur annarri á sam-



félagsmiðlum til að blása á allar kjafasögur sem fjúka í átt til hennar, eða almenna gagnrýni sem á rétt á sér. Svarthöfði hefur alltaf gaman af hvössum formönnum innan marka en þegar penninn er kominn á loft hjá Sólveigu er hættulega stutt í að jafnaðargeðið hverfi út fyrir völlinn. Uppstökk hegðun rennur

kannski í ættinni þegar faðir viðkomandi er frægur kommunisti sem hélt uppi skýrum vörnum fyrir Stalín.

Ráð Svarthöfða fyrir Sólveigu er að kæla ofsann, anda dýpra og sleppa uppnefnum. Það eru nú börn á meðal vor. ■



LÓNSBRAUT 6 • 220 HAFNARFIRÐI • SÍMI 551 7170 • SAETOPPUR.IS

Nýtt og spennandi gólfefni





Vínyparket og vínflísar

Við kynnum nýjung
hjá okkur í gólfefnum.
Vínyparket er ótrúlega
slitsterkt, vatnsþolið
og er mjög viðhaldslítið.
Það hentar því í jafnt
á baðherbergi sem í
hótelandyri eða skrif-
stofurými.

Efnið er ótrúlega mjúkt
og fæst bæði með fallettri
viðaráferð í plönkum
eða með náttúrusteins-
áferð í flísam.

Bjóðum aðeins það
besta fyrir þig!



Parki
INTERIORS





Suðurlandsbraut 14
2. hæð

FRÉTTASKOT
512 7070
ABENDING@DV.IS

Útgáfufélag: Frijáls fjölmiðlun ehf. Stjórnarformaður: Sigurður G. Guðjónsson
Framkvæmdastjóri: Karl Garðarsson Ritstjóri: Lilja Katrín Gunnarsdóttir
Prentun: Torg prentfélag Dreifing: Póstdreifing

DV áskilur sér rétt til að birta adsent efni blaðsins á stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. Öll viðtöl blaðsins eru hljóðrituð. Notkun á efni blaðsins er óheimil án samþykkis.

Aðalnúmer: 512 7000
Auglýsingar: 512 7050
Ritstjórn: 512 7010

Sandkorn



Milljónir frá ríkinu

Ákveðinn þrýstingur innan lögreglunnar hefur myndast um að Haraldur Jóhannsen ríkislögreglustjóri segi af sér embætti. Hann virðist ætla að sitja sem fastast og nær ómögulegt er að víkja honum úr starfi samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Ef embætti ríkislögreglustjóra og lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu er hins vegar sameinað og fyrrnefnda embættið lagt niður myndi Haraldur þurfa frá að hverfa. Ef svo verður er hann ekki á flæðiskeri staddur því hann heldur óbreyttum launakjörum í tólf mánuði eftir að embættið er lagt niður. Samkvæmt tekjublaði DV var Haraldur með tæplega 1,5 milljónir á mánuði í fyrra. Haraldur gæti því haft það ljúft þessa tólf mánuði með alls 18 milljónir frá ríkinu, auk annarra launatengdra fríðinda.



Lítt þekkt ættartengsl

Lögmaður og ráðherra

Lögmaðurinn Oddur Ástráðsson hefur verið mikill í fjölmiðlum síðustu mánuði þar sem hann er lögmaður bandaríska flugvéla-leigusalans ALC sem átti í deilum við WOW air vegna kyrrsetningar flugvélar. Oddur starfaði á fjölmiðlum áður en hann öðlaðist lögmannsréttindi og er nú einn af eigendum lögmannsstofunnar LMB Mandat. Oddur er sonur Svandísar Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra sem hefur verið viðriðin pólitík í hátt í fimmtán ár í flokki sínum, Vinstri hreyfingunni – grænu framboði.



Dimmur dagur Hagræðing innan Arion banka kemur hart niður á um 100 manns.

Haltu mér, slepptu mér

Leiðari

Lilja Katrín Gunnarsdóttir
lilja@dv.is



Vert er hlutverk RÚV? er spurning sem hefur borið æ oftast á góma að undanförunu, sérstaklega í ljósi þess að Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, vill taka RÚV af auglýsingamarkaði, eitthvað sem löngum hefur verið deilt um. Allt í einu núna hafa gagnrýnisráddir sprottið upp frá fólki í auglýsinga- og sjónvarpsframleiðslu. Ef RÚV verði tekið af auglýsingamarkaði myndi það nánast ganga af íslenskri kvikmynda- og sjónvarpsþáttagerð dauðri vegna þess að fólk í faginu þjálfast við að taka upp auglýsingar og er þá betur í stakk búit til að taka að sér stærri verkefni á sviði framleiðslu sjónvarps- og kvikmynda. Ef RÚV verði tekið af auglýsingamarkaði dvínar íslensk auglýsingagerð svo um munar. Ergo: Fagfólk í framleiðslu sjónvarps- og kvikmyndaefnis verður ekki jafn gott og allt fer skyndilega í bál og brand. Ísland verður ein menningarsnaudaða þjóð Evrópu á einni nóttu.

Þetta er áhugaverður rökstuðningur fyrir margra hluta sakir. Er það virkilega svo að hlut-

verk RÚV sé að halda uppi heilli atvinnugrein með því að styrkja aðra (lesist: að hala inn markaðsþeninga um leið og það halast inn almannaþé) eða gæti verið að tækifærissinnar og markaðsmenn séu hér að gera heiðarlega tilraun til að snúa út úr ágætri umræðu um nákvæmlega hvað RÚV á með að vera á auglýsingamarkaði?

Gott og vel. Þeir sem eiga hagsmunu að gæta munu alltaf reyna að snúa út úr, eðli málsins samkvæmt, enda gríðarlegar fjárhæðir í húfi. Hins vegar er alvarlegra mál að þessi rökstuðningur, um að auglýsingagerð sé fjöregg íslenskrar menningar og undirstaða þess að fólk fái hér viðeigandi reynslu í framleiðslu á vönduðu, innlendu efni, er algjörlega galinn. Í umræðunni virðist algjörlega gleymast sá styr sem staðið hefur um RÚV meðal kvikmyndaframleiðenda.

RÚV nefnilega ákvað það upp á eigin spýtur fyrir um það bil tveimur árum að breyta samningum við framleiðendur sjónvarps- og kvikmyndaefnis og kvikmynda. Fyrir breytingu hafði RÚV keypt sýningarrétt á efni sjálfstæðra framleiðenda og var það vel. Með nýjum samningum var hins vegar búit að líma inn feita klausu um að RÚV myndi hljóta hlut í ýmsu

sjónvarps- og kvikmyndum í stað þess að kaupa sýningarrett. Með því að kaupa hlut í efninu hefur RÚV veigameiri stöðu í verkefninu en bara að sýna efnið ákveðið oft. Það er ákveðið áhættuspil að kaupa sig inn í sjónvarps- og taka sér stöðu sem aðal- eða meðframleiðandi. Ef að verkefnið gengur illa og skilar tapi er það fjárhagslegt högg. Hins vegar, ef verkefnið gengur vel, endurgert í mörgum löndum og sýnt í enn fleiri vænkast hagur framleiðandans sem lagði til peninga í upphafi. Það kemur skýrt fram í lögum og reglum RÚV að hlutverk stofnunarinnar sé að „hlúa að menningu þjóðarinnar, leggja rækt við íslenska tungu, listir og íþróttir“ og að hlutverkið sé enn fremur að „stýðja við framleiðslu og nýsköpun á slíku efni“. Ekki er hægt að sjá að það samrýmist markmiðum RÚV sérstaklega að kaupa sig inn í verkefni með gróða í huga.

Þessa klausu hafa Samtök iðnaðarins gagnrýnt fyrir hönd kvikmyndagerðarmanna en einnig þá rúmu skilgreiningu á hvað felst í því að vera sjálfstæður framleiðandi að mati RÚV. RÚV skilgreinir sjálfstæðan framleiðanda sem „seljanda tilbúins efnis eða umsjónarmann eða framleiðanda efnis“ á meðan Kvikmynda-

sjóður skilgreinir það sem „fyrirtæki sem hefur kvikmyndagerð að meginstarfi.“ Vegna þessa mismis tilgreinir RÚV til að mynda tækjaleigu og handritaráðgjöf sem „sjálfstæðan framleiðanda“, sem kvikmyndagerðarmönnum finnst óheppilegt, svo vægt sé til orða tekið.

Því á ég bágt með að skilja þessa dökku framtíðarsýn sem dregin er upp varðandi framleiðslu á innlendu efni ef RÚV fer af auglýsingamarkaði. Kvikmyndagerðarmenn vilja ekki sjá það gerast því þá stoppar þjálfun á starfsfólki, þar sem auglýsingar eru teknar upp nánast í hverri viku en lengra líði á milli sjónvarps- og kvikmyndaframleiðslu. Hins vegar vilja kvikmyndagerðarmenn ekki heldur að RÚV kaupir hluta í efni til að afla sér tekna. Er það ekki einmitt ágætt mótvægi við því að RÚV fari af auglýsingamarkaði? RÚV fjárfestir þá meira í innlendri framleiðslu til að ná viðmiðum sínum sem Alþingi setur, getur þá valið verkefnið betur með gróða í huga og styrkt innlenda framleiðslu enn fremur með gróðanum sem hlýst af hlutdeild í hinum ýmsu verkefnum. Er það ekki bara ágætis dýll? ■

Spurning vikunnar

Á almenningur rétt á upplýsingum um búsetu barnaníðinga?



„Svarið mitt er eitt stórt JÁ.“

Drifa Björk Linnet
Kristjánsdóttir,
eigandi Reykjavík
Warehouse



„Já, almenningur á fullan rétt á því.“

Gulla Fjóra, bílstjóri



„Já, að sjálfsögðu! Í Bandaríkjunum eru þeir skráðir og með stimpil í öskuskírteini um að þeir séu níðingar og ef einhver níðingurinn flytur í hverfið þá fá allir vitneskju um það. Það er réttur okkar að fá að vita þetta.“

Maggi Garðars, afi



„Já, sérstaklega barnafólk.“

Sigurjón Vigfússon,
stóriðjugreininir



„Sem faðir þá segi ég já við því, en ef ég á að vera hreinskilinn þá finnst mér líka að menn sem eru ekki síbrotamenn og hafa tekið út refsingu eigi að fá séns, en ekki síbrotamenn sem eru stórhættulegir.“

Björn Axelsson

Nýtt fyrir liðina loksins á Íslandi!

Glúkósamín, sem hefur verið eitt vinsælasta liðbætiefnið erlendis um langa hríð, fæst nú í bæti-efnaformi hér á landi. Það eykur viðgerðarhæfni líkamans og getur dregið úr liðverkjum.

Eitt af algengustu vandamálum stoðkerfisins eru verkir í liðum. Mismunandi er í hvaða liðum verkirnir eru en oft eru það hnén eða fingurnir sem láta mest finna fyrir sér. Margir hafa líka verki í mjöðmum, ökklum eða öðrum liðum en sama hvar er þá skal ávallt hafa í huga að kyrrseta er aldrei til bóta og það er ýmislegt hægt að gera til að láta sér liða betur.

Leiðir til úrbóta

Það er ýmislegt í lífsstílnum sem hefur áhrif á liðheilsu og því er um að gera að huga vel að ákveðnum þáttum sem geta haft jákvæð áhrif og jafnvel dregið úr verkjum. Þar ber helst að nefna mataræði og hreyfingu.

„Mikilvægt er að borða sem mest af hreinni fæðu og taka inn bæði D-vítamín og ómega-3,“ segir Hrönn Hjálmarsdóttir, heilsu-markþjálfari hjá Artasan. „Sykur er alltaf slæmur og getur oft verið orsök liðverkja. Gott ráð er að taka hann alveg út sem og að draga sem mest úr brauðmeti og því sem inniheldur einföld (og oftast næringarsnauð) kolvetni. Mín reynsla er sú að þegar við einblinum á að borða eingöngu hreina fæðu, getur það haft gríðarlega jákvæð heilsufarsleg áhrif. Borða sem mest af ávöxtum, grænmeti, fræjum, hnetum, berjum og baunum ásamt því að borða egg, kjöt og fisk eins og hentar. Hver og einn verður þó að hlusta á eigin líkama og velja matvæli sem henta. Þegar við tökum mataræðið í gegn getur það leitt til þess að við léttumst, sem er í flestum tilfellum jákvætt því ofþyngd reynir meira á liðina. Ofþyngd leiðir oft af sér hreyfingarleysi eða minni hreyfingu en annars og þannig myndast vítahringur þar sem þyngd, verkir og hreyfingarleysi ýta undir hvert annað,“ segir Hrönn.

„Stundaðu hreyfingu við hæfi og styrktu vöðvana kringum liðina. Köld böð



geta hjálpað en númer 1, 2 og 3 er að hafa mataræðið í lagi því það sem við látum ofan í okkur hefur langmestu áhrifin á liðan okkar.“

Glúkósamín í lausasölu

Glúkósamín er nú loksins leyft í lausasölu hér á landi en fjölmargir læknar hafa um langa hríð mælt með því fyrir bættu liðheilsu. „Glúkósamín er aminósýkra sem þýðir að það er gert úr prótínsameind sem blönduð er við sykursameind. Líkam-

inn framleiðir sjálfur glúkósamín en sú framleiðsla minnkar þó með aldri. Inntaka á glúkósamíni eykur framboð þess í líkamanum sem þýðir að viðgerðarhæfni hans eykst umfram það sem annars væri mögulegt.“ útskýrir Hrönn.

Glúkósamín og kondrotín bætiefnablenda

Glucosamin & chondroitin complex frá Natures Aid er magnað liðbætiefni þar sem tekið er á fjölmörgum þáttum sem tengjast liðverkjum. Auk glúkósamíns inniheldur þetta bætiefni kondrotín sulfat sem er byggingarefni brjósks og eru þessi tvö efni því afar góð blanda fyrir liðina en dagskammtur inniheldur 1000 mg af glúkósamíni og 200 mg af kondrotíni ásamt engifer, túrmerik, C-vítamíni og rósaladíni (rosehips).



„Inntaka á glúkósamíni eykur framboð þess í líkamanum sem þýðir að viðgerðarhæfni hans eykst umfram það sem annars væri mögulegt.“

Hrönn Hjálmarsdóttir

Engifer og túrmerik eru þekkt fyrir bólgueyðandi eiginleika og C-vítamín stuðlar að eðlilegri myndun kollagens fyrir eðlilega starfsemi brjósks. Í hverjum dagskammti er einnig 25 mg af rósaþerjum (rosehips). Þegar rósaþerir eru unnin eru ákveðin efni í þeim enn til staðar og hafa flestar rannsóknir sýnt fram á að þau dragi úr verkjum og stífleika og auki virkni fólks með slitgigt.

Vinnur saman

„Misjafnt er hvað hentar til að vinna bót á liðvandamálum og verkjum en fjölmargir notast við liðbætiefni ýmiss konar. Ég tel að samhliða heilbrigðu mataræði og réttu hreyfingu, komi Glucosamin & Chondroitin complex sterkt þar inn og ég held að það geti gert stórkostlega hluti,“ segir Hrönn.

Glúkósamín er nú loksins leyft í lausasölu hér á landi en fjölmargir læknar hafa um langa hríð mælt með því fyrir bættu liðheilsu.

Öflugur asídófilus

PRÓGASTRÓ GULL inniheldur gall- og sýrupólna mjólkursýrugerla með asídófilus sem margfalda sig í þörmunum.

Öflugir gerlar bæta þarmflórana og eru góðir gegn:

- ▶ Meltingarvandamálum
- ▶ Magaónotum
- ▶ Uppþembu
- ▶ Erfiðum hægðum
- ▶ Sveppasýkingum
- ▶ Húðvandamálum
- ▶ Andlegri vanlíðan

1 hylti á dag - 2 mánaða skammtur

Án mjólkurafurða, glúteins, gans, soya og rotvænnaefna



2 mánaða skammtur

Fæst í apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum verslana.

„Ástandið skelfilegra en fólk getur ímyndað sér“

■ Úrhelli leikur íbúa suðausturluta Spánar grátt
 ■ Sex hafa fundist látnir ■ Arna Bára hjálpar Spánverjum í neyð

Íris Hauksdóttir
 iris@dv.is



Tvö ár eru nú síðan Arna Bára Karlsdóttir, fyrirsæta flutti frá Íslandi en hún býr í dag á Spáni ásamt eiginnmanni sínum, Heiðari Árnasyni, og þremur börnum. Arna unir hag sínum vel og segir að Ísland hafi aldrei verið rétti staðurinn fyrir sig.

Tildrög þess að Arna flutti frá Íslandi var barátta hennar við Fæðingarorlofssjóð, en hún á þrjá unga syni með stuttu millibili. „Við fluttum fyrst til Svíþjóðar í júní árið 2017 en þá var ég alveg komin með nóg af Fæðingarorlofssjóði Íslands sem vildi bókstaflega ekkert fyrir mig gera. Ég hafði þá sótt siendurtekið um orlof og látið bókarann minn afhenda þeim öll gögn sem þurfti en það var ekkert hlustað. Mjög löng og skrítn saga en í grunninn bara fátánleg því ég átti svo sannarlega rétt á fæðingarorlofi þar sem ég hafði starfað sem launþegi hjá sama fyrirtæki í fjögur ár. Lífið í Svíþjóð var æðislega ljúft, við bjuggum þar í smábæ sem var algjör paradís. Húsið okkar var risastórt en það eina sem vantaði var nánd við okkar nánustu fjölskyldu. Þar sem stór hluti af fjölskyldunni minni og mannsins míns er búsett á suðausturluta Spánar ákváðum við að endingu að flytja hingað út og sjáum ekki eftir því. Lífið hér er æðislegt út í gegn, allir svo rólegir og koma fallega fram. Ég elska hvað fólkíð hér er hjálpsamt og vill allt fyrir mann gera. Svo er líka rosalega ódýrt að lifa heilsusamlegu lífi hér og njóta þess að vera til.“

Spurð hvernig drengjunum hafi gengið að aðlagast lífi í nýju landi segir Arna þá blómstra hver á sinn hátt. „Þeir eru á aldrinum tveggja til sjö ára og hafa á sinni stuttu ævi flutt til þriggja landa. Þeir eru því vanir flakki og hafa



„Ég get ekki þakkað nægilega fyrir að hafa sloppið ómeidd, þá finnur maður þörfina til að hjálpa öðrum.“

aðlagast rosalega hratt. Ég hef lagt ríka áherslu á að ala þá upp sem sjálfstæða og sterka einstaklinga. Ég vil síður hafa þá af mömmu- og pabbasjúka þótt þeir elski okkur auðvitað út af lífinu, og við þá. En þeir hafa það æðislegt hér, leikskólinn er frábær og skólinn er mjög öruggur. Það má enginn sækja börnin nema eftir skólatíma og fólk er beðið um að fram-

vísa skilríkjum ef starfsfólkið þekkir ekki til. Mér finnst þetta jákvætt fyrirkomulag og mjög ólíkt því sem tíðkast á Íslandi.“

Á haus í hjálparstarfi

En þótt lífið sé ljúft í sólinni dundu nýverið yfir miklar hörmungar því úrhellisrigning og flóð hafa leikið íbúa Costa Blanca-strandlengjunnar grátt. Hamfar-

irnar hafa valdið gríðarlegu tjóni þar sem sex eru látnir og þúsundir íbúa svæðisins hafa þurft að yfirgefa heimili sín. Arna Bára hefur ekki látið sitt eftir liggja og vinnur í dag hörðum höndum við að hjálpa þeim sem orðið hafa fyrir miklum skaða. „Ég er búin að vera á haus í hjálparstarfinu hér því mig langar að gera góða hluti, en ástandið hér er virki-

lega slæmt. Yfir níu þúsund hús eru ónýt og yfir 2.700 bílar fljóta um í einum hrærigraut. Á þessari stundu hafa sex manneskjur fundist látnar og ef að líkum lætur munu fleiri finnast á næstu dögum.

Þetta er mesta flóð síðan mælingar hófust og hafa meðal annars þrjár ár flætt yfir bakka sína og stíflugarðar brostið. Borgin



Látið okkur um rekstur húsfélagsins

Við sérhæfum okkur í umsjón með rekstri húsfélaga og bjóðum trausta og faglega þjónustu á góðu verði.

Hafðu samband og fáðu tilboð strax í dag!



Alicante og Valencia-hérað hafa orðið verst úti, þar ríkir mikið öngþveiti og fólk er varað við að vera utandyra sökum flóðahættu. Fjöldi fólks hefur jafnframt slasast við björgunaraðgerðir, þar af nokkir lögreglumenn. Það hefur því orðið mikil röskun á daglegu lífi og skólahald legið niðri síðan 12. september þegar úrhellið hófst, almenningssamgöngur liggja sömuleiðis enn víða niðri.“


Forsætisráðherrann flaug yfir svæðið í herþyrlu

Arna nefnir sem dæmi að rigning í þorpinu Gaianes hafi á fyrstu sólarhringum úrhellisins mælst um 490 millimetrar en til samanburðar er úrkomumet á Íslandi 83 millimetrar. Það er því ljóst að mikil vinna er fram undan til að meta tjón og lagfæra skemmdir sem orðið hafa af völdum flóðsins. „Þegar Pedro Sanchez, forsætisráðherra Spánar, heimsótti Orihuea nú fyrir skömmu, ferðaðist með herþyrlu því aðgengið er ekkert. Hann sendi frá sér yfirlýsingu þar sem fram kom að ástandið væri skelfilegra en fólk gæti gert sér í hugarlund.“

Spurð hvar fjölskyldan hefði verið stödd þegar ósköpin dundu yfir segir Arna þau ótrúlega heppin að hafa sloppið ómeidd. „Við vorum stödd í Orihuea til að sækja um landvistarleyfi á lögreglustöðinni þegar þetta byrjaði allt saman. Það var eins og hellt væri úr fötu, bókstaflega, og við brunuðum eins hratt og við gátum út úr bænum. Göturnar voru fljótar að fyllast af vatni svo við urðum að keyra uppi á gangstétt. Við vorum auðvitað logandi hrædd með börnin okkar í bílnum. Þegar heim var komið fórum við ekki út úr húsi í þrjá daga. Ég get ekki þakkað nægilega fyrir að hafa sloppið ómeidd og með allt okkar óskemmt, en þess þá heldur finnur maður þörfina til að hjálpa þeim sem voru ekki svo heppnir á allan mögulegan hátt. Við erum í æðislegum hópi á Facebook, Íslendingar á Spáni, þar sem við í sameiningu finnum leiðir til að veita fólki í neyð hjálparhönd.“

Vatnið farið að lykta

Guðmundur Guðmundsson, forsprakki hópsins, staðfestir að ástandið sé verra en fólk geri sér grein fyrir. „Í bænum Los Alcázares, sunnan við Torrevieja við Mar Menor-lónið, varð til að mynda mikið tjón þar sem flæddi inn í bílakjallara og skólar skemmdust mikið,“ segir Guðmundur og heldur áfram. „Börnin í bænum skortir því skólalót en íbúa vantar í raun allar helstu nauðsynjar hvort sem það er matur eða klósettpappír. Bæjarfélagið brást fljótt við og hefur nú sett upp söfnunaraðstöðu þar sem fólk og fyrirtæki koma með vörur, mat, drykki, fatnað, hreinlætisvörur og fleira. Sjálfbodaliðar standa vaktina ásamt lögreglu og hermönnum sem sjá um að safna og fylla bíla af nauðsynjavörum fyrir fólk sem hefur verið fast og ekki komist neitt. Bara á meðan við vorum þarna kom fólk fótgangandi margra kílómetra leið, skítugt og blautt upp að mitti eftir að hafa þurft að vaða í flóðinu með börnin sín á herðunum til að sækja vörur. Þetta var allveg skelfileg sjón. Við náðum tali af bæjarstjóranum í Los Alcázares og spurðum hann nokkurra spurninga. Hann sagði okkur að ástandið væri skelfilegt og vatnshæðin víða allt að tveir metrar. Ekki bætir úr að borgin er enn í sárum síðan síðasta flóð lék bæinn grátt, en þá þurftu tæplega fimm hundruð manns að yfirgefa heimili sín og ríflega hundrad sem enn eru heimilislausir í kjölfar þess. Þrátt fyrir að rigningin sé á enda er óvíst hvort hún muni taka sig upp aftur og vatnshæðin hefur haldist óbreytt í langan tíma. Vatnið er farið að lykta illa og því óhætt að segja að hér ríki algjört neyðarástand og mikil þörf á að aðstoða sem flesta, bæði með hlutum, mat og fjárframlögum.“ Fyrir Íslendinga sem vilja leggja sitt af mörkum bendir Guðmundur á að hægt sé að leggja frjáls fjárframlög inn á Rauða krossinn á Spáni. ■



“Fólk kom fótgangandi margra kílómetra leið, skítugt og blautt upp að mitti með börnin sín á herðunum.”



Nauðþurftir sóttar Hjónin hafa lagt sitt af mörkum til að koma bágstöddum til aðstoðar.

**REYKJAVIK
RAINCOATS**

**LAUGAVEGI
62**

REYKJAVIK RAINCOATS
LAUGAVEGUR 62, 101 RVK
WWW.REYKJAVIKRAINCOATS.COM
SÍMI: 5711177 - INFO@REYKJAVIKRAINCOATS.COM

ADRIR ÚTSÖLUSTADIR
EPAL - LAUGAVEGI 70
EPAL - HARPA
AIRPORT FASHION - LEIFSSTÖÐ

GÓÐ ÞJÓNU



ER RAFGEYMRINN DAUÐUR?

NOCO GENIUS BOOST+ GB40 STARTTÆKI



INTERFLON

ÚRVAL AF EFNAVÖRUM,
NÝJAR UMBÚÐIR SÖMU GÆÐA EFNIN

KÍKTU Á KEMI.IS OG
SKOÐAÐU ÚRVALIÐ

STA Í 25 ÁR



ÖRYGGISVÖRUR

Heyrnahlífar, öryggisgleraugu, rykgrímur og andlitshlífar



OLÍUVÖRUR

Smurolía, glussi, koparfeiti, gírolía og sjálfskiptivökvi

SVO
ALLT
GANGI
SMURT



kemi

Tunguhálsi 10 • www.kemi.is

Hvað er málið með ellilífeyri á Íslandi?

■ Öllum skylt að greiða iðgjöld ■ Lífeyriskerfið óskiljanlegt oft á tíðum ■ Margir brenna sig á kerfinu

Erla Dóra
erladora@dv.is



Öllum sem starfa á íslenskum vinnumarkaði er skylt að greiða iðgjöld í lífeyrissjóð og vinnuveitendum þeirra skylt að standa skil á mótframlagi. Þessum greiðslum er ætlað að tryggja einstaklingum framfærslu á efri árum. Einnig tryggir almannatryggingakerfið eldri borgurum ellilífeyri, hafi þeir ekki unnið sér inn nægilegan rétt hjá lífeyrissjóði, svo sem vegna skammrar veru á íslenskum vinnumarkaði eða örorku, eða hafi af öðrum sökum ekki tryggt sér nægilega háar greiðslur frá lífeyrissjóðum sínum. Lífeyriskerfið getur oft verið illskiljanlegt og margir brenna sig á því að þegar starf hefur verið lagt niður sökum aldurs, og áhyggjulaus efri árin eiga að hefjast, að hafa ekki með nægjanlegum hætti kynnt sér hvað felst í því að fá slíkar greiðslur. Hér eru því nokkur atriði sem gott er að hafa í huga varðandi lífeyri.

Þrískipt lífeyriskerfi

Lífeyriskerfinu á Íslandi má skipta í þrjá meginþætti; almannatryggingar, lífeyrissjóði og séreignarsparnað. Að ýmsu er að huga varðandi þessa þrjá ólíku þætti sem verður vikið nánar að hér.

Almannatryggingar

Þeir sem eru eldri en 65 ára og hafa að minnsta kosti búíð á Íslandi í þrjú ár eiga einhvern rétt á ellilífeyri frá almannatryggingakerfinu. Almannatryggingakerfið er opinbert tryggingakerfi og

er fjármagnað með sköttum. Miðað við full réttindi er óskertur ellilífeyrir frá Tryggingastofnun 248.105 krónur á mánuði, en þeir sem búa einir geta átt rétt á svonefndri heimilisuppbót sem er 62.695 krónur á mánuði árið 2019.

Lífeyrissjóðir

Allir þeir sem starfa á íslenskum vinnumarkaði eiga að greiða iðgjöld í lífeyrissjóð. Um svonefnda skylduáðild er að ræða. Fjölmargir lífeyrissjóðir eru starfræktir á Íslandi, og starfar 21 lífeyrissjóður innan vébanda Landssambands lífeyrissjóða. Sumir sjóðanna eru opnir öllum á meðan aðrir gera skilyrði um að sjóðfélaga starfi innan ákveðinna starfsgreina. Skyldulífeyrisréttindi erfast ekki.

Séreign

Séreign eða viðbótarlífeyrisparnaður er frjáls sparnaður sem kemur til viðbótar við skyldulífeyrinn. Engum er skylt að greiða í séreignasjóð en það getur þó verið mikilvæg viðbót við almenna skyldusparnaðinn. Séreign er hægt að taka út í einu lagi við 60 ára aldur eða á lengri tíma, sjóðfélagi getur valið það sjálfur. Séreign erfist líka að fullu til erfingja. Um hagstæðan sparnað er að ræða þar sem launagreiðandi greiðir mótframlag sem er að minnsta kosti 2 prósent en getur verið hærra eftir kjara- eða ráðningarsamningum viðkomandi. Séreign er einnig hægt að nota við kaup á fyrstu íbúð eða til að borga niður höfuðstól fasteignalána. Eins hafa greiðslur úr viðbótarlífeyri ekki sömu víxlverkun við almanna-

Tekjur samtals	á mánuði	á ári
Greiðslur frá Tryggingastofnun	147.000	1.764.000
Tekjur frá öðrum	250.000	3.000.000
Fjármagnstekjur	2.000	24.000
Tekjur samtals:	399.000	4.788.000

Fráðregin staðgreiðsla	90.204	1.082.458
Fráðreginn fjármagnstekjuskattur	440	5.280
Afborganir krafna hjá TR:	0	0
Samtals ráðstöfunartekjur eftir skatt:	308.356	3.700.262

Úr Reiknivél TR miðað við 200 þúsund króna greiðslur úr lífeyrissjóði og 50 þúsund úr séreignarsjóði

tryggingakerfið og hefðbundnar greiðslur skyldulífeyris, en það er útbreidd myta að séreign sé best að taka út í einu lagi, áður en sótt er um lífeyri frá TR til að verða ekki fyrir skerðingu. Slíkar skerðingar áttu sér stað áður fyrr, en þessu var breytt fyrir um áratug og engin tenging er nú milli greiðslna TR og séreignar. Ef séreign er tekin út í einu lagi fyrir 67 ára aldur og lögð inn á reikning þarf að greiða fjármagnstekjuskatt af vöxtunum, eins þarf að greiða tekjuskatt af séreigninni og fellur eingreiðsla í hærra skattþrep en ef um mánaðarlegar greiðslur væri að ræða.

Skerðingarnar ógurlegu

Ellilífeyrinn frá Tryggingastofnun

er tekjutengdur. Eftir því sem eldri borgarar fá hærra fjárhæðir frá lífeyrissjóðum sínum, þeim mun lægri verður greiðslan frá TR. Þetta fyrirkomulag hefur verið gagnrýnt í gegnum tíðina. Helsta gagnrýnin lýtur að því að upphaflega hafi lífeyrissjóðunum verið ætlað að verða viðbót við almannatryggingakerfið og því telja margir skjóta skökku við að tekjutengja ellilífeyrinn með þeim hætti sem tíðkast í dag.

Ef greiðslur frá lífeyrissjóði fara yfir vissa krónutölu falla greiðslur frá TR niður að fullu. Líkt og áður segir skerða þó greiðslur frá séreign ekki greiðslur frá TR svo það er til mikils að vinna að tryggja sér væna summu frá séreignasjóði. Allar skattskyldar tekjur geta leitt til skerðingar, greiðslur úr lífeyrissjóðum, atvinnutekjur, fjármagnstekjur og fleira. Hins vegar skerðir fjárhagsaðstoð sveitarfélags og séreign ekki. Tekjur hafa þó engin áhrif ef lífeyrisþegi velur að fara á hálfan lífeyri frá TR á móti hálfum lífeyri frá lífeyrissjóð sínum. Til að nýta þetta úrræði þarf að uppfylla viss skilyrði til dæmis að samantöld réttindi frá TR og lífeyrissjóðum séu að lágmarki sama fjárhæð og fullur ellilífeyrir hjá TR, eða að lágmarki 248.105. Á vefsíðu TR er reiknivél þar sem hægt er að slá inn mismunandi forsendur og sjá hvaða áhrif lífeyrissjóðsgreiðslur eða atvinnutekjur hafa á ellilífeyrisgreiðslur.

Frítekjumark

Til að ellilífeyri frá TR skerðist þurfa atvinnutekjur að fara yfir svonefnt frítekjumark sem árið 2019 er 1,2 milljónir á ári, eða 100 þúsund á mánuði. Skerðingin er reiknuð út frá launum á ársgrundvelli. Þetta þýðir að einstaklingur sem fær 100 þúsund krónur í tekjur á mánuði allt árið er í sömu stöðu gagnvart TR og einstaklingur sem fær 400 þúsund krónur í tekjur á mánuði í aðeins þrjú mánuði á árinu. Heildartekjur beggja fara ekki yfir 1,2 milljóna króna frítekjumarkið og hvorugur verður því fyrir skerðingu. Síðan er svonefnt almennt frítekju-

mark, 25.000 krónur á mánuði eða 300.000 krónur á ári. Þetta frítekjumark á við um greiðslur úr lífeyrissjóðum. Tekjur umfram frítekjumörkin skerða greiðslur um 45 prósent hjá sambúðarfólki og 56,9 prósent hjá þeim sem búa einir. Ef tekjur einstaklings eru undir 574.344 krónur á mánuði þá á hann einhvern rétt til greiðslna frá TR, 511.849 krónur fyrir þá sem eiga rétt til heimilisuppbótar.

Jaðarskattar

Samspil almannatrygginga og lífeyrissjóðakerfisins getur valdið því að miklir jaðarskattar falli á eldra fólk. En hvað eru þessir jaðarskattar? Þeir eru óeiginlegir skattar sem skila sér til ríkisins frá skattgreiðendum. Til dæmis þegar lífeyrissjóðsgreiðslur skerða greiðslur frá almannatryggingakerfinu vegna tekjutengingar, þá lækka greiðslurnar úr almannatryggingakerfinu, sem skilar sér í sparnaði fyrir ríkið og heildarskattlagning á greiðslum til eldri borgara verður í reynd mun hærra en aðeins tekjuskatturinn.

Flýta eða seinka töku lífeyris

Það er hægt að fresta töku ellilífeyris til 80 ára aldurs og þá hækkar lífeyrir varanlega. Þetta gildir þó einungis fyrir einstaklinga sem fæddir eru eftir árið 1952. Sá sem vill nýta sér þetta úrræði verður einnig að fresta töku lífeyris hjá lífeyrissjóðum sínum. Að sama skapi er hægt að hefja töku lífeyris við 65 ára aldur, en þá lækkar lífeyrir varanlega. Í mörgum tilvikum getur borgað sig að bíða með að sækja um greiðslur frá Tryggingastofnun þar til látið er af störfum þar sem greiðslur TR eru, líkt og áður segir, tekjutengdar.

Hvar eru upplýsingarnar?

Eins og áður segir þá er hægt að nýta reiknivél á vefsíðu Tryggingastofnunar til að kanna hvernig tekjur og greiðslur úr lífeyrissjóðum skerða greiðslur TR. Á vefsvæðinu Lífeyrismal.is má finna ýmsar hagnýtar upplýsingar varðandi lífeyrismál og svo má sjá yfirlit yfir áunnin réttindi hjá lífeyrissjóðum inni á lífeyrisgáttinni. ■

VIÐ KYNNUM NÝTT ÚR FRÁ
JS WATCH CO. REYKJAVÍK
Vinland Gmt

GILBERT
ÚRSMIDUR
Laugavegi 62 - sími: 551-4100
www.gilbert.is

tl.is

ERTU KLÁR Í SLAGINN?



**ÞÚ FÆRÐ ALVÖRU
LEIKJABÚNAÐ HJÁ OKKUR**

 steelseries

 CORSAIR

 elgato

R A Z E R™

ASUS

**TÖLVU
LISTINN**

REYKJAVÍK AKUREYRI HÚSAVÍK EGILSSTAÐIR REYKJANESBÆR SELFOSS AKRANES

Hér búa barn

Seinni hluti

Ég þori ekki að leyfa krökkunum að vera úti að leika sér ein þegar ég veit að hann er laus. Það er bara sorglegur raunveruleiki sem við þurfum að búa við. Það er hins vegar út í hött að við, foreldrar barna í hverfinu, þurfum að komast að því með því að beinlínis rekast á hann.“

Þetta sagði áhyggjufullur faðir í Árbæ í samtali við DV í mars 2017. Fregnir höfðu borist um að dæmdur barnaníðingur, Daði Freyr Kristjánsson, hefði lokið afplánun og gengi laus í hverfinu. Faðirinn sem DV ræddi við varpaði fram þeirri spurning hvers vegna þessar upplýsingar lægju ekki fyrir svo hægt væri að taka tillit til þeirra þegar hugsað væri um öryggi barna í hverfinu.

Á Íslandi er dæmdum kynferðisbrotamönnum, jafnvel þeim sem taldir eru hættulegir almenningi, ekki skylt að vera undir eftirliti löggæslufirvalda. Sömuleiðis hefur almenningur ekki að-

gang að upplýsingum um staðsetningu dæmdra kynferðisbrotamanna. Skiptar skoðanir eru um hvort að opinber nafn- og myndbirting dæmdra barnaníðinga, líkt og í Bandaríkjunum, myndi skila árangri hér á landi.

„Það er hættu á að þetta leiði til aukinnar brennimerkingar og útskúfunar úr samfélaginu og þessir einstaklingar verði hættulegri fyrir vikið,“ sagði Helgi Gunnlaugsson afbrotatræðingur í samtali við Morgunblaðið árið 2017. Þá sagði Margrét Júlía Rafnsdóttir, verkefnastjóri hjá Barnaheill, í samtali við RÚV árið 2013 að það væri ekki hægt að koma í veg fyrir kynferðisbrot gegn börnum „með því að merkja einstaka menn úti í samfélaginu.“

Í svari Persónuverndar til DV árið 2017 kom fram: „Friðhelgi einkalífs einstaklinga er tryggð í 71. gr. stjórnarskrárinnar. Þrátt fyrir það má með sérstakri lagaheimild takmarka á annan hátt friðhelgi einkalífsins ef brýna nauðsyn ber til

vegna réttinda annarra. Þetta er mat sem löggjafinn þarf að viðhafa, m.a. með tilliti til persónuverndarlöggjafarinnar. Eins og löggjöfin er í dag virðist ekki vera gert ráð fyrir því að stjórnvöld, eða einstaklingar, skuli – eða megi – birta upplýsingar sem hér um ræðir.“

DV birtir hér seinni hluta umfjöllunar sem snýr að búsetu einstaklinga sem hlotið hafa dóm hér á landi fyrir kynferðisbrot gegn börnum og ungmennum. Upplýsingar um brotin eru fengnar úr opinberum gögnum.

Einstaklingarnir sem tilgreindir eru hér hafa allir verið sakfelldir fyrir héraðsdómi og dæmdir til fangelsisvistar. Vert er að taka fram að við vinnslu greinarinnar var meðal annars notast við upplýsingar úr Þjóðskrá sem og staðfestar heimildir. Í sumum tilfellum er stuðst við seinasta skráða heimilisfang viðkomandi einstaklings.

Guðni Steinar Snæbjörnsson - 200 Kópavogur

Fjöldi brotaþola (sem vitað er um): 1.

Í september 2006 var Guðni Steinar Snæbjörnsson dæmdur í sextán mánaða fangelsi í Bretlandi fyrir að eiga í kynferðislegum samskiptum við 14 ára gamla stúlku. Guðni átti í samskiptum við stúlkuna í gegnum netið um nokkurt skeið, en var gripinn með henni á hótellherbergi í Burnley í febrúar 2006. Hann var framseldur til Íslands að lokinni afplánun.

Guðni Steinar er í dag skráður til heimilis í Kópavogi.

Jón Helgi Óskarsson - 220 Hafnarfjörður

Fjöldi brotaþola (sem vitað er um): 1

Jón Helgi Óskarsson var árið 2007 dæmdur til 200 þúsund króna sektargreiðslu fyrir tilraun til kynferðisbrots. Jón Helgi fór árið 2007 í íbúð að Öldugötu 7a, í Reykjavík, í því skyni að hafa samræði og önnur kynferðismök við 13 ára stúlku sem hann gerði ráð fyrir að hitta þar til kynferðismaka í samræmi við ráðagerðir í sam-

skiptum við viðmælanda, á spjallrás á netinu dagana 8. til 10. janúar 2007, sem sagðist vera 13 ára stúlka. Í raun var stúlkun á spjallrásinni uppspuni sjónvarpsþáttarins Kompáss á Stöð 2.

Jón Helgi var jafnframt sakfelldur fyrir að hafa í vörslu sinni ljós- og hreyfimyndir sem sýndu börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt.

Jón Helgi er í dag búsettur í Hafnarfirði.

Hjalti Sigurjón Hauksson - 270 Mosfellsbær

Fjöldi brotaþola (sem vitað er um): 1

Hjalti Sigurjón Hauksson hlaut fimm og hálf árs fangelsi árið 2004 fyrir að misnota stjúpdóttur sína nær daglega í 12 ár. Brotin voru mjög gróf og áttu sér stað á heimili þeirra, á afviknum stöðum og í utanlandsferðum. Stúlkun var fimm ára þegar brotin hófust. Hjalti fékk einn þyngsta dóm sem fallið hefur fyrir kynferðisbrot gegn barni. Hann neitaði sök á sínum tíma og hélt fram að hann hefði verið dæmdur án sannana.

Í september 2017 ræddi Fréttablaðið við stjúpdóttur Hjalta. Hún greindi frá því að hann hefði reynt að hafa samband við hana undanfarin ár. Fram kom að hann hefði gengist við brotum sínum og að þá hefðu samskipti hans við ungar asískar stúlkur á Facebook vakið athygli.

Hjalti hefur undanfarin ár unnið sem bílstjóri hjá hinum ýmsu fyrirtækjum, en ítrekað verið sagt upp störfum eftir að upp hefur komist um fortíð hans. Þess ber að geta að á hefðbundnum sakavottorðum eru ekki tilgreindir dómur ef meira en fimm ár eru liðin síðan viðkomandi lauk afplánun. Seinast er vitað til hans búsettum í Mosfellsbæ.

Þorsteinn Halldórsson - 200 Kópavogur

Fjöldi brotaþola (sem vitað er um): 1

Í maí 2018 var Þorsteinn Halldórsson dæmdur í sjö ára fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn ungum pilti. Landsréttur mildaði seinna dóm Héraðsdóms Reykjaness niður í fimm og hálf ár. Þorsteinn hafði verið hneppur í gæsluvarðhald í febrúar sama ár, á grundvelli almannahagsmuna.

Þorsteinn braut ítrekað á piltinum í um tvö ár og hófust brot þegar drengurinn var fimmtán ára. Hann bar fíkniefni í piltinn með þeim afleiðingum að hann var nánast meðvitundarlaus í viku. Þá gaf hann piltinum peninga, tóbak og farsíma

og nýtti sér yfirburði sína gagnvart honum til að hafa við hann samræði og önnur kynferðismök. Þá tók hann klámmyndir af piltinum og geymdi í læstri möppu í farsíma sínum.

Nú á dögnum var greint frá því að Þorsteinn hefði verið ákærður á ný fyrir kynferðisbrot gegn ungum dreng. Málið var þingfest í Héraðsdómi Reykjaness þann 24. september síðastliðinn. Meint brot Þorsteins, sem hann er ákærður fyrir nú, mun hafa verið framið bæði fyrir og eftir að brotaþolinn náði fimmtán ára aldri.

Lögheimili Þorsteins er í pósnúmeri 200 í Kópavogi.

Stefán Reynir Heimisson (Haukur Heimisson) - Breiðholt, 111 Reykjavík

Fjöldi brotaþola (sem vitað er um): 1.

Stefán Reynir Heimisson hlaut árið 2013 sjö ára fangelsisdóm í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir að nema 10 ára stúlku á brott og brjóta á henni kynferðislega. Stúlkun var á leið heim úr skóla þegar Stefán Reynir nálgadist hana. Laug hann að henni að hann væri lögregluamaður og að hann ætlaði að fara með hana upp á lögreglustöð. Því næst keyrði hann með stúlkuna frá vesturbæ Reykjavíkur upp

í Heiðmörk þar sem hann braut á henni kynferðislega og tók myndband og ljósmyndir af athæfinu á farsíma sinn.

Hæstiréttur þyngdi síðar meir refsinguna í 10 ára fangelsi. Um er að ræða einn af þyngstu dómum sem fallið hafa á Íslandi vegna kynferðisbrots. Í dómsúrskurði segir að Stefán Reynir eigi sér engar málsbætur og að brotaviljinn hafi verið styrkur og einbeittur.

Stefán Reynir er í dag skráður undir nafninu Haukur Heimisson í Þjóðskrá. Hann er skráður til heimilis í Hólhverfi í Breiðholti.

Böðvar Guðmundsson - Grafarvogur, 112 Reykjavík

Fjöldi brotaþola (sem vitað er um): 1

Árið 2014 var Böðvar Guðmundsson, betur þekktur sem Bleyju-Böðvar, dæmdur fyrir kynferðislega áreitni á hendur 14 ára dreng auk þess sem yfir 500 myndir af börnum í kynferðislegum stellingum fundust í tölvu hans og farsíma. Í þeim dómi kemur fram að hann sé sérstaklega líklegur til að brjóta aftur af sér. Þar kom einnig fram að Böðvar sé greindur með ódæmigerða einhverfu og hafi sýnt afbrigðilega kynferðishegðun frá unga aldri, auk þess sem hann er sagður talinn í „hárrí áhættu“ fyrir frekari kynferðislega hegðun gegn börnum.

Böðvar er skráður til heimilis í Grafarvogi.

Maniðingarnir

Anthony Lee Bellere - Laugarneshverfi, 105 Reykjavík

Fjöldi brotaþola (sem vitað er um): 3

Anthony Lee Bellere var árið 2008 dæmdur í fjögurra ára fangelsi fyrir alvarleg kynferðisbrot gegn þremur stúlkum á árunum 2005 til 2006. Þá voru stúlkurnar tólf til sextán ára. Hæstiréttur Íslands þvingdi dóminn í fimm ár. Brotin eiga það öll sameiginlegt að hafa byrjað á netinu. Anthony Lee Bellere er síbrotamaður og samkvæmt dómi Hæstaréttar sýndi hann einbeittan brotavilja.

Daði Freyr Kristjánsson (Eldjárn Freyr Kristjánsson) - Grafarholt, 113 Reykjavík

Fjöldi brotaþola (sem vitað er um): 2

Daði Freyr Kristjánsson var dæmdur í þriggja ára fangelsi þann 8. maí árið 2014 fyrir að nema tver sjö ára stúlkur á brott í bíl sínum, keyra með þær á afvikinn stað, þar sem hann kyssti þær og þuklaði á þeim.

Brot Daða Freys áttu sér stað 9. janúar árið 2013 en hann hafði verið, ásamt stúlkunum tveimur, í Krónunni við Rofabæ. Stúlkurnar höfðu verið að hnupla sælgæti í versluninni og Daði sá til þeirra. Þegar út var komið nýtti hann sér það og lagði bifreið sinni við strætóbíðskýli þar sem stúlkurnar stóðu skömmu síðar. Sagðist Daði hafa séð til þeirra og skipaði þeim að setjast upp í bílinn ellegar myndi hann hringja á lögregluna.

Í dómnum segir að hann hafi kysst aðra stúlkuna á kinnina og snert maga og læri þeirra beggja utan klæða. Þegar þær fóru að gráta fór Daði með þær aftur þangað sem hann hafði þvingað þær upp í bílinn og skildi þær eftir. Daði gaf sig síðan sjálfviljugur fram við lögreglu eftir að lýst hafði verið eftir honum.

Daði Freyr fékk þriggja ára fangelsisdóm í héraði sem Hæstiréttur Íslands staðfesti síðan. Hann lauk afplánun árið 2017. Hann heitir í dag Eldjárn Freyr.

Böðvar Jens Ragnarsson - 800 Selfoss

Fjöldi brotaþola (sem vitað er um): 1

Böðvar Jens Ragnarsson var árið 2017 dæmdur í sex mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að áreita pilt kynferðislega í gegnum Facebook og Skype. Pilturinn var 13-14 ára þegar brotin áttu sér stað. Böðvar átti ítrekuð samskipti af kynferðislegum toga við piltinn, með því að ræða við hann á kynferðislegan hátt, meðal annars um munnmök og endaparmsmök og falast eftir því að þeir myndu hittast í kynferðislegum tilgangi. Þá átti hann í samskiptum við piltinn í gegnum vefmyndavél þar sem þeir afklæddust og voru allsnaktir í allt að 10 skipti og sýndu hvor öðrum kynfæri sín.

Böðvar er skráður til heimilis á Selfossi.

Hilmir Freyr Sigurðsson - 800 Selfoss

Fjöldi brotaþola (sem vitað er um): 1

Hilmir Freyr Sigurðsson var dæmdur í eins árs fangelsi í Héraðsdómi Suðurlands árið 2010 fyrir kynferðisbrot gagnvart 17 stúlkum. Hæstiréttur staðfesti síðar dóminn. Hilmir Freyr var 33 ára þegar hann braut á stúlkunni en stúlkan dvaldi á meðferðarheimili úti á landi á þeim tíma. Hilmir Freyr setti sig í samband við hana í gegnum einkamal. is, undir nafninu „Gutti“ og lofaði henni meðal annars áfengi og fíkniefnum ef hún kæmi til hans.

Hann greiddi síðan fyrir hana flugfar til Reykjavíkur og ók þaðan með hana í sumarbústað, með fulla ferðatösku af áfengi, fíkniefnum og kynlíftólum.

Hilmir Freyr var sakfelldur fyrir að hafa tælt stúlkuna til samræðis og fyrir að hafa nýtt sér yfirburði sína gagnvart henni sökum aldurs- og þroskamunar.

Hilmir Freyr er með skráð lögheimili á Selfossi.

Tómas Ingi Árnason - 600 Akureyri

Fjöldi brotaþola (sem vitað er um): 1

Í janúar 2013 var Tómas Ingi Árnason dæmdur í átta mánaða fangelsi, þar af sex mánuði skilorðsbundna, fyrir kynferðislega áreitni gegn barni og brot gegn blygðunarsemi. Í ákæru kemur fram að hann hafi í mars 2012 káfað innanklæða á kynfærum stúlku í gufubaðsklefa sundlaugar, berað á sér getnaðarliminn og beðið stúlkuna að snerta hann og kysst stúlkuna einum kossi á munninn.

Í dómi Héraðsdóms Norðurlands eystra kemur fram að „óhjákvæmilegt sé að líta til þess að hann braut gegn trúnaði sem stúlkun og aðstandendur hennar sýndu honum. Til þess verður á hinn bóginn litið að ákærði var aðeins 18 ára gamall er hann framdi brotið.“ Með tilliti til ungs aldurs og sakaferils var refsingin að mestu leyti skilorðsbundin.

Steinþór Þráinsson - 600 Akureyri

Fjöldi brotaþola (sem vitað er um): 2

Steinþór Þráinsson var um miðjan tíunda áratuginn dæmdur fyrir að niðast kynferðislega á stjúpætrum sínum. Brotin voru stórfelld og talin alvarlegs eðlis. Þau stóðu yfir í á fimm ára, frá árinu 1982 til ársins 1987.

Steinþór býr í dag á Akureyri þar sem hann starfar sem ökukennari. Þrátt fyrir að hafa hlotið dóm fyrir kynferðisbrot hefur hann aldrei verið sviptur kennsluréttindum.

Bandaríkin

DV hefur vitneskju um þrjá Íslendinga sem eru skráðir kynferðisbrotamenn í Bandaríkjunum.

Atli Jakob Hlödversson

Fjöldi brotaþola (sem vitað er um): 1

Árið 2016 var Atli Jakob Hlödversson dæmdur í 25 ára fangelsi, í Virginíu í Bandaríkjunum, fyrir að nauðga stúlku undir 13 ára aldri, en 20 ár af dómnum eru bundin skilorði. Atli Jakob afplánar dóminn um þessar mundir í Haynesville Correctional Center í Virginíu og verður látinn laus í september 2020.

Johnson Halldór Gunnar Hooks

Fjöldi brotaþola (sem vitað er um): 1

Í mars 2006 hlaut Johnson Halldór Gunnar Hooks dóm í Nýju-Mexíkó í Bandaríkjunum fyrir kynferðisbrot gegn stúlku undir 18 ára aldri (Criminal Sexual Penetration). Hann er skráður til heimilis í borginni Albuquerque.

Ragnar Björnsson

Fjöldi brotaþola (sem vitað er um): 1

Í janúar 2010 var Ragnar Björnsson dæmdur í 360 daga fangelsi í New York-fylki fyrir tilraun til kynferðisbrots og fyrir að eiga í kynferðislegum samskiptum við stúlku undir 11 ára aldri.

Fellur hann undir svokallað annað áhættustig (level 2) en samkvæmt þeirri flokkun eru hóflegar líkur á því að hann muni brjóta af sér á ný. Til hliðsjónar má nefna að skráðir kynferðisbrotamenn sem falla undir þriðja áhættustig (level 3) eru taldir hættulegir umhverfi sínu og afar líklegir til að brjóta af sér aftur. Þeir sem falla undir fyrsta áhættustig (level 1) eru taldir ólíklegastir til að brjóta af sér á ný, og þurfa ekki að vera skráðir lengur en í 20 ár. Þeir sem falla undir annað og þriðja stig eru hins vegar skráðir kynferðisbrotamenn út ævina.

Samkvæmt opinberum gögnum var Ragnari vísað út úr Bandaríkjunum árið 2010. Hann er í dag skráður til heimilis í Grafarholti.

Ágúst Magnússon - Danmörk

Fjöldi brotþola (sem vitað er um): 6

Ágúst Magnússon hlaut fimm ára fangelsisdóm árið 2004 fyrir gróf og ítrekuð kynferðisbrot gegn sex ungum drengjum og fyrir að hafa í vörslu sinni myndbandsþólur, DVD-mynddiska, ljósmyndir og hreyfimyndaskrár sem sýna börn á kynferðislegan og klámfenginn hátt. Dómurinn er einn sá þyngsti sem fallið hefur í slíku máli hér á landi.

Í skýrslu sálfræðings kom fram að Ágúst „væri haldinn alvarlegri barnagirnd og með þráláta kynóra, og réði ekki við þessar kenndir sínar.“ Það væri því hætt á að hann myndi endurtaka brot sín. Ríkissaksóknari fór á sínum tíma fram á að Ágúst yrði beittur öryggisráðstöfunum að refsivíst lokinni og vistaður á stofnun, en dómari féllst hins vegar ekki þá kröfu.

Veturinn 2006 fékk Ágúst leyfi Fangelsismálastofnunar til að flytja af Litla-Hrauni á áfangaheimilið Vernd, þar sem hann hafði aðgang að tölvu með nettengingu. Á meðan hann dvaldi á Vernd gekk hann í gildru fréttaskýringabáttarins Kompáss þegar hann gerði tilraun til þess að nálgast þrettán ára stúlku í gegnum vefsíðuna einkamál.is. Afhjúpun Kompáss leiddi meðal annars til þess að hætt var að vista á Vernd kynferðisglæpamenn sem hafa brotið gegn börnum.

Ágúst fékk reynslulausn eftir að hafa afplánað þrjú ár af fimm ára dómi en þurfti að tilkynna reglulega um ferðir sínar og var einnig meinað að koma nálægt ákveðnum stöðum þar sem börn voru.

Samkvæmt heimildum DV er Ágúst búsettur í Danmörku í dag. Hann hefur skipt um nafn og heitir í dag Janus T. Bergland Fanneyjarson.

Hlynur Freyr Kristjánsson - Danmörk

Fjöldi brotþola (sem vitað er um): 2

Hlynur Freyr Kristjánsson var árið 2007 dæmdur í tveggja og hálfis árs fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn tveimur stúlkum, fimm og níu ára. Hann var einnig dæmdur fyrir vörslu á grófu barnaklámefti og var fjöldi myndanna yfir 1.000 talsins.

Hlynur lokkaði yngri stúlkuna inn í skúr á leiksvæði í Vogahverfi þar sem hann braut á henni. Hinni stúlkunni sýndi hann klámmynd. Hlynur var einnig ákærður fyrir að hafa sýnt fimm ára stelpu kynfæri hans og fyrir að hafa sýna ungri stelpu klámfengna ljósmynd og áreita hana með því að spyrja hana hvort hún vildi sjá kynfæri hans. Hann var hins vegar sýknaður af þessum tveimur ákæru-liðum. Geðlæknir greindi Hlyn með barnagirnd, en hann var talinn sakhæfur.

Hlynur Freyr er í dag skráður í Þjóðskrá sem Daníel Kristjánsson. Hann er með lögheimili í Danmörku.

Sigurbjörn Sævar Grétarsson - Svíþjóð

Fjöldi brotþola (sem vitað er um): 5

Sigurbjörn Sævar Grétarsson var árið 2004 dæmdur í fjögurra ára fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn fimm drengjum á aldrinum 12–14 ára. Sigurbjörn starfaði sem lögreglumaður á Patreksfirði, auk þess sem hann starfaði í félagsmiðstöð bæjarins. Þá starfaði hann einnig sem gangavörður í grunnskólanum og sinnti meðal annars baðvörslu hjá drengjum.

Brotin áttu sér stað á árunum 2002–2004. Sigurbjörn var ákærður fyrir brot gegn sjö drengjum en aðeins sakfelldur fyrir brot gegn fimm þeirra. Í heildina náddist Sigurbjörn á piltunum í 70 skipti. Árið 2007, rétt áður en hann lauk afplánun á Litla-Hrauni keypti Sigurbjörn íbúð í Vallahverfinu í Hafnarfirði, í sama stigagangi og fjöldi barna sótti dagvistun.

DV greindi frá því á sínum tíma að andrúmsloftið í blokkinni hefði breyst til hins verra eftir að Sigurbjörn flutti inn. Börn væru aldrei ein á göngunum og fólk væri almennt vart um sig.

Sigurbjörn Sævar er í dag skráður með lögheimili í Svíþjóð og býr samkvæmt heimildum DV í Borlänge.

Robert Downey (áður Róbert Árni Hreiðarsson) - Spánn

Fjöldi brotþola (sem vitað er um): 5

Róbert Árni Hreiðarsson lögmaður kallar sig Robert Downey nú í dag. Árið 2008 var hann dæmdur í þriggja ára fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn fjórum stúlkum á aldrinum fjórtán til fimmtán ára. Robert setti sig í samband við stúlkurnar með blekkingum, meðal annars með því að notast við nöfnin „Árni“ og „Robbi“. Þá greiddi hann tveimur þeirra fyrir kynmök. Hann var með nöfn 335 kvenna á skrá hjá sér og við nöfnin hafði hann skrifað aldur þeirra. Hann notaði jafnframt MSN-spjallforritið til að tæla ungar stúlkur undir fölsku flaggi, en hann þóttist vera sautján ára strákur. Robert var einnig dæmdur fyrir vörslu barnakláms, en á heimili hans fundust fimm myndbandsspólur og ríflega hundrað ljósmyndir á tölvu hans sem sýndu börn á kynferðislegan og klámfenginn hátt. Robert hélt áfram brotum sínum eftir að honum var kunnugt um að hann væri grunaður um kynferðisbrot gagnvart einum brotþolanum.

Árið 2017 var greint var frá því að Robert hefði fengið uppreist æru frá innanríkisráðuneytinu og að Hæstiréttur hefði staðfest að svipting réttinda hans til lögmannsstarfa væri felld niður. Í kjölfarið var Robert kærður af sjöttu stúlkunni.

Í október 2017 greindi DV frá því að Robert byggi í glæsilegu einbýlishúsi í La Marina sem er skammt frá Torre Vieja. Fram kom að hann kæmi reglulega á samkomur á sundlaugabær í La Marina, og að samlandar hans teldu sig ekki sjá mikla iðrun hjá honum. Samkvæmt heimildum DV hefur lögreglunni í La Marina verið gert viðvart um Robert og fortíð hans.

Brynjólfur John Gray - Svíþjóð

Fjöldi brotþola (sem vitað er um): 3

Brynjólfur John Gray var árið 2004 dæmdur í þriggja ára fangelsi í Héraðsdómi Suðurlands fyrir kynferðisbrot gegn tveimur dætrum sínum og vinkonu þeirra.

Dætur Brynjólfs eru fæddar árið 1984 og 1988 og vinkona þeirra árið 1989. Brotin áttu sér stað á árunum 1996 og 1997, og 2002 og 2003, á heimili hans og í sumarhúsi móður hans.

Brynjólfur var sakfelldur fyrir að hafa káfað á kynfærum stúlkanna og reynt að hafa við þær samræði. Hæstiréttur taldi hins vegar ekki sannað að hann hefði haft samræði við vinkonu dætra hans og var dómurinn stytur niður í tvö ár og sex mánuði.

Brynjólfur er í dag búsettur í Linköping í Svíþjóð.

Sigurður Adólfsson (Leo Ros Sigurður Kjartansson) - Svíþjóð

Fjöldi brotþola (sem vitað er um): 1

Sigurður Adólfsson var dæmdur í fangelsi í Svíþjóð árið 2012 fyrir að brjóta kynferðislega á dóttur sinni. Brotin stóðu yfir um árabil. Sigurður var dæmdur í eins og hálfis árs fangelsi á lægsta dómstigi, en dómurinn var mildaður í eitt ár hjá áfrýjunardómstól.

Sigurður heitir í dag Leo Ros Sigurður Kjartansson. Hann var seinast skráður til heimilis í smábænum Lamhult í Svíþjóð.



JOE & THE JUICE:

Glæsilegt útibú á Hafnartorgi

Fyrsti Joe & The Juice-staðurinn á Íslandi var opnaður í Kringlunni 2013 og festi sig rækilega í sessi sem einn vinsælasti morgun- og hádegisverðarstaður Reykvíkinga. Vörumerkið Joe & The Juice er danskt að uppruna en það má finna staði úti um allan heim, í fjórum af sjö heimsálfum. Staðurinn er frægastur fyrir ferska, meinholla og bragðgóða safa en býður einnig upp á girnilegar samlokur og unaðslegt kaffi.

Gæði, bragð og ferskleiki

„Vörumerkið Joe & The Juice er einstakt á svo marga vegu. Fyrst og fremst er varan náttúrulega alveg geggjuð. Einföld, næringarrik, fersk og lítið sem ekkert unnin. Samlokurnar og djúsarnir gerðir einungis sekúndum eftir að kúnninn leggur inn pöntun og lífrænt dökkristað kaffið sömuleiðis sérbruggað fyrir hvern viðskiptavin.“ Joe & The Juice gerir ætíð út á einstakan starfsanda, en þar liggja töfrar staðarins. „Starfsfólkið, andinn og stemmingin er það sem gerir vörumerkið að því sem það er í dag. Sem aftur gerir það að verkum að Joe & The Juice skarar fram úr,“ segir Rúnar Kristmannsson, markaðsstjóri Joe & The Juice á Íslandi.

Joe & The Juice á Hafnartorgi.

Glænýtt og glæsilegt útibú á Hafnartorgi

Nýlega var nýtt og glæsilegt útibú Joe & The Juice opnað í miðbæ Reykjavíkur, fyrir neðan læk. „Við opnuðum nýjustu perluna okkar á Hafnartorgi í lok júlí. Það er einstaklega fallegur og flottur staður með glænýrri hönnun og opnum sætasal. Við erum mjög montnir af staðnum enda er hann gullfallegur og passar fullkomlega í skandinavíska stílinn sem er á þessu svæði!“

Glæsileg hönnun

Staðir Joe & The Juice hafa vakið verðskuldaða athygli fyrir afar fallega og skemmtilega hönnun. „Staðirnir eru virkilega flottir og skemmtilegir með nútímalegri hönnun og notalegu andrúmslofti. Við höfum fengið til liðs við okkur marga rómaða innanhúss- og húsgagnahönnuði. Þar má helst nefna Gubi, &Tradition og Norr11.“

Við elskum fjölmeninguna

Neðst við Laugavegin er að finna eitt af vinsælustu útibúum Joe & The Juice á Íslandi. „Það er frábært

að vera með stað við Laugavegin en miðbærinn íðar af lífi þessa dagana. Kaffihúsastemmingin á Joe & The Juice heillar miðbæjargesti mjög enda bjóðum við upp á fljótlegan og hollan skyndibita auk þess að vera með grænmetis og vegan valkosti. Við eigum mikið af fastakúnum á Laugarveginum og sömuleiðis myndar alþjóðlegt umhverfið alveg einstakt andrúmsloft sem við elskum að eiga þátt í á Joe & The Juice.

Í dag er að finna nítján ferska safa og sex sjeika á matseðlinum sem

eru hver öðrum betri. Í gegnum tíðina hafa djúsar komið og farið af matseðlinum og eiga margir fastakúnnar sér uppáhaldssafa sem er horfinn af seðlinum. Að sjálfstöðu gerum við þó þessa djúsa og sjeika enn fyrir fólk ef við eigum innihaldsefnin. Þá setjum við saman „signature“ safa og sjeika samkvæmt óskum viðskiptavinarins. Í nýjustu herferðinni okkar, „Okkar Pikk“, höfum við svo valið nokkrar vörur sem ekki eru á matseðli heldur koma frá starfsfólkinu okkar. Við mælum mjög með því að fólk prófi þær vörur því hér er um að ræða virkilega bragðgóðar nýjungar sem koma skemmtilega á óvart!“

Sivinsælir safar og sjeikar

„Það er svakalega mismunandi eftir aldurshópum og straumum og stefnum þjóðfélagsins hvað er vinsælast hverju sinni. Power Shake á gríðarlega sterkan aðdáendahóp sérstaklega á meðal yngri kynslóðarinnar! Avocado-djúsarnir okkar, eins og t.d. Fibre Active, hafa líka verið mjög vinsælir frá fyrsta degi. Við höfum svo fengið að heyra að rauðrófu-djúsarnir okkar, þá sérstaklega Heart-beet, séu í uppáhaldi hjá mjög mörgum.“

Nánari upplýsingar má nálgast á vefsíðunni

joeandthejuice.is

Hafnartorgi, Keflavíkurflugvelli, Kringlunni, Smáralind, Laugavegi 10, Lágmúla 7 og Laugum Spa.

Vefpóstur: info@joeandthejuice.is

Fylgstu með á Facebook: Joe & The Juice

Instagram: Joeandthejuiceiceland



Djúpfölsun í röngum höndum

■ Svokölluð djúpfölsunartækni orðin afar þróuð í Kína
■ Almennigur notar tæknina til að búa til hefndarklám

Lilja Katrín Gunnarsdóttir
lilja@dv.is

Umfjöllun um kínverska smáforritið Zao hefur verið fyrirferðarmikil í heimspressunni síðan forritið varð aðgengilegt í smáforritaveitum í Kína í lok ágústmánaðar. Fyrstu helgina sem smáforritið var aðgengilegt sló það í gegn og rauk beint í fyrsta sæti á topplistum yfir smáforrit í Kína. Forritið er hins vegar eingöngu aðgengilegt þeim sem eru með kínverskt símanúmer.

Forritið var hannað af fyrirtækinu MoMo, samfélagsmiðlafyrirtæki sem rekur kínversku stefnumótasiðuna Tantan. Forritið gengur út á að notendur geta límt andlit sitt ofan á andlit leikara eins og Leonardo DiCaprio og Kit Harrington úr Game of Thrones og búið til myndbönd, myndir og GIF-hreyfimyndir sem líta raunverulega út. Það er nákvæmlega það, hve einfalt það er að eiga við myndirnar og myndskleidin, falsa þau og blekkja augað, sem veldur fólki áhyggjum.

Munið þið eftir FaceApp?

Zao er einn armur af svokallaðri djúpfölsunartækni (e. deep fake technology) sem verður aðgengilegri með hverju árinu. Þá hlutu skilmálar Zao talsverða gagnrýni þar sem í þeim stóð að smáforritið hefði allan rétt á að nota myndir notenda í hvað sem er. Í kjölfarið var Zao bannað á WeChat, vinsælu samskiptaforriti í Kína, og forsvarsmenn Zao neyddust til að breyta skilmálum sínum til að lægja öldurnar. Þetta bakslag minnti vissulega á það þegar FaceApp-smáforritið fór eins og eldur í sinu um internetið fyrr á árinu, en það smáforrit leyfði notendum að sjá hvernig þeir myndu eldast. FaceApp steig hratt upp á vinsældalistum hjá Google Play og App Store en í skilmálum smáforritsins, sem



er í eigu rússneska fyrirtækisins Wireless Labs, kemur fram að eigendur FaceApp megji nota myndir og nöfn notenda, og ráðstafa þeim upplýsingum að vild, um ókomna tíð. Einnig safnar FaceApp upplýsingum um staðsetningu notenda og upplýsingum úr vöfrum þeirra.


Óljóst er hvort Zao verði aðgengilegt á hinum vestræna markaði, en margir muna eftir kínverska smáforritinu Miotu sem fór á flug árið 2017. Með því var hægt að fegra myndir, en skilmálar þess voru harðlega gagnrýndir þar sem smáforritið fór fram á persónuupplýsingar eins og símanúmer og GPS-staðsetningu. Kínversk yfirvöld hafa notað andlitsgreiningu í sinni löggæslu um nokkurt skeið og veldur þessi þróun talsverðum áhyggjum íbúa landsins. Er þeir orðnir talsvert meðvitaðri um að lesa skilmála smáforrita og gefa ekki upp persónuupplýsingar að óþörfu.

Nýtt fyrirbæri

En þessi smáforrit eru aðeins hluti af stærri ógn er varðar djúpfölsunir. Fyrirbærið sem slíkt er frekar nýtt af nálinni en fyrst varð vart við djúpfölsunir í lok árs 2017

þegar Reddit-notandinn „deepfakes“ byrjaði að búa til djúpfölsunarmyndbönd þar sem þekkt andlit voru límd á líkama í klámmyndböndum. Heilt samfélag á Reddit, r/deepfakes, var stofnað og grasseruðu djúpfölsunarmyndbönd þar allt þar til samfélaginu var lokað í febrúar árið 2018 fyrir að deila klámi. Þá hafa djúpfölsunarmyndbönd einnig verið bönnuð á samfélagsmiðlinum Twitter og klámsíðunni Pornhub. Algengt er að myndbönd af þessu tagi séu notuð til að búa til einmitt klám eða hefndarklám. Þá hafa slík myndbönd einnig verið notuð í kosningabaráttu til að fella andstæðinga.

Hao Li, frumkvöðull í djúpfölsun og prófessor við háskólann í Suður-Kaliforníu, var í viðtali nýverið hjá CNBC þar sem hann opinberaði ansi dökka framtíðarsýn. Í viðtalinu sagði hann að djúpfölsunarmyndbönd sem erfitt væri að greina frá raunveruleikanum yrðu aðgengileg almennigum innan árs. Áður en smáforritið Zao kom á markað sagði Li að það væru tvö ár í að slík myndbandagerð yrði í færi almennings, en eftir að hafa séð hve raunverulegt efni Zao framleiðir þá þurfti



hann að breyta þeirri spá sinni.

„Bráðum komum við að þeim tímapunkti þar sem það er ekki möguleiki að bera kennsl á djúpfölsun þannig að við þurfum að leita annarra lausna,“ sagði Li og bætti við að þess vegna væru rannsóknir á djúpfölsun afar mikilvægar. Li sagði enn fremur að það fælust mörg tækifæri í djúpfölsunarlausnum og að þær gætu nýst í tísku- og skemmtanaiðnaðinum til að mynda. Þessi tækni þyrfti þá mestmegnis að vera í höndum sérfræðinga – ekki almúgans.

„Stóra spurningin er hvernig við getum borið kennsl á myndbönd þar sem tilgangur er að búa til eitthvað til að blekkja fólk og skaða það,“ sagði hann.

Gæti ýtt undir falsfréttir

Tom Van de Weghe, rannsóknar-

blaðamaður hjá VRT, hefur einnig talsverðar áhyggjur af þróun djúpfölsunar og hefur rannsakað þetta fyrirbæri við Stanford-háskóla. Hann telur djúpfölsun geta orðið mikilvægt vopn kínverskra yfirvalda til að draga úr trúverðuleika blaðamanna og afskrifa gagnrýni á kínverskt samfélag sem falsfréttir. Það gætu í raun leiðtogar fleiri ríkja gert og gæti djúpfölsun ýtt undir falsfréttir á sama tíma og hún gæti haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir almennig.

„Það er ekki stórlöxunum, stjórnmalámönnum og fræga fólkinu sem er hvað mest ógnað,“ sagði hann í viðtali við Fast Company á dögumum. „Það er venjulega fólkinu – fólki eins og þér og mér og jaðarsettum hópum, sem gætu orðið, og hafa nú þegar orðið, fórnarlömb djúpfölsana.“ ■



MoReq2

Hagkvæmar lausnir
með áherslu á rekjanleika,
auðveldan aðgang og gagnsæi.



OneSystems bjóða heildarlausn
í skjalamálum fyrirtækja og sveitarfélaga
og þjónustu við viðskiptavinum og íbúa þeirra

1 SYSTEMS
one®
www.one.is

OneSystems - sími: 660 8551 | fax: 588 1057 | www.one.is | one@one.is

JÓLA- OG VILLIBRÁÐAHLAÐBORÐ

27. september 2019

Ábyrgðarmaður: Kolbrún Dröfn Ragnarsdóttir / kolla@dv.is Umsjón: Jóhanna María Einarsdóttir / johanna@dv.is



KOLABRAUTIN:

Eitt glæsilegasta jólahlaðborð landsins með gullfallett útsýni

Jólahlaðborðið hjá Kolabrautinni verður sífellt vinsælla með hverju árinu sem líður. „Á hverju ári höfum við verið að bæta hlaðborðið og lagt síaukinn metnað í að allir fái matarupplifun við sitt hæfi. Árið í ár verður engin undantekning,“ segja Guðni Hrafn Grétarsson og Laufar Sigurður Ómarsson hjá Kolabrautinni.

Gómsætur jólamatur

„Grafinn lax, tvíreykt sauðarlæri, jóla-sashimi, purusteik og svo margt fleira. Einnig verður úrval af réttum fyrir grænkeru svo sem

hnetusteik, saltbökuð rauðrófa, falafel-bollur og fleira.“ Þessi girnilega upptalning er bara toppurinn á isjakanum og er víst að borðið hjá Kolabrautinni verður hlaðið ýmsum lystisemdum sem gaman er að smakka í aðdraganda jólanna.

Jólahlaðborð og villibráðarhlaðborð

Jólahlaðborðið byrjar þann 14. nóvember og lýkur þann 23. desember. „Einnig verðum við með glæsilegt villibráðarhlaðborð fyrstu tvær helgarnar í nóvember. Það er um að gera að bóka

sem fyrst þar sem nú þegar eru nokkrir dagar orðnir fullbókaðir í hlaðborðin hjá okkur.“

Gullfallett útsýni

Kolabrautin er staðsett á efstu hæð í tónlistarhúsinu Hörpu og er þar af leiðandi með eitt besta útsýnið í bænum. „Staðurinn hentar sérlega vel fyrir stóra sem smáa hópa. Einnig hefur það færst í aukana hjá okkur að vera með móttöku fyrir hópa og fyrirtæki fyrir framan barinn hjá okkur á fjórðu hæðinni, þar sem boðið er upp á skemmtilegan og fjölbreyttan jólapinnamat fyrir jólaviðburði.“

Fjöldi skemmtilegra viðburða er í boði í Hörpu svo sem símfóniutónleikar, ópera og jólatónleikar. „Við munum að sjálfsögðu vera með tilboð fyrir tónleika- og viðburðargesti Hörpunnar sem ætla að gera sér glaðan dag í Hörpu um jólin.“

Borðapantanir fara í gegnum vefsíðu Kolabrautarinnar: kolabrautin.is, í síma 519-9700 eða í vefpósti: info@kolabrautin.is Kolabrautin er staðsett á 4. hæð í Hörpu, Austurbakka 2, 101 Reykjavík.



Notaleg jólastund á Reykjavík Meat

Reykjavík Meat er einstakt steikhús í hjarta Reykjavíkur og fagnaði eins árs afmæli 6. september síðastliðinn. Kokkarnir sérhæfa sig í sérvöldum gæðasteikum sem eru grillaðar á viðargrillinu á staðnum. „Þetta gefur kjötinu þetta extra bragð sem fólk sækist eftir þegar það langar í virkilega góða steik. Við erum einnig með úrval af fisk- og veganréttum, frábæra forrétti og gómsæta eftirrætti til að enda kvöldið. Reykjavík Meat er með eitthvað fyrir alla,“ segir Hanna Kristín Eyjólfsdóttir, einn af eigendum staðarins.

Reykjavík Meat hefur hlotið verðskuldaða athygli fyrir fallega

og hönnun og einstaklega notalegt andrúmsloft. „Við viljum að fólk líði vel þegar það kemur inn til okkar. Ljósín höfum við frekar dempuð sem skapar munúðarfulla og notalega stemningu. Staðurinn er einnig settur upp þannig að það sé ekki of mikill hávaði og fólk geti notið þess að tala saman og notið kvöldsins.“

Við leggjum líka mikla áherslu á þjónustuna á staðnum og höfum fengið til liðs við okkur frábæra þjóna sem ráðleggja gestum okkar þegar kemur að því að velja af matsæðlinum. Einnig eru þeir fróðir um vinið okkar og hjálpa gestum að sérvelja vín úr vínherberginu okkar sem passar sérstaklega fyrir gestinn og það sem hann er að fara að borða.“

Jólin á Reykjavík Meat

Frá og með 21. nóvember er um að gera að skella sér í girnilegan jólamatseðil hjá Reykjavík Meat. „Við verðum með fimm rétta jólaseðil sem kemur á borðið „family style“. Maturinn kemur þá á borð matargesta sem deila honum. Jólaseðillinn var með svipuðu móti í fyrra. Fólk tók svakalega vel í þetta og vildum við því halda í þetta form áfram í ár.“

Það minnir svo ótal margt á jólin Á boðstólum er mikið um girnilega rétti sem minna óneitanlega á jólin. „Við verðum með tvíreykt hangilæri, heitreyktan lax og hreyndýr. Í aðalrétt verður svínasíða og



nautalund með gómsætu meðlæti. Svo endar máltíðin á ris á l'amande í desert og smákökum með kaffinu til að kalla inn jólin endanlega.

Við bjóðum upp á flotta vínþörun með jólamatseðlinum. Þá þörum við sérvalið vín úr vínherberginu okkar, sem við köllum hjarta staðarins. Einnig verða nokkrir vel valdir jólakokteilar sem og ilmandi og hlýtt jólaglögg.“

Borðapantanir eru í síma 557-7665 og á netfanginu rvkmeat@rvkmeat.is. Sjá nánar á Facebooksíðunni: [RVK Meat](https://www.facebook.com/rvkmeat) og vefsíðunni rvkmeat.is.



Borðið hjá Mathúsi Garðabæjar verður hlaðið girnilegum og gómsætum mat með hátíðlegu ívafi

Mathús Garðabæjar hefur verið starfandi í þrjú farsæl ár. „Það er óhætt að segja að við eigum stóran og góðan kunnahóp sem virðist fara stækkandi með hverju árinu sem líður. Það sem dregur gesti að er fyrirtaks þjónusta og góður matur, matreiddur úr fyrsta flokks hráefni og á sanngjörnu verði. Matseðillinn er fjölbreyttur og ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Ekki skemmir svo fyrir gott aðgengi og frábær aðstaða fyrir börnin. Þá er staðurinn afar vel heppnaður hvað varðar hönnun og útlit,“ segir Garðar Guðbrandsson hjá Mathúsi Garðabæjar.

Hlaðborð af gómsætum réttum
Jólahlaðborðið hjá Mathúsi Garðabæjar verður með hefðbundnu sniði þar sem kaldir og heitir réttir verða í boði í hlaðborðinu, en forréttur og eftirréttur er borinn fram á diskum fyrir hvern og einn matargest. „Í boði verður hvort tveggja eitthvað sem Íslendingar tengja sterkt við jólahátíðina, og réttir sem er einfaldlega gaman að bjóða upp á, án tillits til árstíðar. Þá verða til dæmis á boðstólum soja-marineraðar nautalundir og andasalat með asisku „tvisti“. Jólahlaðborðið stendur til boða á kvöldin og Jólabrunchinn verður í

hádeginu frá kvöldinu 14. nóvember fram á Þorláksmessu.“

Mál að skrá sig

„Stemningin er svo það sem setur punktinn yfir i-ið. Í ár ætlum við að hafa nettan djass-fíling í bland við landsþekktu tónlistarmenn, sem verða kynntir síðar. Endilega fylgist vel með á Facebook-síðunni okkar: Mathús Garðabæjar til að sjá hvað verður um að vera. Það er um að gera að bóka sig sem fyrst á jólahlaðborðin hjá okkur, enda eru hópar byrjaðir að bóka sig á kvöldin og sömuleiðis eru bókanir farnar að hrannast inn í Jólabrunchinn.“



**Nánari upplýsingar um Mathús Garðabæjar má nálgast á vefsíðunni mathus210.com
Instagram: [Mathús210](https://www.instagram.com/mathus210)
Sími: 571-3775
Vefpóstur: mathus@mathus.is
Garðar Guðbrandsson, yfirkokkur hjá Mathúsi Garð abæjar.**

2015
BRYGGJAN BRUGGHÚS
bistro & brewery

REYKJAVÍK
* * *

Fyrirtæki og hópar

Jólin á Bryggjunni Brugghús
Jólaseðill - Jólahaðborð - Lifandi Jólatónlist
Jólaplattinn í hádeginu.
Frá og með 21 Nóvember til Jóla
hópaþókanir: booking@bryggjanbrugghus.is



Jólin 2019

Við óskum ykkur gleðilegra Jóla

Forréttir

Fagnaðarerindis grafinn lax, sinnepssósa
IPA síld með bláberjum, rúgrbauðsmulningur
Tvíreykt lamb, piparrótarsósa
Bryggju rækjukokteill

Vegan platti

Five spice blómkál, döðlumauk og vegan rjómaostur
Sveppa paté, sýrður laukur og rúgbrauðs crumble
Jólasalat, epli, mangó, sykrudar valhnetur og hindberja vinagrette
Vegan taco, hummus og sætur laukur

Aðalréttur

Léttreykt lambakóróna, döðlumauk, smælki,
beikon, sýrður perlulaukur og sveppasósa

Vegan aðalréttur

Hnetusteik, smælki, döðlumauk, portobellosveppur,
sýrður perlulaukur og kremuð sveppasósa

Eftirréttir

Jólabjórís, kanillkaka, rjómaostakrem,
gulrætur og rúsínur í rommi

7.990 kr



Jólin 2019

Við óskum ykkur gleðilegra Jóla

Hlaðborð

Kalt

Reyktur Lax piparrótarsósa
Bjórgraffinn Lax sinnepssósa
Tvíreykt Lamb piparrótarsósa
Heitreykt Gæs geitaostur, epli og
sykraðar hnetur
og hindberjavinagrette
Nauta Carpaccio parmesan, stökkur kapers
og klettasalat
Bryggju Rækjukokteill
Reyktar rækjur
Sinnepssíld
Marineruð Síld
Ipa bláberja síld
Sveppa pate
Five spice Blómkál með
döðlumauki

Heitt

Rauðspetta í raspi
Heit lifrakæfa með beikoni
og sveppum
Hnetusteik
Kalkúnabringa
Pannusteik
Lamb wellington

Meðlæti

Waldorfsalat
Ferskt Salat
Sykurbrúnaðar kartöflur
Kartöflugratin
Gulrætur og rósakál

Sósur

Vegan rjóma sveppasósa
Demi glaze
Bernaise bernaise

Eftirréttir

Skyr brullée
Ostabakki hunang, hindberjasulta
og piparkökur
Jólabjórís með súkkulaðiganas
Ris ala mande með kirsuberjasósa
Vegan gulrótarkaka

9.990 kr



www.bryggjanbrugghus.is



www.bryggjanbrugghus.is





SUMAC:

Krydduð jólastemning

Sumac er notalegur veitingastaður sem býður upp á skemmtilegan mat sem er kryddaður með kryddum frá Norður-Afríku. Staðurinn býður upp á marga skemmtilega rétti sem tilvaldir eru fyrir vinahópa til að deila.

Innblástur frá Afríku

Sumac heitir eftir djúprauðum villiberjum sem vaxa víða í Mið-Austurlöndum og við Miðjarðarhaf. Matseldin á Sumac er innblásin af seiðandi stemningu frá Beirút í Líbanon og tælandi áhrifum frá Marokkó. Á staðnum er ferskt hráefni úr íslenskri náttúru, matreitt undir áhrifum Mið-Austurlanda og á matseðlinum eru eldgrillaðir réttir með framandi kryddi.

Á barnum er Miðjarðarhafsstemning og í boði eru ferskir, fjölbreyttir og freistandi kokteilar. Á vínseðlinum blandast

saman innblástur frá Evrópu, Marokkó og Líbanon.

Kryddaðu upp á jólin

Sumac er kjörinn staður til að borða skemmtilegan jólamat með kryddum frá Norður-Afríku og fá í leiðinni smá Miðjarðarhafshita í sálina. Í ár verða margir nýir og skemmtilegir réttir í boði, en þar má nefna meðal annars hægeldað lamb kryddað með kryddum frá Norður-Afríku, sem og margt annað gómsætt og gírnilegt.

Sumac hefur verið mjög vinsæll frá því hann var opnaður, bæði meðal Íslendinga og ferðamanna, og einn þeirra er kokkurinn og sjónvarpsstjarnan Gordon Ramsay sem lofaði staðinn í hástert, þegar hann borðaði þar í júlí síðastliðinn. Deildi hann mynd frá staðnum á Instagram, en þar er hann með 4,6 milljónir fylgjenda.



Borðapantanir eru á heimasíðunni sumac.is og í síma 537-9900. Einnig er kjörið að gefa

gjafakort frá Sumac, en þau er hægt að kaupa á sumac.is eða á staðnum, að Laugavegi 28.



Krydduð jóla og rífandi stemning á KRYDD Veitingahúsi

KRYDD Veitingahús er einn nafntogaðasti veitingastaður í Hafnarfirði og ekki að ástæðulausu. „Hugmyndin að staðnum er spröttin upp úr orðaleiknum „fun dining“ í stað „fine dining“. Maturinn er samt sem áður auðvitað „fine dining“ en þetta ekki bara veitingastaður, heldur upplifa gestir skemmtilega kvöldstund ásamt því að snæða gómsætan mat,“ segir Hilmar Þór Harðarson, einn af eigendum staðarins.

Jólin á KRYDD

Jólamatseðillinn á KRYDD er vægast sagt girnilegur í ár. „Jólin byrja hjá okkur fimmtudaginn 14. nóvember og standa til 14. desember. Við erum strax byrjuð að taka niður pantanir, en jólamatseðillinn verður í boði á fimmtudögum, föstudögum og laugardögum. Við höfum ákveðið að vera ekki með hefðbundið jólahlaðborð heldur hafa formið svipað og í fyrra, enda sló þetta rækilega í gegn hjá okkur þá. Jólamatseðillinn í ár er tólf rétta og er hver réttur gómsætari en sá á undan. Þetta byrjar allt á sex litlum forréttum sem hver og einn fær á borðið fyrir framan sig.

Á listanum er confitkalkúnn,

andabringa, grafið hreindýr og margt fleira sem kemur bragðlaukunum í rétta stuðið fyrir næsta þátt. Þá er val á milli tveggja aðalréttu, annaðhvort saltfiskur með sultuðum lauk, ólífum og öðru ljúffengu meðlæti eða nautalund með gráfikjum og framandi sveppum. Í lokin eru bornir fram fimm syndsamlegir og gómsætir eftirréttir fyrir hvern og einn, sem hitta mann bent í jólahjartað. Stemningin sem myndast við hvert borð er ótrúlega skemmtileg þar sem allir borða sama matinn og geta talað saman um hann, þælt í bragði og fleira. Okkur finnst þetta form sniðugra en hefðbundið hlaðborð. Hér úir og grúir ekki á sama disknum finlegir forréttir, löðrandi sósur, aðalréttir, eplasalat, laxapaté og fleira sem passar engan veginn saman.“

Jólakokteilar

Hjá KRYDD Veitingahúsi starfa svo einhverjir bestu barþjónar landsins. „Barþjónarnir hafa varið löngum stundum í að setja saman vínþörun með jólamatseðlinum þar sem hvert vín passar sérstaklega vel með matnum sem er á borðinu. Einnig verðum við með sérhannaða

jólakokteila sem barþjónarnir okkar töfra fram með hátíðlegu ívafi.“

Jólakvöldverðartónar

Jólastemningin verður svo ekki fullkomnuð nema með skemmtiatriði í hæsta gæðaflokki. „Hún Guðrún Árný, sem hefur séð um hin sívinsælu „sing along“-kvöld hjá okkur, verður með okkur á föstudögum og laugardögum og skemmtir matargestum með þægilegum jólakvöldverðartónum. Þegar síga fer á kvöldið setur hún svo í fjörgirinn sem kemur öllum matargestum í rétta skapið.

Eins og áður sagði erum við byrjuð að taka niður pantanir fyrir jólamatseðilinn og er ekki seinna vænna að panta sem fyrst áður en jólakvöldin verða öll uppöntuð.“

Jólaseðillinn er í boði frá fimmtudeginum 14. nóv–14. des. Guðrún Árný syngur og leikur á píanó á föstudögum og laugardögum, eftirfarandi daga:

helgina 15. og 16. nóv.
helgina 22. og 23. nóv.
helgina 28. og 29. nóv.
helgina 06. og 07. des.
helgina 13. og 14. des.

Pantaðu borð á vefsíðunni kryddveitingahus.is, í síma 558-2222 eða í gegnum krydd@kryddveitingahus.is.
KRYDD Veitingahús er staðsett að Strandgötu 34, Hafnarfirði. Nánari upplýsingar má nálgast á kryddveitingahus.is
Facebook: KRYDD Veitingahús
Instagram: kryddveitingahus



Myndir: Gunnar Rafn Heiðarsson.



Jólamatseðill Kol og sívinsæl villibráðarsúpa

Veitingastaðurinn Kol opnaði dyr sínar fyrir sex árum síðan. „Frá árinu 2014 höfum við boðið gestum okkar upp á jólamatseðil og í ár verður hann með svipuðu sniði og undanfarin ár. Villibráðarsúpan okkar vinsæla verður að sjálfsögðu á bodstólum og svo fylgja í kjölfarið gómsætir réttir með hæfilegu jólaívaði,“ segir Gunnar Rafn Heiðarsson, einn eigenda Kol Restaurant. Aðrir eigendur eru Óli Már Ólason, Andri Björn Björnsson og Sævar Lárusson.

Kol minnir á jólin

Jólin á Kol byrja hátíðlega þann 21. nóvember og standa fram til 23. desember. „Við pössum okkur á að vera ekkert að jóla yfir okkur eða gesti okkar. Staðurinn er smekklega skreyttur í anda jólanna og nokkurn veginn fimmta hvert lag á spilunarlistanum er jólagag. Það er vel hægt að finna fyrir jólaandanum á Kol en við virðum líka þá sem eru með smá ofnæmi fyrir jólunum. Hingað eru allir velkomnir. Maturinn minnir sömuleiðis á jólin án

þess að vera nákvæmlega það sem fólk er sjálft með í matinn á jölunum. Hugmyndafræðin á bak við matseðilinn er þá að blanda saman einfaldlega góðum hráefnum við hluti og bragð sem fólk tengir við jólin. Þannig náum við að setja okkar „tvist“ á jólin. Samhliða jólamatseðlinum er svo hægt að panta af hefðbundna matseðlinum.“ Þann 21. nóvember lendar jólakokteill Kol á barborðinu með pomp og prakt. „Við erum alltaf með einn til tvo jólakokteila í boði sem og heitan jóladrykk sem er okkar eigin útúrsmúningur á jólaglöggi.“

Villibráðarsúpa sem slær árlega í gegn

„Við byrjum að vanda á villibráðarsúpunni okkar viðfrægu, en súpan er það vinsæl að margir hafa forvitnast um hvort hægt sé að kaupa af okkur pott af súpunni fyrir jólaboð. Það er sjaldgæft að við höfum mikinn aukatíma í að skella í aukapotta af súpu en við látum uppskriftina fúslega af hendi til

þeirra sem vilja búa hana til sjálfir.“

Næst á eftir villibráðarsúpunni er jólaplattinn borinn fram. „Þetta er stór forréttaplatti með ýmsu góðgæti úr sjó og lofti og af landi. Þá erum við með grafna rjúpu og tvíreyktan hangikjötstartar ásamt ýmsu gómsætu fiskmeti. Þá er graf laxtartar með sýrdum lauk og sinnepssósu, grillaðar tigrisrækjur, laxaceviche, kolaður túnfiskur og íslensk bláskel.

Í aðalrétt berum við fram hreindýrafillet og andarconfit með sætkartöflu- og svarthvítlauksmaki, steiktum sveppum og möndlum, rósmarín-kartöflumús og rósmarín-velutésósu. Fyrir þá sem vilja frekar fara í fiskinn er hægt að velja laxinn okkar í aðalrétt.“

Dýrindis piparkökuostakaka með rauðeplasorbet, möndlum og tilheyrandi slær svo botninn í þennan gignilega jólamatseðli hjá Kol.

Jólin í hádeginu

Jólamatseðillinn á Kol er í boði öll kvöld fram að 23. desember, en í hádeginu er seðillinn með örlítið

breyttri áherslu. „Við byrjum að sjálfsögðu á villibráðarsúpunni. Næst kemur léttur forréttur sem samanstendur af tvíreyktum hangikjötstartar og graf laxi. Í aðalrétt er ljúffeng purusteik og svo er piparkökuostakakan í eftirrétt. Jólahádeginn hjá Kol eru afar eftirsótt hjá smærri fyrirtækjahópum sem og vinahópum sem langar að hittast aðeins fyrir jólin.“

Kol er opið alla daga fram til 23. desember. Lokað er 24. og 25. desember en staðurinn opnaður aftur 26. desember. „Þá berum við aftur fram hefðbundna seðilinn. Fólk er nú þegar byrjað að bóka jólamatseðilinn hjá okkur, af þeim pöntuðu þónokkrir í desember í fyrri.“

Kol er staðsettur að Skólavörðustíg 40, 101 Reykjavík
Bókaðu borð á vefsíðu staðarins, kolrestaurant.is
Fylgstu með á Facebook: Kol Restaurant
Twitter: @kolrestaurant
Sími: 517-7474.
Vefpóstur: info@kolrestaurant.is



ELDHESTAR:

Jólahlaðborð í sveitakyrrð

Sveitahótelid Eldhestar er staðsett á fögrum stað að Völlum í Ölfusi, í um 45 mínútna akstursfjarlægð frá Reykjavík. Þar er hægt að njóta gistingar í hlýlegu herbergi með fallegu útsýni, fara á hestbak og snæða krásir á jólahlaðborði. „Þetta er jólahlaðborð í sveitinni, við leggjum mikið upp úr kyrrðinni og að gestir okkar eigi notalega stund saman. Þetta hentar afskaplega vel fyrir smærri hópa, lítil fyrirtæki eða vinahópa,” segir Hróðmar Bjarnason framkvæmdastjóri Eldhesta.

Jólahlaðborðið verður í boði síðustu tvær helgarnar í nóvember og fyrstu helgina í desember. Hægt er að kaupa jólahlaðborðið eitt og sér en flestir kjósa að gista líka og gera dálítið meira úr dvölinni en bara borðhaldið. „Það eru finar gönguleiðir hér í kring og þar sem við erum á flatlendi er fallegt útsýni í allar áttir. Staðsetning hótelsins er einnig góð til að upplifa norðurljósin ef þau láta sjá sig. Dyr liggja frá herbergjum út í garð, það eru tveir heitir pottar á staðnum og svo eru margar áhugaverðar hestaferðir í

boði. Það er því tilvalið að koma um miðjan dag, fara á hestbak, fara síðan í heita pottinn og því næst klæða sig upp í rólegheitum fyrir hlaðborðið,” segir Hróðmar.

Matseðillinn fyrir jólahlaðborðið er klár og meðal kaldra rétta verður reyktur og grafinn lax, sildartríó, hangikjöt og sjávarréttasalat. Heitir réttir eru hamborgarhryggur, heilsteikt lambalæri, grisapurusteik og kalkúnabringa. Einnig er úrval af brauði, heitar og kaldar sósur, sykurbúnaðar kartöflur, rósmarínkartöflur, kartöflusalat, heimalagað



rauðkál, máis, grænar baunir, eplasalat og fleira. Í eftirrétt er ávaxtasalat, heimager Tiramisu, bökuð epli með karamellu, jólaostakaka og fleira.

Það borgar sig að panta snemma til að komast á þetta margrómaða jólahlaðborð í notalegu umhverfi. Hægt er að senda fyrirspurn á info@eldhestar.is eða hringja í síma 480-4800. Frekari upplýsingar um Eldhesta eru síðan á vefsíðunni hoteleldhestar.is og um Eldhesta á www.eldhestar.is.

RAFIDNADARBLAÐIÐ

27. september 2019

Ábyrgðarmaður: Kolbrún Dröfn Ragnarsdóttir / kolla@dv.is Umsjón: Jóhanna María Einarsdóttir / johanna@dv.is





Tengdu þig við 100% græna orku með Bílahleðslunni

Við höfðum verið fengnir í verkefni við uppsetningu hleðslustöðva fyrir rafbíla og tvinnbíla áður en við fórum sjálfir að flytja inn hleðslustöðvar. Oft var um að ræða grannar lagnir og afkastalitlar hleðslustöðvar og sjaldan verið að hugsa mikið um framtíðina. Í dag eru rafhlöður rafbíla orðnar töluvert öflugri og með þessum gömlu hleðslustöðvum getur tekið marga sólarhringa að hlaða bílana. Þetta er meginástæða þess að við ákváðum að fara inn á bílahleðslumarkaðinn. Þegar við sáum svo hversu vel EVBox var að leysa vandamál tengd tíðri notkun, álagsdreifingu á hleðslu og umsýslu hleðslukostnaðar var orðið ljóst að þetta væri fyrirtækið sem við vildum tengja okkur við," segir Magnús Jaró Magnússon, framkvæmdastjóri Bílahleðslunnar, sem er systurfyrirtæki Rafvirkni ehf., en það síðarnefnda hefur starfað í 35 ár á rafverktakamarkaði.

Ert þú örugglega að hlaða rafbílinn rétt?

Það er afar mikilvægt að hlaða rafbíla rétt. Mannvirkjastofnun, æðsta vald yfir rafmagnsmálum á Íslandi, gaf nýlega út bækling þar sem tilgreindar eru fjórar mismunandi hleðsluáferðir. Sérstaklega er varað við að stinga bílnum í samband við venjulegan tengil í heimahúsi þar sem sú leið

hentar ekki til hleðslu rafbíla nema í mjög takmarkaðan tíma. „Það hefur jafnvel kviknað í tenglum og húsum í kjölfarið, út frá rangri hleðsluáferð. Eina rétta áferðin við að hlaða rafbíla er að notast við hleðslustöð með fasttengdri raflögn, líkt og það sem við bjóðum upp á," segir Magnús.

Skinandi græn orka

EVBox er leiðandi framleiðandi hleðslustöðva og hleðslustjórnunarhugbúnaðar í heiminum og hafa verið settar upp yfir 75.000 hleðslustöðvar í meira en 55 löndum. Samanlagt hafa hleðslustöðvar þeirra hlaðið 36M kWh á ári, sem jafngildir um 900.000.000 kílómetra akstursvegalengd á rafbil. EVBox kemur því í veg fyrir losun um 18.450 tonna af útblæstri koltvísyrings árlega. EVBox rekur alla starfsemi sína á grænni orku, flokkar allan úrgang og prentar eins lítið og hægt er. Hleðslustöðvarnar eru þar að auki úr polycarbonate og 100% endurvinnanlegar. Innan skamms mun fyrirtækið enn fremur nýta sólarorku í störfum sínum. „Þessi skinandi umhverfisvitund var önnur ástæða þess að við vildum fara í samstarf við EVBox. Einnig erum við nýbúin að gera starfssamning við Orku heimilanna. Þau hafa verið ódýrust á markaðnum og notast enn fremur við 100% græna orku.“

Lausnir fyrir einstaklinga, fjölbýlishús og vinnustaði

Bílahleðslan býður upp á lausnir fyrir einstaklinga, fjölbýlishús, fyrirtæki og stofnanir. EVBox býður upp á allt að 350 kw hleðslustöðvar með fullkominni álagsstýringu, sem tryggir að rafmagnið í húsinu fari ekki yfir það sem er í boði. Hleðslustöðvarnar henta í ýmiss konar aðstæðum; bílakjöllurum, sérmerktum stæðum eða heilum bílaplönnum. „Það á að vera þægilegt og einfalt að hlaða rafbíla heima sem og í vinnunni. Í flestum tilfellum, þegar um er að ræða fjölbýlishús, eru ekki allir íbúar að nota hleðslustöðvarnar. Það eiga ekki allir rafbíla og enn fremur eiga ekki allir bíl. Því væri ósanngjarnt að láta alla borga fyrir hleðslustöðina og rafmagnsnotkunina sem fylgir. Við bjóðum upp á fyrirtaks lausn á þessu vandamáli. Þá komum við á staðinn og í samstarfi við húsfélagið, útbúum við lagnaleiðir í bílakjallaranum eða á planinu, setjum upp töflu og tengjum hana. Þeir íbúar sem nota rafbíla borga sjálfir fyrir lögn að sinu stæði og kaupa hleðslustöð. Þannig er enginn neyddur til að borga fyrir stöð sem hann notar ekki.“

Bílahleðslan býður upp á fjölbreytt úrval af hleðslustöðvum sem henta í mismunandi aðstæðum. „Fyrir fjölbýlishús mælum við með BusinessLine og Elvi. Fyrirnefndi kosturinn hentar vel fyrir bílaplön



fjölbýlishúsa og vinnustaða þar sem eru ómerkt stæði. Allir notendur geta hlaðið rafbíla og opnað stöðvarnar fyrir gesti. Elvi hentar fyrir bílakjallara og plön með merktum stæðum. Þá hefur hver og einn aðgang að sinni hleðslustöð. Bílahleðslan býður einnig upp á PublicLine og DC-hraðhleðslustöð sem henta sérstaklega fyrir fyrirtæki. PublicLine eru útbúnar kortalesara og geta hlaðið tvo bíla á sama tíma. DC-hraðhleðslustöðvarnar geta hlaðið allt að þrjú bíla samtímis. Þær geta hlaðið upp að 125 km á 30 mínútum miðað við 50kw stöð, og upp í 400 km á 15 mínútum með 350kw stöð.“

Nánari upplýsingar má nálgast á vefsíðunni bilahledslan.is Akralind 9, 201 Kópavogur Sími: 519-4488 Fylgstu með á Facebook: Bílahleðslan ehf.



RAFMEINN:

Fyrirmyndarfyrirtæki með fjölbreytt verkefni

Rafmenn ehf. er rötgróið fyrirtæki sem hefur aðsetur á Akureyri. Eftir rúmlega 20 ár í rekstri hefur það rækilega fest sig í sessi, og telur nú um 40 starfsmenn sem sinna ýmsum störfum.

Rafmenn leggja höfuðáherslu á skjóta og góða þjónustu, heiðarleg vinnubrögð, sanngjarnt verð og snryrtimennsku.

Kirkjur, jarðgöng og allt þar á milli Verkefni Rafmanna eru jafnt stór sem smá. Samheldinn hópur karla og kvenna vinnur glaður að hvaða verkefni sem er. Hjúkrunarheimili, íþróttamannvirki, skrifstofuhúsnæði, veitingahús, íbúðabyggingar, menningarhús, virkjanir, kirkjur, skólar og hótél eru allt verkefni sem fyrirtækið hefur unnið að og skilað vel af sér.

Þá hefur fyrirtækið komið að eða séð alfarið um raflagnir í stórum hluta jarðganga á Íslandi til þessa, en það eru Múla-, Almannaskarðs-, Héðinsfjarðar-, Norðfjarðar- og Vaðlaheiðargöng. Meðal annarra stórfamkvæmda sem fyrirtækið hefur komið að eru Kárahnjúkavirkjun, Alcoa Fjarðaál, Þeistareykir, Krafla og Bakki. Þá sinnir fyrirtækið einnig öllum rafstöðvum fyrir Mílu, Neyðarlínuna, Sýn og RÚV um allt land.

Fyrirmyndar fyrirtæki og lof í Hofi

Árið 2012 hlutu Rafmenn viðurkenningu fyrir vinnu sína við Menningarhúsið Hof á Akureyri. Starfsmönnum fyrirtækisins þykir að sögn sérlega vænt um þá viðurkenningu.

Nýverið komust Rafmenn síðan á lista yfir Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri, sem árlega er tekinn saman af Viðskiptablaðinu og Keldunni. Einungis 2,7% fyrirtækja á Íslandi eru fyrirmyndarfyrirtæki samkvæmt skilyrðum listans.

Ekkert verkefni of stórt eða of lítið

Rafmenn taka að sér alhliða þjónustu í heimilis- og fyrirtækjalögnum, öryggis-, síma- og tölvulögnum. Einnig þjónustar fyrirtækið rafbúnað í hinum ýmsu tækjum og tólum fyrir fjöldann allan af

fyrirtækjum. Hvort sem um er að ræða stór verkefni eða smá eru starfsmenn fyrirtækisins tilbúnir að finna leið til að leysa þau.

Frekari upplýsingar má nálgast á heimasíðu fyrirtækisins, rafmenn.is eða í síma 460-6000



Led húsnúmer

Falleg húsnúmer í öllum stærðum og gerðum

• Sérsmíðum númer á öll hús og fjölbýli



- Ledlýsing sem endist og eyðir litlu rafmagni
- Hægt að fá í lituðu áli eða ryðfríu stáli
- Verið velkomin á facebooksíðu okkar: Led húsnúmer

Best er að panta í gegnum facebooksíðuna okkar: ledhúsnúmer

Einnig hægt að hringja í síma 775 6080



Dagbjört Elín Ármannsdóttir, nemi í rafvirkjun, og Helgi Már Valdimarsson rafiðnfræðingur að störfum.

RAFMENNT er máttur

RAFMENNT - fræðslusetur rafiðnaðarins annast verkefni er varða menntamál rafiðnaðarmanna, allt frá upphafi náms til loka meistarskóla, og endurmenntun þeirra sömuleiðis.

RAFMENNT varð til árið 2018 við sameiningu Rafiðnaðarskólans og Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins í því skyni að auka þjónustu við félagsmenn og gera framboð menntunar og fræðslu enn fjölbreyttara og markvissara.

Rafiðnaðarsamband Íslands og **Samtök rafverktaka** eiga og reka **RAFMENNT** í sameiningu.



RAFMENNT
fræðslusetur rafiðnaðarins

Stórhöfða 27 • 110 Reykjavík • rafmennt.is • sími 540 0160



P. PORGRÍMSSON & CO
 Ármúla 29 - 108 Reykjavík - S: 512-3360 - www.korkur.is



Viðhaldsfríar Protektor- þakrennur og laufgildrur sem koma í veg fyrir skemmdir

Protektor-þakrennur eru þýsk hágæðavara og þær beyglast hvorki né ryðga. Þær eru framleiddar úr pvc-plasti og láta ekki á sjá í rýsjóttri, íslenski veðráttu. Þessar viðhaldsfríu þakrennur þola UV-geisla og eru höggþolnar, þær hafa verið þolprófaðar. Rennurnar eru framleiddar samkvæmt DIN-staðli og passa því inn í flest gömul rennustæði.

Þ. Porgrímsson hefur selt Protektor-þakrennur í um tíu ár en þessi vara hefur verið á markaðnum í Þýskalandi í um þrjú áratugi. „Þær líta bara út eins og nýmálaðar hvítar rennur og eru alltaf fallegar að sjá,“ segir Þorgrímur Þór Þorgrímsson hjá Þ. Þorgrímsson.

Protektor-rennurnar eru til sölu í verslun fyrirtækisins að Ármúla 29. Verslunin er opin virka daga frá kl. 8 til 18. Protektor-þakrennur eru á hagstæðu verði og ávallt til á lager.

Laufgildrur koma í veg fyrir skemmdir

„Við erum með sýningarrennu hér á staðnum og því geta viðskiptavinir séð alla fylgihluti. Þar ber hæst laufgildrur sem eru mikið þarfabing. Það er hvítleitt vandamál varðandi þakrennur í dag að þær fyllast af laufi sem fýkur á haustin. Svo liggja laufin í

skjóli rennunnar sem fyllist af þeim, síðan frýs í þessu og skemmdir verða á rennunni, blikkrennur beyglast og plastrennur brotna. En laufgildran liggur á rennunni eins og net yfir henni, þar lendir laufið, það þornar í fyrstu sólarupprás og fýkur síðan burtu. Rennan er því alltaf hrein og fín,“ segir Þorgrímur.

Laufgildrurnar er hægt að kaupa sér fyrir Protektor-rennur en þær er geta mögulega passað á aðrar þakrennur með sama sniði og Protektor-rennurnar. Er gildran þá

einfaldlega klippt til svo hún passi á viðkomandi þakrennu en breidd á rennum er mismunandi.



Sjá nánar á vefsíðunni thco.is. Komdu við í Þ. Þorgrímsson að Ármúla 29, fáðu faglega ráðgjöf og nánari upplýsingar um framúrskarandi Protektor-þakrennur og laufgildrur.



RAFMAGNSVERKSTÆÐI JENS OG RÓBERTS:

Fagmenn á sviði raftækni

Rafmagnsverkstæði Jens og Róberts er fyrirtæki sem leggur ríka áherslu á að veita viðskiptavinum sínum allhliða þjónustu. Hvort sem þú þarft að fara í smá lagfæringar eða meiriháttar breytingar þá eru þeir með lausnina.

Viðtæk þjónusta

Rafmagnsverkstæði Jens og Róberts var upphaflega stofnað árið 1987 af Jens Pétri, en árið 2006 sameinuðu hann og sonur hans, Róbert Einar, krafta sína og stofnuðu þá Rafmagnsverkstæði



Jens og Róberts.

Rafmagnsverkstæði þeirra veitir mikla þjónustu á sviði raftækni. „Við erum í flestu sem tengist rafmagni, allt frá nýbyggingum, þjónustu við fyrirtæki og einstaklinga, brunavarnarkerfi, aðgangskerfi og margt fleira,“ segir Róbert Einar.

Stærsti hluti verkefna þeirra varðar þjónustu við einstaklinga og fyrirtæki, þó svo að inni á milli sé líka vinna við nýbyggingar.

Þeir feðgar hafa viðtæka reynslu á sviði raftækni og veita ráðgjöf í flestu sem spurt er um. Þeir vinna mikið við að að finna lausnir á vandamálum og veita ráðgjöf varðandi breytingar á húsnæði, til dæmis lýsingu, lagnaleiðum og fleira í þeim dúr.

Fá fagmann í verkið

Rafmagnsverkstæði Jens og Róberts leggur mikla áherslu á að tryggja ánægju viðskiptavina með vönduðum vinnubrögðum, trausti og áreiðanleika í viðskiptum. Kostirnir við að láta fagmenn vinna verkið eru ótvíræðir. Oft á tíðum er það ekki alltaf ódýrast til að byrja með, en þegar upp er staðið þá má spara háar fjárhæðir með því að fá fagmenn í verkin.

Hægt er að hafa samband við Rafmagnsverkstæði Jens og Róberts í síma 899-9554 (Róbert) eða senda tölvupóst á robbiraf@simnet.is



KYNLÍFSDROTTNINGAR OG ÓJARÐNESKUR UNAÐUR:

Og já! G-bletturinn er ekki goðsögn

Hermosa.is tók við glænýju umboði fyrir sölu á Zalo-kynlífstækjum í júlí síðastliðinn, en vörurnar hafa heldur betur slegið í gegn úti í heimi, og ekki að ástæðulausu. „Zalo er afar framarlega þegar kemur að framleiðslu kynlífstækja fyrir konur og tókum við í sölu nokkrar vinsælar vörur frá þeim. Tvær af þessum vörum, Zalo Hero og Zalo Queen innihalda báðar alveg glænýja PulseWave™ unaðstækni sem hefur aldrei áður sést á markaðnum. Um er að ræða sérstaka mótortromlu sem hreyfir við og ýtir á G-blettinn. Og nei, G-ið stendur ekki fyrir „goðsögn“ heldur guðdómlegan unað!“ segir Kristín Björg Hrólfsdóttir, annar eigenda vefverslunarinnar Hermosa.is.

Hermosa er besta vinkona þeirra sem langar að kynna sér unað kynlífstækjanna á þægilegan, auðveldan og síðast en ekki síst skemmtilegan máta. „Markmiðið er að það sé einfalt að kaupa kynlífstæki á netinu. Reglan er því sú að bjóða upp á mest fjórar tegundir í hverjum vöruflokki. Það nennir enginn að skoða 300 dildóa sem gera allir nákvæmlega það sama. Frekar leggjumst við í rannsóknarvinnu til að finna góð kynlífstæki sem eru vinsæl erlendis og hafa gott orðspor. Þannig kynntumst við Zalo.“

Gullfalleg kynlífstæki

Það er engin ástæða til þess að fela Zalo vörurnar ofan í náttborðsskúffunni enda eru vörurnar gullfallegar og sóma sér sem stássi uppi á hvaða náttborði sem er. Að öllu gamni slepptu er hönnunin hjá Zalo fyrirtækinu fullkomin. Margar vörur frá þeim eru skreyttar með Swarovski-kristal og fengu Zalo-vörurnar verðlaun

fyrir bestu umbúðirnar. „Við hjónin fengum tvær vörur til prófunar frá Zalo áður en við ákváðum að taka við umboðinu. Tilfinningin að fá pakkann í hendurnar og opna umbúðirnar var næstum því jafn unaðsleg eins og að nota vörurnar.“

Þess má geta að öllum Zalo-vörum fylgir tíu ára ábyrgð frá framleiðanda. „Komi upp framleiðslugalli á tækinu innan tíu ára fær kaupandinn 50% afslátt af næstu keyptu vöru frá fyrirtækinu. Ábyrgðin kemur beint frá framleiðandanum og er ekki bundin við seljandann.“

Drottning titraranna

Zalo Queen-titrarin er miklu meira en bara titrari! „Drottningin er líklega fjölbreyttasta kynlífstækið sem við seljum. Hún er hvort tveggja hefðbundinn titrari og inniheldur PulseWave™ tæknina. Þá er um að ræða tvo mismunandi mótorá sem virka saman eða hvor í sinu lagi. Einnig inniheldur hún forhitara sem eykur unað. Hægt er að stjórna Zalo Queen með snjallforriti og búa til titringismynstur eða láta drottninguna dansa í takt við tónlist.“

Hermosa býður upp á sett með Zalo Queen sem inniheldur sérstakt hylki sem má klæða drottninguna í, og þá virkar hún eins og sogtæki. Zalo Queen var valið besta kynlífstækið fyrir konur árið 2019, besta lúxus-kynlífstækið og besta pakkningin.

Hetja á hvítum hesti

Zalo Hero er afar fjölhæfur titrari sem virkar í grunninn eins og egg. „Hetjan inniheldur PulseWave™ tæknina sem gerir tungu hetjunnar kleift að hreyfast allt að 75 sinnum á sekúndu. Hetjan er til þess hönnuð að veita ójarðneskan unað enda

hreyfist engin mennsk tunga svona hratt. Titringsstillingarnar eru fjórar og PulseWave™ stillingarnar líka sem gefur möguleika á 16 mismunandi samsetningum. Einnig má nota hverja stillingu eina og sér.“

Hermosa.is selur einnig afar vandað Zalo FanFan paratæki. Um er að ræða kraftmikinn en hljóðlátan titrara. Mjórri endinn fer inn í leggöngin og örvar G-blettinn á meðan sá stærri liggur á snipnum og örvar hann. Báðir aðilar finna fyrir titringnum og því er tækið fullkomið í paraleikinn og hentar vel í flestum stellingum. Hermosa er einnig með til sölu Confidence nuddvendi, Corage titrara og kitlfjaðrir til sölu frá Zalo svo eitthvað sé nefnt.

„Við ætluðum aldrei að opna kynlífstækjaverslun“

Upphaflega byrjuðu Vilhjálmur og Kristín að flytja inn kynlífstækjadagatöl fyrir ein jólin, en þetta vatt fljótt upp á sig, sérstaklega þegar þau upplifðu verðósamræmið á þessum vörum hér heima. „Það var oft hátt í 50% verðálagning hjá íslenskum heildsölum ofan á það sem varan kostar á til dæmis Amazon með flutningi. Við sáum fljótt að við gátum auðveldlega boðið upp á miklu betra verð en aðrir og höfum haft það að markmiði alla tíð síðan. Einnig bjóðum við upp á fría sendingu burtséð hvað varan kostar.“ Umsagnirnar frá viðskiptavinum hafa verið fram úr hófi jákvæðar en það er ekkert skritið að fólk sé ánæggt að versla við aðila sem ber hag kunnans fyrir brjósti. „Við bjóðum upp á lægra verð en samkeppnisaðilarnir á sömu vörum, fría heimsendingu og betri skilafrest. Svoleiðis viðskiptahættir geta ekki klikkað.“



Fram til 4. október næstkomandi er 15% afsláttur af öllum vörum hjá Hermosa. Það er því ekki seinna vænna að næla sér í hágæða hjálpartæki ástarlífsins á enn betra verði! Kíktu við í hermosa.is og skoðaðu úrvalið. Facebook: [Hermosa.is](https://hermosa.is) Instagram: hermosaisland



30 brjálaðar staðreyndir um

Þættirnir **Baywatch** fóru upprunalega í sýningar á sjónvarpsstöðinni NBC í september árið 1989, eða fyrir 30 árum. Þótt upphafið hafi gengið brösulega urðu þeir fljótt vinsælustu þættir í heim. DV leit á 30 staðreyndir um þættina á 30 ára afmælinu.

1. Titillinn

Nafnið Baywatch vísar í björgunarbáta sem hafa haft eftirlit með ströndum Suður-Kaliforníu áratugum saman.

2. Upphafið

Það var lífvörðurinn Greg Bonann sem fékk hugmyndina að þáttunum þegar hann byrjaði að starfa við öryggisvörslu á ströndum í Los Angeles árið 1970.

3. Þrautaganga

Bonann kynnti þáttinn fyrir öllum í sjónvarpsbransanum sem hann fékk fund hjá í heilan áratug.

4. Örlögin

Svo gripu örlögin í taumana og systir Bonann trúlofaðist handritshöfundinum Doug Schwartz sem hafði gert fjölmargar sjónvarpsmyndir með frænda sínum og viðskiptafélaga, Michael Berk. Bonann bauð þeim Schwartz og Berk að koma með sér á árlegu lífvarðaleikana og þeir sannfærðust um að hugmyndin væri góð.



5. Loksins kom tækifærið

Brandon Tartikoff, fyrverandi forstjóri NBC, var sá fyrsti sem kveikti á hugmyndinni og pantaði sjónvarpsmynd árið 1988 sem myndi verða fyrsti þátturinn (e. Pilot) af Baywatch. Handritið var skrifað á þremur mánuðum.

6. Hasselhoff ekki fyrsta val

Meðal leikaranna sem komu til greina í hlutverk lífvarðarins Mitch Buchannon voru hjartaknúsarinn Lorenzo Lamas úr Falcon Crest, The Dukes of Hazzard-stjarnan Tom Wopat og



breski leikarinn Adrian Paul, sem átti síðar eftir að slá í gegn í sjónvarpsþáttunum Highlander.

7. Óviss í fyrstu

Hasselhoff var á þessum tíma mjög vinsæll söngvari í Þýskalandi og Austurríki og vildi ekki leika í Baywatch í fyrstu. Hann kallaði þáttinn „Knight Rider í sundfötum“.

8. Tók óvænta stefnu

Framleiðendur þáttanna vildu fyrst gera þætti um hversdagsleg ævintýri lífvarða en NBC vildi tvínnu það saman við morðgátur og dularfull sakamál.

9. Playboy-hneykslið

Erika Eleniak, sem lék Shauni McClain, var næstum því rekin þegar að forsvarsmenn NBC komust að því að hún hefði setið fyrir nakin fyrir Playboy. Framleiðendur börðust fyrir henni, en þeir töldu hana betri í hlutverkið en til að mynda Teri Hatcher, Neve Campbell og Alicia Silverstone, sem allar komu til greina.

10. Hrædd við vatnið

Shawn Weatherly var ráðin til að leika Jill Riley á síðustu stundu og kom í staðinn fyrir Pamelu Bowen eftir að hún fríkaði út á settinu. Þá kom í ljós að Bowen var logandi hrædd við vatn.

11. Hákarlahasar

Þó að fyrsti þátturinn hafi verið tekinn upp í Los Angeles í þægilegum hita þá var samt ekki nógu heitt þannig að framleiðslan var flutt til Havaí. Þar var hitastigið



fullkomið en hins vegar svamlandi hákarlar í hafinu. Því þurftu menn með deyfbyssur að passa upp á „strandverðina“.

12. Öðruvísi markaðir

Það var tekinn upp annar fyrsti þáttur fyrir evrópskan markað en helsti munurinn á bandaríska og evrópska þættinum var að það var nekt í þeim síðarnefnda.

13. Bjargaði lífi drengs

Bonann ákvað að fara með framleiðendum og handritshöfundum þáttanna á Venice Beach til að skoða tökustaði eftir að þeir fengu þær fréttir að þeir þyrftu að gera tólf þætti til viðbótar af Baywatch. Skyndilega hljóp drengur að Bonann og sagði honum að bróðir sinn væri að drukkna. Bonann stakk sér til sunds og bjargaði lífi hans.

14. Grimm endalok

Shawn Weatherly fékk fljótt leiða á hlutverki Jill þannig að hún ákvað að yfirgefa þáttinn eftir eina þáttaröð. Hún var skrifuð út með því að hákarl réðst á hana.

15. Sótthreinsaðir líkamar

Á þessum tíma var sjórinn fullur af rusli og öðrum vafasömum efnunum þannig að sjúkraliðar þyrftu að sótthreinsa leikarana um leið og þeir komu úr vatninu. Þá voru öll líkamsop úðuð með sótthreinsi.

16. Hætt við allt saman

Þó að Baywatch hafi verið vinsælasti þáttur NBC á föstudagskvöldum þá voru viðtökurnar ekki í samræmi við það. Þess vegna var framleiðslu á þáttunum hætt eftir 22 þætti. Enn fremur var verið að loka kvikmyndaverinu á bak við framleiðsluna, GTG.

17. Tíu dollara margfölduðust

Frændi Berk og Schwartz, Sherwood Schwartz, maðurinn á

bak við Gilligan's Island og The Brady Bunch, ráðlagði frændum sínum að kaupa réttinn að þáttunum af GTG, sem þeir gerðu fyrir tíu dollara. Þeir báðu Hasselhoff um að taka á sig fimmtíu prósentu launalækkun og fá hlutverk framleiðanda. Hann samþykkti það og tengsl hans í Þýskalandi tryggðu þeim þrjú hundruð þúsund dollara fjármagn á þátt frá meginlandi Evrópu.



18. Leikur verður raunveruleiki

Eleniak og Warlock, sem léku Shauni og Eddie, voru ástfangin bæði fyrir framan og aftan myndavélina. Sögusagnir fóru á kreik um að þau hafi beðið um of há laun og þess vegna hafi þau hætt eftir annan þátt í þriðju þáttaröð. Þau giftu sig síðan og fluttu til Ástralíu, en ástin slokknadi að lokum.

19. „Þetta er fjölskylduþáttur“

Pamela Anderson sló síðar í gegn sem C.J. Parker en Hasselhoff vildi ekki ráða hana í fyrstu. „Ég vil ekki neinn úr Playboy. Þetta er fjölskylduþáttur,“ sagði hann í viðtali við New York Times.

20. Kynlífsmyndbandið

Þegar kynlífsmyndbandi Anderson og þáverandi eiginmanns hennar, Tommy Lee, var leikið um miðjan tíunda áratug síðustu aldar, fóru einhverjar sjónvarpsstöðvar fram á að Baywatch yrði tekinn af dagskrá. Á sama tíma ruku áhorfstölur upp vegna myndbandsins alræmda.

21. Leo vildi hlutverkið

Brandon Call lék son Mitch, Hobie, í fyrstu þáttaröð. Leikarinn Leonardo DiCaprio vildi hlutverkið en Hasselhoff vildi yngri leikara. Í framhaldinu fékk hinn tíu ára Jeremy Jackson hlutverkið. Það eyðilagði leiklistarferil hans. Hann féll í heim vímuefna og frægðin steig honum til höfuðs.

22. Dópdjöfullinn

Jackson var ekki sá eini sem var í klípu því leikkonan Yasmine Bleeth hætti í þáttunum árið 1997 þegar vímuefnadjöfullinn hélt henni í heljargreipum.

23. Öll fjölskyldan með

Leikkonan Mila Kunis kom tvisvar fram í þáttunum, í fyrsta sinn árið 1994 sem stúlka sem kallaði á hjálp þegar vinkona hennar var að drukkna og í seinna skiptið árið 1995. Þá lék hún blinda



stúlku sem þurfti að bjarga úr eldsvoða. Öll fjölskylda hennar kom með á settið til að sjá Pamelu Anderson með berum augum.

24. Þrjár eiginkonur

Önnur eiginkona Mitch Buchannon, Neely Capshaw, var leikin af þremur mismunandi leikkonum; Heather Campbell, Genu Lee Nolin og Jennifer Campbell.

25. Æefnisminni

Engir af rauðu sundbolunum sem kvenkyns lífverðirnir klæddust voru eins heldur voru þeir sérsumaðir á hverja konu. Sundfatafyrirtækið TYR hjálpaði til við hönnun á upprunalegu sundbolunum. Sundbolirnir urðu efnisminni með tímanum.

26. Innrammaður

Það var í raun partur af áheyrnarprufum að láta sjá sig í sundbol. Carmen Electra er með sinn sundbol í ramma heima hjá sér, en hún þurfti frá að hverfa eftir eina þáttaröð þegar móðir hennar varð veik.

27. Strangar kröfur

Alexandra Paul fór upprunalega í prufu sem C.J. en endaði á að leika Stephanie Holden í 5 þáttaröðir. Hún sagði í viðtali árið 2014 að það hefði verið klausa í samningum leikara að þeir mættu ekki þyngjast um meira en tvö kíló á meðan þeir léku í þáttunum.

28. Enginn þrýstingur

Nicole Eggert, sem lék Summer Quinn í 2 þáttaröðum, hefur talað opinskátt um að hún sjái eftir að hafa leikið í þáttunum. Mikið var slúðrað um að framleiðendur þáttanna hefðu þrýst á hana um að fara í brjóstastækkun en í viðtali við Oprah Winfrey árið 2015 sagði Eggert að það hefði algjörlega verið hennar eigin ákvörðun.

29. Í hættu

Anderson hætti í þáttunum árið 1997 og þátturinn Baywatch Nights var tekinn af dagskrá eftir tvær þáttaröðir. Hætt var við að Baywatch-þættirnir yrðu teknir úr umferð í nóvember árið 1998 en þá var framleiðslan flutt til Ástralíu til að spara peninga.

30. Endalok Mitch Buchannon

Síðustu tvær þáttaröðirnar voru hins vegar teknar upp á Havaí og hétu þættirnir þá Baywatch Hawaii. Kvenkyns lífverðir skiptu rauðu sundbolunum út fyrir gula til að líkja eftir lífvarðafatnaði á Havaí. Hasselhoff hætti eftir fyrri af þessum tveimur þáttaröðum og var klipptur út í lokin og látinn deyja í sprengingu. Hasselhoff vissi það ekki fyrir en hann sá þáttinn í sjónvarpinu. ■

SAKAMÁL



FÓLSKUVVERK Í Þ

■ Rændi, nauðgaði og myrti unga konu ■ Fór og keypti jólagjafir ■ Handtekin

Laci Dawn Hill, 25 ára kona sem bjó í Bixby, í Oklahoma í Bandaríkjunum, átti biljarðborð sem hún þurfti að losna við. Laci brá á það ráð að auglýsa borðið til sölu og vona það besta.

Þann 23. desember, 1999, hljóp á snærið hjá Laci. Maður að nafni Steven Ray Thacker svaraði auglýsingunni og fékk leiðbeiningar hjá Laci um hvernig hægst væri að komast til heimilis hennar.

Ray Thacker hafði engan áhuga á biljarðborðinu og áform hans allt annað en heiðarleg. Um leið og Laci hafði hleypt Thacker inn dró hann upp hníf og krafði hana um allt það fé sem hún hefði heima við.

Rán breytist í eitthvað allt annað

Laci tókst að sannfæra Thacker um að ekkert reiðufé væri að finna á heimilinu, en hún gæti

„Ég á það ekki skilið, en þar sem Guð hefur fyrirgefið mér þá vona ég að þið fyrirgefið mér þann sársauka sem ég valdið.“

tekið út úr hraðbanka. Thacker neyddi Laci þá út í bíl, en í stað þess að fara í næsta hraðbanka ók hann að afskekktum veiðikofa úti í sveit og nauðgaði henni þar.

Að því loknu batt hann Laci við stól og notaði til þess plastreimar. Thacker, að eigin sögn, yfirgaf Laci þar en sneri síðan aft-

ur því hann óttaðist að Laci tækist að losa sig og myndi að sjálfsögðu segja til hans.

Thacker reyndi síðan að kyrkja Laci með hvort tveggja höndum og klæðisbút, en gekk brösuglega því hún barðist hetjulega fyrir lífi sínu.

Því fór svo að Thacker stakk

Steven Ray Thacker Ránsáform hans breyttust í morð.



fórnlamb sitt tvisvar sinnum í bringuna, fleygði líkinu á gólf kofans og huldi það með nokkrum dýnum.

Lík Laci finnst

Lík Laci fannst sex dögum síðar. Lík hennar var klæðlaust neðan mittis ef frá var talinn annar sokkurinn. Peysan og bolurinn höfðu verið toguð upp yfir höfuðið og brjóstahaldarinn var opinn. Buxurnar og nærbuxurnar lágu rétt við líkið.

Við líkskoðun fundust sæðisleifar í leggöngum Laci og taldi lækurinn að hún hefði verið í nærbuxunum þegar henni var ráðinn bani og þær hefðu ekki verið fjarlægðar fyrir en nokkrum tímum síðar.

Jólagjafakaup og flótti

En aftur að Ray Thacker. Eftir

að hafa ráðið Laci bana varð Thacker stjórnlaus. Hann notaði debet- og krítarkort Lacy til að kaupa jólagjafir handa fjölskyldu sinni og flúði síðan til Missouri, hafði enda áhyggjur af að yfirvöld myndu hugsanlega leita hans.

Þegar hann kom til Missouri, þremur dögum eftir jól, stal hann bíl sem í voru fullorðin kona, önnur yngri og barn.

Að sögn ýtti hann yngri konunni, sem sat við stýrið, út úr bílnum og brunaði af stað með þá gömlu og barnið enn í bílnum. Síðar þá slepti hann þeim tveimur.

Tveir menn myrtir

Þegar þarna var komið sögu var viðamikil leit hafin að Thacker og nokkrum sinnum mátti litlu muna að tækist að hafa hendur í hári hans. Hann fór huldu höfði

GÆÐA BAKKAMATUR

MISMUNANDI RÉTTIR
ALLA DAGA VIKUNNAR



AFGREIÐUM HÁDEGISMAT Í BÖKKUM
ALLA DAGA ÁRSINS TIL FYRIRTÆKJA OG STOFNANA
HRINGDU OG PANTAÐU Í SÍMA 555 1810

Veislulist



REMUR FYLKJUM

n tveimur morðum síðar

í skóglendi, braust inn í nokkur hús en virtist alltaf vera nokkrum skrefum á undan lögreglunni.

Á einu heimili sem Thacker braust inn á var hann gripinn glóðvolgur þegar eigandinn, Forrest Boyd, kom heim. Thacker myrti Boyd umsvifalaust og lagði síðan á flóttu í bifreið hans. Hann komst til Tennessee en þá bilaði bíllinn. Thacker hringdi eftir dráttarbíl og því miður fyrir bílstjóran, Ray Patterson, kom í ljós að kortið, sem Thacker hugðist nota til að borga fyrir þjónustuna, reyndist stolið. Því varð 2. janúar, 2000, síðasti dagurinn sem Patterson lifði.

Afsökunarbeiðni og aftaka

Ray Thacker var handtekinn skömmu síðar. Þegar réttað var yfir honum játaði hann sig sekum um allt sem hann var sakadur um. Thacker fékk dauðadómsmál sem var framfylgt þrettán árum síðar. Við það tækifæri, 12. mars, 2013, sagði Thacker: „Mig langar að biðja fjölskyldur Laci Hill, Forrest Boyd og Ray Patterson afsökunar. Ég á það ekki skilið, en þar sem Guð hefur fyrirgefið mér þá vona ég að þið fyrirgefið mér þann sársauka sem ég valdið.“ ■



Laci Dawn Hill
Hugðist selja bíljardborð.



Ray Patterson Stolið greiðslukort kostaði hann lífið.

EIGUM MARGA
LITI Á LAGER

ÁLKLÆÐNINGAR & UNDIRKERFI

HANNAÐ FYRIR
ÍSLENSKT VEÐURFAR

Nánari upplýsingar á mt.is og í s: 580 4500

Telja hugsanlegt að vitsmunaverur hafi heimsótt jörðina og rannsakað sólkerfið

■ Geimverur gætu einfaldlega verið að bíða eftir að næsti áfangastaður þeirra komi nær þeim ■ Hugsanlega mörg menningarsamfélög til

Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dv.is



Hugsanlega er fjöldi samfélaga vitsmunavera í Vetrarbrautinni en við vitum bara ekki um þau af því að þessar vitsmunaverur hafa ekki heimsótt sólkerfi okkar og þar með jörðina í 10 milljónir ára. Hugsanlega eru vitsmunaverur frá öðrum plánetum að kanna Vetrarbrautina og fara sér hægt yfir til að geta nýtt sér hreyfingar sólkerfa til að gera ferðalög in auðveldari.

Þetta hljómar eflaust undarlega í eyrum margra en þessi kenning var nýlega sett fram í vísindarannsókn sem hefur verið birt í vísindaritinu The Astronomical Journal. Rannsóknin er einhvers konar svar við því sem hefur verið nefnt Fermi-þversögnin en í henni er þeirri spurningu varpað fram af hverju við höfum ekki fundið nein merki þess að vitsmunaverur sé að finna utan jarðarinnar. Þversögnin var sett fram af eðlisfræðingnum Enrico Fermi sem eins og frægt er orðið spurði: „Hvar eru allir?“

Hann var að velta fyrir sér möguleikanum á ferðalögum á milli stjarna og sólkerfa en frá því að hann setti þversögnina fram hefur hún verið notuð til að

varpa fram efasemdum um tilvist vitsmunavera utan jarðarinnar. Michael Hart stjörnufræðingur skýrði spurningu Fermi, þversögnina, í ritgerð árið 1975 og sagði að frá því að alheimurinn varð til fyrir 13,6 milljörðum ára hafi vitsmunaverur haft nægan tíma til að kanna Vetrarbrautina og leggja hana undir sig en samt sem áður hefðum við ekki heyrt neitt frá þeim. Niðurstaða hans var að engin önnur þróuð samfélög væru í Vetrarbrautinni.

Í nýju rannsókninni er annar póll tekinn í hæðina þegar spurningu Fermi er svarað. Höfundar hennar stinga upp á að geimverurnar séu bara að taka sér góðan tíma í verkið og vinni það skipulega.

„Ef þú tekur ekki hreyfingar stjarna með þegar þú reynir að leysa þetta vandamál þá stendur þú í raun uppi með aðra af tveimur mögulegum lausnum. Annaðhvort fer enginn frá plánetunni sinni eða þá að við erum í raun eina tæknivædda samfélagið í Vetrarbrautinni,“ sagði Jonathan Carroll-Nellenback, aðalhöfundur rannsóknarinnar, í samtali við Business Insider. Hann benti á að stjörnur og pláneturnar, sem eru á braut um þær, snúist um miðju Vetrarbrautarinnar og séu á mismunandi hraða og mismunandi

brautum. Þetta veldur því að þær mætast öðru hverju. Af þessum sökum gætu geimverur einfaldlega verið að bíða eftir að næsti áfangastaður þeirra komi nær þeim. Ef þetta er rétt væru vitsmunaverur lengur að dreifa úr sér um Vetrarbrautina en Hart taldi. Þetta þýði að þær hafi hugsanlega ekki enn komist til okkar eða að hugsanlega hafi þær gert það löngu áður en mannkynið varð til.

Nýjar hugmyndir um geimferðir

Vísindamenn hafa notað margar aðferðir við að reyna að svara Fermi-þversögninni. Rannsakað hefur verið hvort hugsanlegt sé að allt líf utan jarðarinnar þróist í höfum og vötnum. Einnig hefur því verið velt upp að menningarsamfélög eyði sjálfum sér vegna eigin óstöðugleika áður en þau ná þeim áfanga að geta kannað geiminn að nokkru marki.

Einnig hafa verið settar fram svokallaðar „dýragarðskenningar“ sem ganga út á að menningarsamfélög í Vetrarbrautinni hafi ákveðið að setja sig ekki í samband við okkur af sömu ástæðu og við erum með náttúruverndarsvæði og veitum frumbyggjum ákveðinna svæða sérstaka vernd og eftirlátum þeim

Vinallega geimveran E.T. Gætu framandi menningarsamfélög litið svona út?



sérstök svæði til búsetu.

Niðurstöður rannsóknar vísindamanna við Oxford-háskóla, frá því á síðasta ári, benda til að

líkurnar á að við séum ein í Vetrarbrautinni séu um 2 á mótí 5 og að líkurnar á að við séum ein í alheiminum séu um 1 á mótí 3.

Sífelld leit Vísindamenn þreytast ekki á að kanna geiminn.

Vetrarbrautin Hulin dulúð.



„Hvar eru allir?“

myndir notuðu vísindamennirnir stærðfræðimódel til að líkja eftir dreifingu menningarsamfélaga um Vetrarbrautina. Þeir settu fjölbreytta möguleika inn í módelið um fjarlægð ímyndaðra menningarsamfélaga frá nýjum sólkerfum, fjarlægð og hraða geimfara og hversu oft geimförum er skotið á loft. Ekki var reynt giska á hvað ræki geimverurnar áfram eða hvernig stjórnmál í heimi þeirra væru en sumir stjörnufræðingar telja þessa þætti hafa dregið úr trúverðugleika annarra lausna á Fermi-þversögninni.

„Við reyndum að setja saman módel sem fæli í sér eins lítið af ályktunum um félagsfræði og hægt var,“ sagði Carroll-Nellenback.

En það er stórt vandamál við gerð módelis um dreifingu menningarsamfélaga um Vetrarbrautina að aðeins sé unnið út frá einum viðmiðunarpunkti, okkur sjálfum. Allar spár eru því byggðar á hegðun okkar manna. En jafnvel þótt þetta setji rannsókninni ákveðin takmörk komust vísindamennirnir að því að í Vetrarbrautinni sé hugsanlega fjöldamörg sólkerfi, þar sem menningarsamfélög er að finna, sem við vitum ekki um. Þetta var einnig niðurstaðan þegar þeir notuðust við mjög íhaldsamt mat á hraða og tíðni geimferða vitsmunaveranna. Carroll-Nellenback sagði að hugsanlega séu vitsmunaverur í öllum sólkerfum Vetrarbrautarinnar en þær hafi ekki heimsótt okkur því þær séu ekki nógu nálægt okkur. Hann lagði einnig áherslu á að þótt þetta væri hugsanlegt þýði það ekki að þetta sé líklegt.

Við höfum nú fundið um 4.000 plánetur utan sólkerfis okkar og engin ummerki um líf hafa fundist á þeim. En við höfum eiginlega ekki leitað mjög vel eða ítarlega. Það eru að minnsta kosti 100 milljarðar stjarna, á borð við sólina, í Vetrarbrautinni og miklu

fleiri plánetur. Niðurstöður nýlegrar rannsóknar benda til að hugsanlega séu allt að 10 milljarðar plánetu í sólkerfinu svipadar og jörðin okkar. Höfundar hennar segja að það að komast að þeirri niðurstöðu að ekkert líf sé á neinni þessara plánetu sé sé eins og að horfa á sundlaug fulla af sjó og sjá enga höfrunga og draga þá ályktun að engir höfrungar séu í heimshöfunum.

Hafa hugsanlega komið til jarðarinnar

Annað lykilatriði í umræðunni

um vitsmunalíf utan jarðarinnar er það sem Hart kallaði „Staðreynd A“ en í henni felst að engar geimverur séu á jörðinni núna og það séu engar sannanir fyrir að geimverur hafi komið hingað til jarðarinnar. En höfundar nýju rannsóknarinnar segja að þetta þýði ekki að þær hafi aldrei komið hingað. Ef vitsmunaverur hafi komið hingað til jarðarinnar fyrir milljónum ára, jörðin er um 4,5 milljarða ára, þá séu hugsanlega engin ummerki um heimsókn þeirra. Þeir benda á niðurstöður eldri rannsókna sem benda til að

við séum hugsanlega ekki fær um að finna ummerki um heimsóknir vitsmunavera hingað til jarðarinnar. Það sé jafnvel hugsanlegt að geimverur hafi komið mjög nálægt jörðinni eftir að mannkynið kom til sögunnar en hafi ákveðið að koma ekki í heimsókn.

Þá sé ekki útilokað að geimverur vilji ekki heimsækja plánetur þar sem líf er þegar til staðar. Að gera ráð fyrir að þær vilji heimsækja slíkar plánetur sé „barnaleg spá“ út frá mannlegri tilhneigingu. ■

Það sama á við þá rannsókn og verk Hart, sem var nefnt til sögunnar hér að ofan; ekki var gert ráð fyrir hreyfingu sólkerfanna í Vetrarbrautinni. Má þar til dæmis nefna að sólkerfið okkar fer einn hring um Vetrarbrautina á 230 milljón árum. Ef vitsmunasamfélög hafa orðið til fjarri öðrum slíkum samfélögum gætu þau gert ferðir sínar styttri með því að bíða eftir hagstæðri afstöðu stjarna og plánetu í öðrum sólkerfum. Þegar þær væru búnar að koma sér fyrir í nýju sólkerfi gætu þær beðið aftur eftir hagstæðum fjarlægðum áður en þær halda ferðalagi sínu áfram. Ef þetta er rétt þá eru þessar vitsmunaverur ekki að þjóta um Vetrarbrautina, þær gefa sér góðan tíma og bíða eftir að plánetu þeirra komi nógu nálægt næsta áfangastað áður en þær leggja upp í ferðalag.

„Ef milljarður ára er nægilega langur tími þá er það ein lausn á Fermi-þversögninni. Heimar, sem henta til búsetu, eru svo sjaldgæfir að þú verður að bíða lengur en hægt er að vænta þess að nokkurt samfélag endist áður en annað slíkt samfélag kemur nærri,“ sagði Carroll-Nellenback.

Hugsanlega fjölmörg menningarsamfélög

Til að skoða mismunandi sviðs-

PINNAMATUR

VEISLUR ERU OKKAR LIST!

BJÓÐUM UPPÁ FJÖLDA TEGUNDA PINNAMATS OG TAPASRÉTTA



AFGREITT Á EINNOTA FÖTUM, TILBÚIÐ FYRIR VEISLUNA HRINGDU OG PANTAÐU Í SÍMA 555 1810

Veislulist

HÓLSHRAUN 3, 220 HAFNARFJÖRÐUR / S 555 18 10 OG 565 1810 / VEISLULIST@VEISLULIST.IS / VEISLULIST.IS

JÓLATÓN DAGAT



Á HÁTÍÐLEGUM NÓTUM Í 10 ÁR FYRIR FULLU HÚSI

06. og 7. desember Eldborgarsal Hörpu

Sérstakir gestir

Páll Óskar, Gréta Salóme, Garðar Thór Cortes, Selma Björns og karlakórinn Fóstbræður.

Miðasala
www.harpa.is
www.Tix.is



ÆSKUJÓL

29 & 30. nóv Landnámssetrið Borgarnesi
05. des Skrímslasetrið Bíldudal
07. des Félagsheimili Bolungarvíkur
08. des Þingeyrarkirkja
12. des Akureyrarkirkja
13. des Grenivíkurkirkja
15. des Blönduós
16. des Fríkirkjan í Reykjavík
19. des Ísafjarðarkirkja

Heiðursgestur á völdum tónleikum er Högni Egilsson úr hljómsveitinni Hjaltalín.

Miðasala
www.Tix.is



JÓLAFJÖR STÓRSVEITAR REYKJAVÍKUR

01. des kl. 17 Silfurbergi, Hörpu

Gestir á hinu árlega jólafjöri Stórsveitar Reykjavíkur 2019 eru Bergrún Íris Sævarsdóttir og Ragnheiður Gröndal. Haukur Gröndal stjórnar og útsetur

Miðasala
www.harpa.is
www.Tix.is

NLEIKA ALID 2019



PÁLMI GUNNARSSON YFIR FANNHVÍTA JÖRÐ

13. des kl. 20 Silfurberg, Hörpu

Gleðin og léttleikinn verða að sjálfsögðu til staðar ásamt dassi af jólaanda.

Miðasala
www.Tix.is



JÓLATÓNLEIKAR Í HOFI JÓHANNA GUÐRÚN & EYDÓR INGI

22. des kl. 19 Hofi Akureyri

Jólatónleikar Jóhönnu Guðrúnar og Eypórs Inga ásamt Gospelkór og Stórhljómsveit Davíðs Sigurgeirssonar.

Miðasala
www.salurinn.is
www.Tix.is



SÆTABRAUÐSDRENGIRNIR

30. nóv kl. 20 Félagsheimilið í Bolungarvík

06. des kl. 20 Selfosskirkja

08. des kl. 20 Salurinn í Kópavogi

09. des kl. 20 Salurinn í Kópavogi

Miðasala
www.salurinn.is
www.Tix.is

Uppáhaldsnammio endurgert í eldhúsi

■ Fjórar sögufrægar sælgætistegundir búnar til heima ■ Auðveldara en þú heldur

Ótrúlega einfalt það er ekkert mál að búa sjálfur til Bounty. Mynd: Sunna Gautadóttir



Bounty

Um það bil 15 stykki

Hráefni:

- 200 g kókosmjöl
- 1 dós sæt dósamjólk („sweetened condensed milk“ - 397 g)
- 200 g dökkt súkkulaði

Aðferð:

Blandið kókosmjöli og mjólkinni vel saman. Mótið síðan litlar, nú eða stórar) lengjur úr blöndunni og raðið lengjunum á plötu eða disk sem búið er að klæða með smjörpappír. Setjið plötuna eða diskinn inn í ísskáp og kælið í um klukkustund. Bræðið súkkulaðið en þið getið auðvitað notað mjólkursúkkulaði ef þið viljið. Hér finnst mér best að dýfa toppinum á Bounty-inu í súkkulaðið, setja lengjuna aftur á smjörpappír og leyfa toppinum að storkna. Síðan að dýfa botninum í súkkulaði og leyfa súkkulaðinu aftur að storkna. Þið getið auðvitað súkkulaðihúðað Bounty-ið eins og þið viljið. Skiptir svo sem litlu máli hvernig þetta lítur út því bragðið er aðalmálið. Og bragðið er gott!



Ferrero Rocher

Hráefni:

- 1 bolli mulið ískex (helst með súkkulaðifyllingu)
- 1 bolli saxaðar heslihnetur
- 1/2-3/4 bolli mjúkt Nutella
- 1/3 bolli brætt dökkt súkkulaði
- 1/2 tsk. brætt smjör
- 1/3 bolli saxaðar heslihnetur

Aðferð:

Blandið ískexi, 1 bolla af heslihnetum og Nutella vel saman í skál. Blandan á að vera klístruð. Skellið blöndunni í ísskáp í 30 mínútur og leyfið henni að jafna sig. Búið til litlar kúlur úr blöndunni og raðið á smjörpappírsklæddan disk. Setjið þær inn í frysti í 15 mínútur. Bræðið dökka súkkulaðið og smjörið saman í örbylgjuofni í þrjátíu sekúndur í senn. Hrærið alltaf á milli hverra þrjátíu sekúndna. Bætið 1/3 bolla af heslihnetunum út í. Veltið frosnum kúlunum upp úr súkkulaðiblöndunni og setjið á smjörpappír á meðan þær storkna. Þetta er lítil uppskrift en það er lítið mál að tvöfalda eða þrefalda hana. Þessar er líka gott að fyrsta svo maður hafi alltaf smá kruderi við höndina til að gúffa í sig!



Algjör dúndur Nutella, ískex og súkkulaði – getur ekki klikkað. Mynd: Sunna Gautadóttir



Maltesers

Um 50–100 stykki

Hráefni:

- 2 eggjahvítur
- 70 g sykur
- 70 g flórsykur
- 1–2 msk. malt bragðefni („barley malt extract“)
- 200 g mjólkursúkkulaði

Aðferð:

Hitið ofninn í 100°C og setjið smjörpappír á 2 ofnplötur. Þeytið eggjahvíturarnar þar til þær freyða og bætið þá sykrinum varlega saman við í einni bunu. Stífþeytið síðan eins og um marengs sé að ræða, í 10–15 mínútur. Bætið malt bragðefninu saman við á meðan þið þeytið. Hættið síðan að þeyta, dembið flórsykrinum í gegnum sigti til að losna við köggla og blandið honum varlega saman við marengsinn með sleif eða sleikju. Setjið blönduna í

sprautupoka eða plastpoka sem búið er að klippa eitt hornið af. Sprautið agnarsmáum kúlum á ofnplötuna en mér finnst gott að hafa kúlurnar minni en ég vil að þær verði endanlega því þær verða meiri um sig þegar búið er að súkkulaðihúða þær. Setjið plötuna inn í ofninn í miðjuna og bakið í 1 klukkustund. Takið plötuna út úr ofninum og leyfið kúlunum að kólna. Ég mæli með því að fara strax í að súkkulaðihúða kúlurnar þegar þær hafa kólnað því þær eru stökkastar nýkomnar úr ofninum. Innan nokkurra klukkustunda hafa þær dregið í sig raka og eru ekki eins stökkar. Bræðið því súkkulaðið og notið skeið eða gaffal til að velta kúlunum upp úr súkkulaðinu. Raðið þeim á smjörpappír og reynið að sýna þolinmæði á meðan súkkulaðið storknar.

Þolinmæðisvinna Það tekur svolítið langan tíma að gera Maltesers en það er þess virði. Mynd: Sunna Gautadóttir

Lilja Katrín Gunnarsdóttir
lilja@dv.is



Sínu heima



Snickers-súkkulaði

Botn – Hráefni:

- 1 1/4 bolli súkkulaðibitar
- 1/4 bolli hnetusmjör

Núggat – Hráefni:

- 56 g smjör
- 1 bolli sykur
- 1/4 bolli „evaporated“ mjólk*
- 1 dós sykurpúðakrem („marshmallow creme/fluff“)
- 1/4 bolli hnetusmjör
- 1 tsk. vanilludropar
- 1 1/2 saxaðar salthnetur

Karamella – Hráefni:

- 400 g rjómakaramellur
- 1/4 bolli rjómi

Toppur – Hráefni:

- 1 1/4 bolli súkkulaðibitar
- 1/4 bolli hnetusmjör

Aðferð:

Byrjum á botninum. Takið til form að eigin vali, ekki stærra en 20 sentimetra. Smyrjið það vel. Setjið súkkulaði og hnetusmjör í skál og bræðið saman í örbylgjuofni en passið að hræra alltaf í blöndunni með 20 sekúndna millibili. Dreifið blöndunni í botninn á forminu og setjið inn í ísskáp.

Svo er það núggat. Bræðið smjörið yfir meðalhita. Bætið sykrí og mjólk saman við og blandið vel saman. Hrærið stanslaust þar til blandan fer að sjóða. Látið sjóða í 4–5 mínútur og hrærið reglulega í blöndunni svo hún brenni ekki. Bætið sykurpúðakreminu, hnetusmjörinu og vanilludropum saman við. Hrærið þar til blandan er silkimjúk. Takið af hitanum og blandið hnetunum saman við. Dreifið þessu jafnt yfir botninn og setjið aftur inn í ísskáp.

Því næst karamellan. Blandið karamellum og rjóma saman í skál sem þolir örbylgjuofn. Hitið í örbylgjuofni í 30 sekúndur í senn þar til allt er bráðnað saman. Dreifið karamellunni yfir núggatið og setjið formið aftur inn í ísskáp. Og loks toppurinn. Setjið súkkulaði og hnetusmjör í skál og bræðið saman í örbylgjuofni en passið að hræra alltaf í blöndunni með 20 sekúndna millibili. Dreifið blöndunni ofan á karamelluna og setjið aftur inn í ísskáp þar til súkkulaðið hefur storknað. Skerið í bita og njótið.

* ATH – Þessa mjólk er hægt að kaupa í asískum matvöruverslunum og er hún þykk dósamjólk en nokkru af vatni hefur verið náð úr henni með uppgufun. Auðvelt er að búa þessa mjólk til sjálfur. Til að búa til 1 bolla af „evaporated“ mjólk þarf að sjóða 2 1/4 bolla af nýmjólk niður þar til 1 bolli er eftir.

Betra en keypt Heimagerð Snickers er rosalegt! Mynd: Sunna Gautadóttir



Astaxanthin

Eitt öflugasta andoxunarefni náttúrunnar

Astaxanthin er unnið úr örþörungum. Þetta öfluga andoxunarefni getur dregið úr bólgum og verndað gegn sterkum útfjólubláum geislum sólar en aðrir góðir kostir eru m.a. að það getur:

- Stuðlað að heilbrigðri hjartastarfsemi og bætir ónæmiskerfið
- Stutt heila-, húð-, lið-, vöðva- og augnheilbrigði
- Verndað frumur gegn oxunarskemmdum



Astaxanthin frá Algalif er 100% náttúrulegt hágæða bætiefni, framleitt á sjálfbæran hátt við kjöraðstæður sem tryggja að innhaldið skili sér til neytenda.

Útsöluastaðir: Öll apótek, heilsuverslanir og heilsuhillur stórmarkaðanna

„Þetta er baráttan á hverjum degi“

Katja slysaðist í kvikmyndagerð – Lýsir áreiti á tókustað – Markmiðið að sameina list og afþreyingu



Force Majeure (2014)

Tómas Valgeirsson
tomas@dv.is



Kvikmyndaframleiðandinn og listakonan Katja Adomeit er stöðugt á höttunum eftir nýjum hugmyndum og ólíkum aðferðum við þróun og framleiðslu, sem gefa nýja og óvænta niðurstöðu. Hún

hefur dálæti á þeirri hlið framleiðslunnar sem snýr að sköpun, fjármögnun og leggur sérstaka áherslu á að vinna með ungu kvikmyndagerðarfólki frá öllum heimshornum.

Á Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Reykjavík (RIFF) í ár verða sýndar þrjár myndir hennar: The

Orphanage, sem keppir í Vitrunum, Team Hurricane og Resin, en framleiðandinn er sérstakur heiðursgestur hátíðarinnar.

Katja er af þýskum ættum og búsett í Danmörku. Hún hefur sérstakt dálæti á þeirri hlið framleiðslunnar sem snýr að sköpun og fjármögnun og hefur það að

markmiði að gera listrænar kvikmyndir að afþreyingarefni. Hún er meðal annars þekkt fyrir myndirnar The Weight of Elephants, Loving Pia, The Square og hina marglofuðu Force Majeure, auk fjölda annarra. Árið 2011 stofnaði Katja sitt eigið framleiðslufyrirtæki, Adomeit Film, og segist framleiðandinn ekki framleiða kvikmyndir sem fara eftir hefðbundnum handritsreglum, það sé meira prinsipp en staðreynd.

„Það er mikil þráhyggja hjá mér að koma að kvikmyndagerð með ýmsum óhefðbundnum aðferðum til þess að úr verði óhefðbundnar og öðruvísi niðurstöður. Ég vil ekki gera sömu kvikmyndirnar aftur og aftur. Aðferðafræði mín gengur út á það að ögra forminu og í raun verkferlum sem eru venjubundnir í kvikmyndagerð, jafnvel ögra kvikmyndasögunni ef svo má að orði komast,“ segir Katja.

„Að fjármagna öðruvísi eða frumleg verkefni getur verið algjör höfuðverkur. Margir hugsa um og notast við aðferðir sem hafa verið til í hundrað ár og sjá ekki mikla ástæðu til að breyta þeim. Fólk er vant ákveðnum verkferlum og dæma fjármögnunaraðilar oft verkefni út frá einhverju sem þeir sjá fyrir í hausnum á sér, en hafa ekki alveg tilfinninguna fyrir því sem við viljum gera. Þetta er baráttan á hverjum degi.“

Spenna og áreiti í Mið-Austurlöndunum

Katja segir hvert verkefni vera krefjandi á sinn hátt enda kvikmyndagerð í eðli sínu krefjandi, þar sem vandamál koma upp við hvert horn, og góður framleiðandi sér um að finna réttu lausn-

irnar. Þá rifjar hún upp reynslu á tókustað sem kenndi henni ýmislegt sem hún mun aldrei gleyma.

„Ég gerði mynd með afgönskum leikstjóra og afgönsku tókuliði. Við skutum myndina í Tadsíkistan vegna þess að það er allt of hættulegt að taka upp í Afganistan. Við þurftum samt að flytja allt liðið yfir talibanasvæði, þar sem kvikmyndaiðnaður er ekki til. Enginn á svæðinu var vanur tókuliði, þannig að við fengum alls konar leiðindi sem fylgja venjulega ekki starfinu,“ segir hún, en kvikmyndin sem Katja ræðir þar um er The Orphanage. Sú mynd segir frá fimmtán ára gömlum dreng sem býr á götum Kabúl í Afganistan. Fljótlega er hann fluttur á sovéskt munaðarleysingjahæli en á meðan stjórn málaástandið tekur miklum breytingum í Kabúl neyðast drengurinn og hin börnin til að verja heimili sitt.

Katja segist hafa verið snortin af þessari sögu og hún hikaði ekki við að gerast framleiðandi eftir að hún kynntist leikstýrinni Shahrbanoo Sadat. Sögurnar á bak við tjöldin voru hins vegar miður ánægjulegar. „Við þurftum meðal annars að kljást við rasisma og mikil afskipti lögreglu. Í ofanálag komu þessar hefðbundnu hindranir sem fylgja svona vinnu,“ segir Katja.

„Allt evrópska tókuliðið snerist gegn leikstjóranum og mér, sökum þess að fáir vissu í rauninni hvað við vorum að gera. Enginn vissi hvað var að gerast. Í kjölfarið á þessu varð mórallinn afar dapurlegur. Tókuliðið áleit mig vera slæman framleiðanda, fólk hvorki heilsaði né talaði við leikstjóran eftir því sem á leið. Það

HAGBLIKK

Brotna ekki

Ryðga ekki

Álpakrennur & niðurföll

Litir á lager:

Svart, hvítt, ólitað, rautt, silvurgrátt og dökkgrátt

Smiðjuvegur 4C - 202 Kópavogur - S 587 2202



Fjölhæf Katja stuðlar að hugmyndaríkum lausnum og nýjungum í kvikmyndagerð.



The Orphanage (2019)

var mikil spenna á setti og umhverfið og fordómarnir sem við fengum hjálpuðu alls ekki. Svona vandræði eru ekki heillandi á neinn veg, en þau eru nauðsynleg til þess að hægt sé að koma verki til skila.“

Bíóið í útrýmingarhættu

Katja veltir fyrir sér framtíð kvikmyndaformsins og bíouplifunar eins og hún leggur sig, hvort yngri áhorfendur séu almennt farnir að sýna þeirri athöfn minni áhuga; að setjast í opinn sal og njóta góðrar kvikmyndaupplifunar með ókunnugu fólki.

„Hvernig getum við fengið áhorfendur til að horfa aftur á öðruvísi bíómyndir í kvikmynda-húsum frekar en bandarískt afþreyingarefni? Hefur eitthvað upp á sig að reyna? Ættum við frekar að hugsa út fyrir þann ramma og finna nýjar leið til að gefa út listrænar kvikmyndir?“ spyr framleiðandinn og segir það ljóst að ungmenni séu ólíklegri til að njóta listrænna mynda, eða kvikmynda almennt í bíósal og kjósi frekar spjaldtölvur, síma og streymisveitur. „Þegar ég fer í kvikmynda-hús vil ég vera flutt í annan heim og skemmta mér. Heima í stofu sækist ég meira í sjónvarp,“ segir Katja.

„Svo er spurning með verðið í bíó. Það gæti verið til of mikils mælst ef unglingar eru stöðugt að velja á milli þess sem er í kvikmynda-húsum, þannig að eðlilega er samkeppnin mikil, en sem betur fer hefur verið að opnast góður flötur fyrir stærra efni með öðrum leiðum, til dæmis streymisveitum. Það vantar svo sannarlega ekki úrvalið af efni sem er í boði, heldur snýst þetta meira um hvar á að leita.“

Danskan breytti öllu

Hvernig varð kvikmyndagerðin fyrst fyrir valinu?

„Ég ætlaði mér í raun aldrei að verða kvikmyndagerðarkona, og þaðan af síður framleiðandi, en fagið valdi mig og áætlanirnar stækkuðu og stækkuðu,“ svarar Katja og bætir við að hún hafi upphaflega nánast slystast inn í starf framleiðanda.

„Þegar ég bjó í Berlín á yngri árum vann ég sem aðstoðarmaður framleiðenda fyrir fyrirtæki sem reyndar kom illa fram við mig, en kenndi mér margt. Svo flutti ég til Nýja-Sjálands til að komast burt frá því og komst að því að ég var skyndilega farin að finna fyrir fráhvörfum frá þessum bransa. Þá ákvað ég að sækja um alls konar stöður og eina fyrirtækið sem sýndi mér áhuga var danska framleiðslufyrirtækið Zentropa. Einu fyrirmælin sem ég fékk þar voru: „Lærðu dönsku og þá færðu vinnu.“ Þá lagði ég áherslu á það næstu þrjú mánuði að læra dönsku og fékk stöðu sem aðstoðarmaður. Hægt og rólega fór ég að framleiða stuttmyndir í frítíma mínum og þá small allt framhaldið saman. Þegar ég byrjaði langaði mig til að gera listrænar myndir, þessar sem færu inn á þessar klassísku kvikmynda-hátíðir – Toronto, Berlinale, Cannes, allt svoleiðis. Núna hefur þetta breyst og ég stuðla meira að sýn gefins leikstjóra og markmiðið er að vinna verkefni sem gera listrænar myndir að afþreyingarmyndum, sem er spennandi millivegur. Það besta við mína vinnu er annars vegar að veita ráðgjöf og hins vegar innblástur,“ segir hún.



Ísland, hestar og loftslagsmál næst á dagskrá

Um þessar mundir vinnur Katja að kvikmynd í fullri lengd sem gerð er fyrir meira fjármagn en hún er von og fjallar um mál-efni sem er mikið í umræðunni. Myndin heitir The Dying Branch og situr danska leikstýran Annika Berg við stjórnvölinn, en þær Katja unnu áður saman við Team Hurricane. Að sögn framleiðandans er þetta kvikmynd sem sýnir hvernig mannfólk er verk náttúrunnar og snýr myndin að loftslagsmálmálum. „Þetta er mynd

sem sýnir hvernig náttúran berst alltaf á móti á meðan manneskjan verður alltaf fyrr til að deyja út.“

Fyrir utan að hafa unnið mikið í Danmörku og Þýskalandi hefur framleiðandinn starfað meðal annars í Frakklandi, Rússlandi, Þýskalandi, Bandaríkjunum, Úkraínu og á Nýja-Sjálandi. Það fylgir starfinu að ferðast víða og er hún öllu von í slíku, en Katja segir, án þess að hugsa sig um, að Ísland sé á meðal allra uppáhaldsstaða hennar í heiminum. Segist hún þó vera hlutdræg sökum þess að hún sé mikil hestamanneskja en hún á sjálf tvo íslenska hesta.


Um það sem heilli hana mest og sé aðalástæða þess að hún ákvað nýverið að framlengja heimsókn sína umfram RIFF-hátíðina, segir Katja: „Ég ferðaðist eitt sinn hringveginn og hafði sjaldan upplifað náttúru í hreinni mynd. Auk þess dýrka ég birtuna og litina. Ferðin þá var hin dásamlegasta; róin og kyrrðin var svo mikil og ég fann fyrir miklum mun á sjálfri mér eftir ferðina, bæði líkamlega og andlega. Ég myndi aftur á móti ekki taka mig vel út um miðjan hávetur þegar birtan öll farin.“ ■

Haustvörurnar eru komnar

gæludýr.is

Fiskislóð • Bildshöfði • Smáratorg • Helluhraun
www.gaeludyr.is

Helgarkrossgátan

	krossgátugerð: Bjarni sími: 845.2510		grandvara	yta	reigða	samloka		hnýtur
	→						svar	1
	skítugar							
	aulana							
		5	vaktar		8		2 eins sansa	
	púkar							spotti
	sigli					hryllir fersk		
Teikning: MD eftirprentun bommuð	↓	sæmdina		smyrja	kvendýrið liffæri			svipað
pumpan					goð		gjamm handveg- urinn	
2 eins			tapa röð			damp röð		
peningar					3 eins mánum			framar
til				áflog egnt		sýking		
slóð					plöntuna	7		
	2	ár- móðurina	málmur borg			til	2 eins	auðnaðist
karldýr					lituð tímabil		3	áhald nagli
hrjá				9	lengd hvað?		litlaus stertur	
öfug röð			skaka 5 eins					mylja
skvetta					ábata		sára ferskur	
til					svangt knött			
afлага					væl fugl		51 happið	
	baksa	gustur nærð					lærði 2 eins	
bollok					röð	hremma fram		brambolti
líkamshluti			lagðinum áttund					til
lækkun				ambátt			sprikla	
ilmur				4		kyrrðin		

1	2	3	4	5	6	7	8	9
---	---	---	---	---	---	---	---	---

Sudoku

Auðveld

2	4						3	
7		3	4		1			6
		1	8		3	5		7
9	2	8					1	3
3	7		9		6	2		
	5				8			
			6				3	4
		2					6	8
8				4	5			

Erfið

	3			5	7	1		
				8		7		
8	2			9				
	9				2		1	
1		3				5		8
		7						3
			6			3		9
				4			2	
4						6		3

Verðlaunagáta

Helgarkrossgátan inniheldur lausnarorð.
Lausnarorð skal senda ásamt nafni og símanúmeri á netfangið krossgata@dv.is



FORLAGIÐ

Vinningshafi krossgátu síðustu helgar er ...

Hallfríður Frímannsdóttir
Sólheimum 14,
104 Reykjavík

Lausnarorðið var **VASKAFAT**
Hallfríður hlýtur að launum
bókina Fjallið



**Í verðlaun fyrir gátu helgar-
bladsins er bókin Leyndarmál
húðarinnar**

Húðin er um tveir fermetrar að stærð og umhverf allt það sem við erum. Húðin tengir okkur við umheiminn, hún getur sent og móttakið og hún nærir skilningarvit okkar. Hún er á sinn hátt eitt mikilvægasta kynfærið og spegill sálarinnar; hrifandi hylki utan um líf okkar – og á sama tíma risastór lífrænn pottur fyrir bakteríur, sveppi, vírusa og sníkjudýr. Hér fjallar húðsjúkdómalæknirinn Yael Adler á lifandi og skemmtilegan hátt um húðina og leyndarmál hennar, bæði það fallega sem við njótum og það ljóta sem við hræðumst og hötum.

Hún er óhrædd við að taka til umfjöllunar máefni sem eru umvafin leynd og fordómum, veitir fjölmörg holtráð og opnar fyrir nýja sýn á húðina sem gæti hjálpað þér við að bjarga eigin skinni og lifa í betri sátt við sjálfan þig. Bókin hefur vakið mikla athygli, hlotið lofsamlegadóma og fer nú sigurför um heiminn.

Höfundur: Yael Adler

HEFUR ÞÚ ÞÖRF FYRIR ÞRIF

Fyrirtæki og húsfélög, gerum
tilboð ykkur að kostnaðarlausu

Þjóðum sérhæfða þjónustu fyrir
íbúðir í skammtímaleigu



Spáð í stjörnuunnar

Afmælisbörn vikunnar

- **29. september** Sara Björk Gunnarsdóttir knattspyrnukona, 29 ára
- **30. september** Ragnheiður Elín Árnadóttir, fyrrverandi íðnaðar- og viðskiptaráðherra, 52 ára
- **1. október** María Heba Porkelsdóttir leikkona, 45 ára
- **2. október** Pálmi Gestsson leikari, 62 ára
- **3. október** Tóli listmálari, 66 ára
- **4. október** Jóhanna Sigurðardóttir, fyrrverandi forsætisráðherra, 77 ára
- **5. október** Hugleikur Dagsson listamaður, 42 ára

Lesið í tarot Nönnu Kristínar

Brúðkaup eða flutningar í vændum

Leikkonan Nanna Kristín Magnúsdóttir framleiðir, skrifar, leikstýrir og leikur aðalhlutverkið í sjónvarpsþáttunum Pabbahelgum sem verða sýndir á RÚV í haust, en fyrstu tveir þættirnir verða sýndir á kvikmyndahátíðinni RIFF sem hófst í gær. Nanna Kristín statar af glæsilegum ferli á sviði leiklistar og því fannst DV þjóðráð að lesa í tarotspil hennar. Lesendur geta einnig valið sér tarotspil á vefsíðu DV.

Finnst eitthvað vanta

Fyrsta spilið sem kemur upp í tarotlesningu Nönnu Kristínar er 8 bikarar. Það táknar það öryggi, jafnvægi og frið sem hefur einkennt umhverfi listakonunnar að undanförunu, sem þýðir einnig að hún hefur notið sín tilfinningalega og líkamlega. Henni finnst þó eitthvað vanta og leitar nú logandi ljósi að nýju verkefni sem fyllir í það tómarúm. Næsta verkefni Nönnu Kristínar verður af allt öðrum toga en við höfum séð áður frá henni og mun hún einbeita sér að því að vinna að verkefni þar sem nútímanum, með öllu hans böli, verða gerð stórkostleg skil. Þetta verkefni gleypir Nönnu Kristínu á góðan máta og hún nær ekki að snúa við úr nýrri og spennandi vegferð.

Tímamót ástarinnar

Næst er það Bikarriddarinn sem táknar persónuleika listakonunnar sem og einkalíf. Nanna Kristín er viðkvæm en afar hugmyndarík þegar kemur að ástálfínu. Hún er uppátækjasöm og ástríðufull, einnig áhrifagjörn og dul. Hún nefnilega fer leynt með það sem hún þráir og stefnir að, heldur því fyrir sig. Nanna Kristín er í sambandi með Gauta Sturlusyni og það virðast vera bjartir tímar framundan í því sambandi, jafnvel brúðkaup í vændum, eða annars konar tímamót ástarinnar. Nanna Kristín fær bráðum tækifæri sem hún á erfitt með að hafna, sem gæti þýtt flutninga á milli landa.

Einstakur vinahittingur

Loks eru það 6 bikarar. Nanna Kristín hittir gamlan vin á næstunni sem mun gefa henni mikla gleði og ánægju. Þessi vinur

gerði listakonunni eitt sinn stóran greiða og ómeðvitað launar hún honum greiðann þegar þau hittast nú. Þessi vinahittingur hefur ófyrirséðar afleiðingar í för með sér þar sem Nanna Kristín dregst í góðgerðarstarf þar sem hún hrindir af stað hringrás gleðinnar. Hún lærir að ef hún gefur af sér til náungans þá eykst sjálföryggi hennar sjálfrar. ■



Nanna Kristín Magnúsdóttir. Mynd: Getty Images




Júlíana og Andri fljúga á vængjum ástarinnar – Svona eiga þau saman

Nýlega voru fluttar fregnir af því að leikkonan Júlíana Sara Gunnarsdóttir og þyrllu- og hljóðmaðurinn Andri Jóhannesson hefðu fellt hugi saman. DV fannst því tilvalið að rýna í stjörnumerki parsins og athuga hvernig það á saman.

Júlíana er krabbi en Andri er hrútur. Þegar að þessi tvö merki dragast að hvort öðru þá sannast hið forkveðna – að andstæður laðast að hvor annarri. Hrúturinn er frakkur og hvatvís en krabbin er mjög viðkvæmur og tilfinningarík. Þegar hrúturinn sýnir tilfinningar á hann til að gera það á mjög ruddalegan hátt sem kemur krabbanum úr jafnvægi. Hrúturinn laðast hins vegar að viðkvæmni krabban og finnst það gott mótvægi við

eigin hispurslausu hreinskilni. Það geta skapast vandamál í sambandi krabba og hrúts ef ofstopi hrútsins særir krabbann. Því verða bæði þessi merki að hlusta á þarfir hvort annars og skilja hve ólík þau eru í raun og veru. Aðeins þá ná þau klingjandi samhljómi.

Þótt merkin séu ólík eiga þau eitt sameiginlegt – þau vernda þá sem þau elska, hvað sem það kostar. Krabbin notar sína þykku skel til að vernda ástvíni sína og hrúturinn notar styrk sinn og hugrekki. Krabbin getur stundum virkað of yfirgangssamur að mati hrútsins en hrúturinn þarf að gæta þess að fullvissa krabbann reglulega um að hann sé elskaður og það sé hlustað á tilfinningar hans. ■



Júlíana Sara
Fædd 21. júlí 1990
krabbi

- hugmyndarík
- trygg
- fastheldin
- heillandi
- svartsýn
- óörugg

Andri
Fæddur: 22. mars 1981
hrútur

- hugrakkur
- ákveðinn
- öruggur
- hreinskilinn
- óþolinmóður
- hvatvís

Stjörnuþá vikunnar

Gildir Gildir 29. september – 5. október



Hrútur - 21. mars–19. apríl

Það opnast ný ástargátt í þessari viku og þurfa lofaðir hrútar að gæta sín á því. Ef þú ert laus og liðug/ur þá er þetta spennandi tækifæri í átt að farsælu ástarsambandi. Lofaðir hrútar þurfa að vara sig. Auðvitað er ekkert að saklausu daðri en þú verður að varast að láta daðrið ekki hlaupa með þig í gönur.



Naut - 20. apríl–20. maí

Það er búið að vera mikill ys og þys í kringum þig undanfarið en í þessari viku róast allt niður og þú nærð að slaka á og melta allar upplýsingarnar sem þú hefur fengið úr hinum ýmsu áttum. Það eru einhver óskýrð veikindi búið að vera að hrjá þig og þú ættir að hlusta betur á líkamann. Breyttu matarvenjum þínum og farðu í kvöldgöngu – það gæti hresst þig við.



Tvíburi - 21. maí–21. júní

Þú fyllist nýjum krafti og svo virðist sem þú sért að hefja nýtt líf eftir erfiða tíma. Þú færð skyndilega áhuga á efnislegum hlutum og þráir fátt meira en að breyta um hárgreiðslu, endurnýja fataskápinn og jafnvel kaupa þér snyrtivörur. Láttu það eftir þér – nýtt upphaf krefst nýrra áherslna og áhugamála.



Krabbi - 22. júní–22. júlí

Í þessari viku hefst langt tímabil þar sem þú meðvitað einbeittir þér meira að fjölskyldunni og þínum innsta hring, sem þú hefur vanrækt undanfarið. Auknum gæðastundum fylgir mikil framtaksgleði og þú nærð að koma ótrúlega miklu í verk á stuttum tíma. Þetta eykur þína lífsgleði og þú skalt halda í þá tilfinningu.



Ljón - 23. júlí–22. ágúst

Nú þarf ljónið að hætta að tala um allt sem það ætlar að gera og bara henda sér í djúpu laugina – fara út á meðal fólks, hitta gamla kunningja og létta af sér öllum heimsins áhyggjum. Þú ert nefnilega ekki mjög hrifin/n af því að kvarta og kveina en stundum þarftu bara öxl til að gráta á eða vinalagt eyra sem hlustar.



Meyja - 23. ágúst–22. sept.

Hagur meyjunnar vænkast ansi mikið og veskið hefur aldrei verið þykka. Þú nýtir tækifærið og gleður fólkið í kringum þig, enda er þér slétt sama um peninga og vilt helst eyða þeim í fólkið sem þú elskar. Þú sérd vinnuna líka skýrar og nærð að taka ákvörðun um hvort þú eigir að halda puðinu áfram eða hverfa á vit þess sem þig langar í raun og veru.



Vog - 23. sept.–22. október

Það er gríðarlega spennandi kafli að hefjast hjá voginni. Þú ert tilbúin/n til að loka erfiðum kafla fortíðarinnar og hefja glænýjan og skemmtilegan kafla – laus við gamla drauga og óþarfa áhyggjur. Þig dreymir um ákveðinn hlut og einsetur þér að eignast hann. Þessi hlutur þarf ekki að vera efnislegur en þegar þú færð hann í hendurnar verður líf þitt margfalt betra.



Sporðreki -

23. október–21. nóvember

Nú er kominn fullkominn tími fyrir sporðrekan til að slaka á eftir annasamt sumar. Það síðasta sem þig langar að gera er að ferðast eða fara í parti. Þig langar miklu fremur að slaka á með góða bók eða sjónvarpsþátt og jafnvel gera þér dagamun með einhverjum sætindum. Þér líður vel í eigin skinni og framtíðin er mjög björt.



Bogmaður -

22. nóvember–21. desember

Þú hefur verið að fara á kostum í vinnunni og hefur náð miklum árangri á þínu sviði. Svo miklum að þér finnst þú vera komin/n á endastöð og núna þarftu frekari ábyrgð og meiri áskoranir. Því sækist þú eftir tilteknu starfi sem á eftir að vera mikið gæfuspor fyrir þig þegar þú færð það. Og já, ég segi þegar því það er bókað mál að þú færð þetta starf.



Steingeit -

22. desember–19. janúar

Það hefur mikið mætt á þér undanfarið en þú nærð að tækla það eins og þér einni/einum er lagið – með jafnaðargeði og hjartað á réttum stað. Fólk leitar til þín til að létta af sér og þú geymir svo mikið af leyndarmálum og áhyggjum fyrir aðra að þú hefur ekki pláss fyrir þínar eigin langanir og drauma. Spáðu aðeins í það. Er það holt?



Vatnsberi -

20. janúar–18. febrúar

Þú ert ein af þeim manneskjum sem er sífellt í leit að æðri tilgangi. Þú spáir mikið í það daginn út og daginn inn hvernig þú öðlast þennan tilgang og nú er fullkominn tími fyrir þig að fara í ferðalag um völunderhús sálarinnar. Það þýðir ekki að þú þurfir að leggja land undir fót því þú getur einbeitt þér að andlegum málefnum heima í stofu.



Fiskur - 19. febrúar–20. mars

Þú hefur verið eitthvað illa fyrir kölluð/kallaður og hefur ekki fundið neistann þinn. Nú verður hins vegar breyting á og þú ert gjörsamlega óstöðvandi. Lofaðir fiskar þurfa að setjast niður með maka sínum og tala um framtíðarplön. Nú er tíminn til að leggja línurnar fyrir framtíðina og ákveða næstu skref í mjög gjöfulu sambandi.

YFIRHEYRSLAN

„Hæ, ég heiti Eva og er alkóhólisti“

Eva María Mattadóttir starfar sem þjálfari hjá Dale Carnegie ásamt því að halda úti hlaðvarpinu Normið. Hana þyrstir að eigin sögn endalaust í fróðleik um mannlega hegðun og leiðir til þess að komast í „hamingjuzone-ið“ og hugarró. Eva María er í yfirheyrslu helgarinnar.

Hvar líður þér best?

Við sjó, það er einhver klikkuð orkuuppspretta. Náttúran er alger endurhledsla og best er að vera þar með krökkunum að leika og hlæja.

Hvað óttastu mest?

Að það kvikni í mér! Svo er eins og ég breytist í villisvín þegar geitungar eru nálægt.

Hvert er þitt mesta afrek?

Að vera edrú í bata og uppskera alvöru hugarró. Jú, og líka að hafa náð að ýta manneskjum út úr mér!

Furðulegasta starf sem þú hefur tekið að þér?

Að vera extra í amerískum „sit-coms“. Fyndið að þykjast tala og hlæja en mega ekki gefa neitt hljóð frá sér allan daginn!

Hver væri titillinn á ævisögu þinni?

„Hæ, ég heiti Eva og er alkóhólisti.“ Einu sinni þoldi ég ekki þegar fólk sagði „ég er þakklátur alkóhólisti“ því ég var enn að berjast í hrokanum. En í dag þarf ég að kyngja því að ég er einn hrikalega þakklátur alkóhólisti.

Hvernig væri bjórin Eva María?

Óáfengur og sá allra ferskasti.

Besta ráð sem þú hefur fengið?

If you don't ask, you don't get.

Hvert er leiðinlegasta húsverkið?

Að skrapa storknaðan mat af gólfinu undir barnastólunum.

Besta bíómynd allra tíma?

The Green Mile, nær mér í hvert einasta skipti!

Hvaða hæfileika myndir þú vilja búa yfir?

Ég myndi vilja vera klár fjárfestir. Er að hlusta mikið á svoleiðis hlaðvarpsþætti þessa dagana.

Hver er mesta áhætta sem þú hefur tekið?

Sennilega að fara á svið í Hard Rock-kjallaranum með Norminu og Siggu Dögg að tala um kynlíf.

Hvaða frasi eða orð fer mest í taugarnar á þér?

„Ég get þetta ekki.“

Hvaða geturðu sjaldnast staðist eða ert góð í að réttlæta að veita þér?

Sjávarsaltssúkkulaðiþlötú frá Nóa Sírius, ég stúta henni á innan við fimm mínútum.

Hvað er á döfinni hjá þér?

Tveggja vikna fri á Sikiley, verkefnastýring hjá Dale Carnegie og framþróun hjá Normið Podcast! Virkilega spennandi verkefni framundan!

**Eva María
Mattadóttir**



Uppruni áhrifavaldur

Sitt sýnist hverjum um starfsheitið áhrifavaldur, en það er ekki hægt að loka augunum fyrir því að sú atvinnugrein hefur vaxið jafnt og þétt síðustu ár og velta vinsælir áhrifavaldar mörgum milljónum á ári vegna auglýsingasamninga af ýmsu tagi. En hvað-an kemur þetta fólk allt saman? Fókus kíkta á sögu nokkurra vinsælustu áhrifavaldar landsins og skoðaði uppruna vinsælda þeirra.

Sólrún Diego

Fylgjendur á Instagram: 37.000

Landmenn fengu fyrst að kynna Sólrúna Diego og hennar þrífnaðaræði síðla árs 2014 þegar blogg-síðan Mamie.is var opnuð. Mamie.is var stofnuð af nokkrum ungum mæðrum, en við stofnun var Sólrún í fæðingarorlofi með yngra barn sitt, dótturina Másól. Þegar Mamie.is var opnuð stofnuðu mæðurnar samhliða því Snapchat-reikning sem þær skiptust á að halda úti. Fimmtu-dagar voru dagarnir hennar Sólrúnar og deildi hún þar ýmsum töfraráðum er varða þríf. Svo fór að henni fannst ekki nóg að snappa bara einu sinni í viku og opnaði sinn eigin Snapchat-reikning stuttu síðar. Þá fyrst reis frægðarsól hennar.

„Það var svo sjúklega mikið af fólki sem kom inn fyrstu nóttina að ég fékk næstum hjartaáfall. Mér fannst svo skrýtið að fólk hefði svona mikinn áhuga á að fylgjast með því sem ég var að gera. En ég ákvað að taka bara einn dag í einu og sjá hvert þetta myndi leiða mig,“ sagði Sólrún í viðtali við Fréttatímamann árið 2016. Hún sagði síðar skilið við Mamie.is og stofnaði sína eigin bloggsíðu, sem er enn lifandi í dag. Í viðtali við Fréttatímamann sagði Sólrún að þessi vinna á samfélagsmiðlum hafi gert hana sterkari.

„Ég var líka mjög feimin. En það hefur styrkt mig mjög mikið að vera með blogg og snappið, eins og ég átti ótrúlega erfitt með þetta fyrst. Nú vita allir hvernig ég er og ég þarf ekki að hafa áhyggjur af því sem hinir og þessir halda um mig. Ég er komin með ágætlega breitt bak gagnvart gagnrýni og ef ég sé eitthvað um mig þá reyni ég bara að hlæja að því.“

Það var nánast lyginni líkast að fylgjast með vinsældum Sólrúnar á Snapchat á þessum tíma og varð hún hvað þekktust fyrir edikblönduna sína sem hún þreif nánast allt með. Allt í einu seldist edik sem aldrei fyrr og tóku vörslanir upp á því að selja sérstaka brúsa með blöndunni. Árið 2017 kom síðan út bók Heima eftir Sólrúnu þar sem hún miðlaði öllum sínum bestu ráðum. Sólrún tilkynnti í byrjun þessa árs að hún væri hætt á Snapchat, mörgum til undrunar, og einbeitir hún sér nú að blogginu sínu og Instagram.




Bókin Heima sem kom út árið 2017.

Þórunn Ívarsdóttir

Fylgjendur á Instagram: 13.100

Þórunn Ívarsdóttir útskrifaðist sem fatahönnuð frá Fashion Institute of Design and Merchandising í Los Angeles árið 2012. Samhliða náminu stofnaði Þórunn lífsstílsbloggsíðuna Double Pizzazz ásamt Önnu Völu, frænku sinni. „Á þeim tíma var ég í skemmtilegum „internship“ hjá fyrirtæki sem hannar skartgripalíður fyrir Kim Kardashian og Nicole Ritchie. Íslenskum stelpum fannst gaman að fylgjast með og sagði ég oft frá vinnuvikunni minni og verkefnum. Fljótlega fór ég að fá fyrirspurnir um hitt og þetta,“ sagði Þórunn í viðtali við Vísi árið 2014. Þegar dagar Double Pizzazz voru taldir hélt Þórunn áfram á sinni eigin bloggsíðu sem er enn virk í dag. Það var svo ástin sem dró Þórunni heim til Íslands árið 2013 þegar hún féll fyrir sínum heittelskaða, Harry Sampsted. Þau eiga saman dóttur sem kom í heiminn í september í fyrra, eins og fylgjendur Þórunnar á Instagram vita. Þórunn hefur ekki farið varhluta af skuggahliðum þess að vera vinsæll áhrifavaldur og var afar ósátt við umfjöllun Kastljóss árið 2016 um lífsstílsbloggara. Í þættinum bað hún lesendur og fylgjendur um að halda í gagnrýna hugsun og ekki kaupa allt sem hún mælir með. „Fullorðnir þroskaðir einstaklingar eiga auðvelt með að síá út hver er vitleysingur og hver ekki, en ungar stelpur eiga erfðara með það oft á tíðum og ég þarf að hugsa um það sem ég er að skrifa, ég vil ekki gefa neinum rangar hugmyndir og þær taki eitthvað inn á sig eða byrji að líða illa út af einhverju af því þær eiga ekki eitthvað, aldrei,“ sagði hún.



Þórunn Ívars státar af ansi löngum ferli sem áhrifavaldur. Mynd: Skjáskot Instagram @thorunnivars

Guðrún Veiga Guðmundsdóttir

Fjöldi fylgjenda: 23.000

Skírðingurinn Guðrún Veiga Guðmundsdóttir stofnaði Blogspot-blogg árið 2012 sem varð gríðarlega vinsælt ári síðar. Í kjölfarið byrjaði hún með matreiðsluþættina Nenni ekki að elda á isTV sem var og hét. Þessir matreiðsluþættir voru harla óhefðbundnir, enda Guðrún Veiga ekki þekkt fyrir mikla snilldartakta í eldhúsinu, en í þáttunum eldaði hún með ýmsum stjórnnum, til dæmis Geir Ólafs og Ásgeiri Kolbeins. Þessir þættir á sjónvarpsstöð sem fáir horfðu á ollu ansi miklum usla árið 2014 þegar forlata viðtal við Guðrúnu Veigu um þættina birtist í Fréttablaðinu. Á þeim tíma voru Fréttablaðið og Vísi sama fyrirtækið, 365, og því birtist viðtalið einnig á Vísi. Útgefanda Fréttablaðsins, Kristínu Þorsteinsdóttur, misbauð viðtalið svo mikið, þar sem það fjallaði um manneskju á samkeppnismiðli, að hún lenti upp á kant við þáverandi ritstjóra blaðsins, þá Mikael Torfason og Ólaf Stephensen. Viðtalið var tekið úr birtingu á Vísi. Svo

Guðrún Veiga og Geir Ólafur í þáttunum sem gerðu allt vitlaust.



fór að Mikael og Ólafur hættu sem ritstjórar Fréttablaðsins og Kristín tók við skútunni. Þessi usli kom Guðrúnu Veigu algjörlega í opna skjöldu, eins og hún sagði frá í viðtali við mbl.is.

„Ég bara veit ekki alveg hvað ég get sagt um þetta allt saman. Ég kom heim um kvöldmat, opnaði tölvuna og sá að Fésbókin mín logaði. Ég tel mig ekki eiga nokkra aðild að þessu máli. Ég svaraði í símann í síðustu viku, ræddi um lífið og tilveruna við fréttamanninn og sjónvarpsþáttinn minn,“ sagði Guðrún Veiga. Sama dag og viðtalið örlogaríka var tekið árið 2014 skrifaði áhrifavaldurinn undir bókasamning, en matreiðslubókin Nenni ekki að elda kom út í nóvember árið 2014. Síðan þá hefur Guðrún Veiga átt góðu gengi að fagna á Instagram.



Birgitta Líf Björnsdóttir

Fylgjendur á Instagram: 19.000

Birgitta Líf Björnsdóttir fékk sviðsljósið nánast í vöggugjöf þar sem hún er dóttir einna frægustu hjóna Íslands; Bjössa og Dísu í World Class. Hún rataði því oft á síður blaðanna áður en hún varð áhrifavaldur, til dæmis árið 2009 þegar Séð og Heyrt sagði frá því að Birgitta hefði fengið glæsilega Audi TT-bifreið í sautján ára afmælisgjöf frá foreldrum sínum. Birgitta Líf byrjaði á Instagram árið 2012 en fylgjendum hennar fór ekki að fjölga af alvöru fyrr en hún byrjaði með Rúrik Gíslasyni, landsliðsmanni í knattspyrnu. Þegar að ástin slokkaði héldu fylgjendur tryggð við Birgittu og hefur þeim fjölgað jafnt og þétt síðan árið 2017.



Rúrik og Birgitta. Mynd: Skjáskot Instagram @birgittalíf



Með fyrstu myndum Birgittu á Instagram. Mynd: Skjáskot Instagram @birgittalíf



Nýleg mynd af Birgittu í ræktinni. Mynd: Skjáskot Instagram @birgittalíf

Brynjar Steinn (Binni Glee)

Fylgjendur á Instagram: 16.200

Binni Glee skaust upp á stjörnuhimininn á Snapchat árið 2016. Það voru helst förðunarmyndböndin hans sem vöktu hvað mesta athygli, en hann er mikill áhugamaður um tísku og förðun. Þá ræddi hann einnig opið um kynhneigð sína þegar hann var nýkominn út úr skápnum sem samkynhneigður.

„Mig langar bara svo að sýna það að strákar geta mál-að sig. Og mega það ef þeir vilja. Það eiga allir að vera þeir sjálfir. Það eru skilaboðin sem ég vil senda,“ sagði Binni í viðtali við hun.is. Í þáttunum Snapparar, sem sýndir voru á Stöð 2 árið 2017, sagðist Binni eiga ofboðslega marga aðá-endur.

„Ég er hættur að fara í Kringluna og Smáralind svona til að hanga þar ... Af því ég er svo hræddur um að það komi geðveikt mikið af fólki og ég muni ekki höndla það en mér finnst samt alltaf gaman að hitta fylgjendur mína,“ sagði hann í þáttunum.

Binni Glee í dag. Mynd: Skjáskot Instagram @binniglee



aldanna

Snorri Rafnsson (Vargurinn)

Fylgjendur á Instagram: 16.400

Veidimaðurinn Snorri Rafnsson, betur þekktur sem Vargurinn, byrjaði á Instagram árið 2016 en fylgjendafjöldinn margfaldaðist árið 2017, sérstaklega þegar hann birti myndband af sér að hoppa af jeppa á trampólín og þaðan út í sjó. Áður en Vargurinn byrjaði á Instagram var hann vinsæll á Snapchat og vakti athygli fyrir að sýna frá lífi sínu sem veidimaður. Hann veidir að mestu leyti mink, en einnig önnur dýr og hefur oft komist í fréttirnar fyrir að bjarga dýrum í neyð.

Snorri er Ólsari í húð og hár og búsettur í Ólafsvík á Snæfellsnesi. Hann er mjög hrifinn af Ólafsvík og er veidieðlið í blóð borið.

„Allir mínir forfeður eru veiðimenn og ég var ungur byrjaður að veiða fisk með pabba. Við áttum svo hund sem segja má að hafi ýtt okkur í minkaveiðina. Hann var mikill veiðihundur án þess að vera þjáfaður sérstaklega í það eða það hafi verið ætlunin. Þegar við fórum með hann í fjöruferðir var hann alltaf strax farinn að leita að minkum. Það má einnig segja að hann hafi kveikt áhuga minn á veiðihundum. Þegar hann drapst vildu mamma og pabbi ekki fá nýjan og ég var alveg veikur í að eignast hund og keypti mér sjálfur hund um leið og ég gat,“ sagði Snorri í viðtali við Skessuhorn árið 2017. Snorri hefur gert það gott sem áhrifavaldur og var tekjuhæstur í greininni árið 2018 með tæplega eina og hálf milljón á mánuði.

Nýleg mynd af Varginum á hreindýraveiðum. Mynd: Skjáskot Instagram @vargurinn



Camilla Rut Rúnarsdóttir

Fylgjendur á Instagram: 27.300

Camilla Rut, eða Camy Klikk, byrjaði á Snapchat þegar hún var að koma sér upp úr fæðingarþunglyndi eftir að hafa eignast sitt fyrsta barn árið 2015. „Ég fékk rosalegt fæðingarþunglyndi og átti mjög erfitt fyrstu mánuðina. Í orlofinu hafði ég gaman af því að fylgjast með öðrum á samfélagsmiðlum og fljótlega kviknaði sú hugmynd að kannski hefði fólk áhuga á því sem ég hefði að segja,“ sagði Camilla í forsiðuviðtali við Vikuna í fyrra. Camilla fetaði í fótspor vinkonu sinnar, Sólrúnar Diego, í byrjun þessa árs – hætti á Snapchat og lagði þungann í Instagram. Camilla er mikil söngkona og má rekja gospeláhuga hennar til tíma hennar í trúarsöfnuðinum Krossinum, en Gunnar Þorsteinsson í Krossinum er afi hennar. „Það að vera í Krossinum



Camilla Rut hefur látið að sér kveða í tónlistinni. Mynd: Skjáskot/YouTube

átti mikinn hlut í mínu þroskaferli. Á ákveðnu tímabili var ég frekar þunglynd og fannst sambandið við pabba minn til dæmis mjög erfitt. En ástæðan fyrir því að það var svo þægilegt að fara í Krossinn eftir þetta uppreisnartímabil var það að ég gat alltaf mætt á samkomur og ef mér leið illa þá bara sat ég og grét og allir sýndu því fullan skilning,“ sagði Camilla í viðtali við Monitor árið 2014. Í dag starfar Camilla við tónlist samhliða áhrifvaldaframanum og hefur komið fram í ýmsum sýningum.

Faney Dóra Veigarsdóttir



Fylgjendur á Instagram: 9.366

Faney Dóra er talin vera einn af þeim áhrifavöldum sem eru hvað mest upprennandi og eiga nóg inni. Hún byrjaði með bloggsíðu fyrir fjórum árum. Í kjölfarið stundaði hún förðunarnám í Reykjavík Makeup School og byrjaði með Snapchat og Instagram sem gekk nær eingöngu út á förðun. Árið 2017 byrjaði hún að kenna í skólanum og varð „Brand Ambassador“ fyrir snyrtivörfyrirtækið Maybelline. Hún hefur ekki aðeins vakið athygli fyrir förðunarráð og -myndir á samfélagsmiðlum heldur hefur einnig opnað umræðu um líkamsvirðingu. „Ég áttaði mig á því að það skipti engu máli þó ég grennist um þessi tuttugu kíló, ég þarf að elska manneskjuna sem ég er, því ég verð alltaf ég. Hvort sem ég breytist í framtíðinni eða ekki. Þannig varð sjálfstraust mitt svo miklu betra og ég er allt önnur manneskja í dag. Fólk getur núna leitað uppi fólk eins og mig á samfélagsmiðlum. Það getur auðvitað leitað uppi þetta fullkomna fólk en það getur líka skoðað mig sem vil bara vera ég sjálf,“ sagði hún í viðtali við Ísland í dag í fyrra.

Faney Dóra í dag. Mynd: Skjáskot Instagram @faneydora

Sunneva Eir Einarsdóttir

Fylgjendur á Instagram: 43.000

Sunneva Einarsdóttir hefur átt mikilli velgengi að fagna á Instagram. Hún birti fyrstu myndina á miðlinum árið 2012 og var þá eins og meðal Jóninn, með nokkur læk á hverri mynd. Það var svo árið 2017 sem fylgjendafjöldinn fór að aukast fyrir alvöru, ári eftir að hún útskrifaðist sem stúdent frá Menntaskólanum við Sund. Eftir útskrift ákvað hún að taka sér ársfrí frá námi og réð sig sem samfélagsmiðlastjóri hjá umboðsskrifstofunni Eylenda. Um mitt ár 2017 var hún komin með hátt í sextán þúsund fylgjendur á Instagram.

„Ég hef alltaf verið mjög virk á Instagram frá því að ég byrjaði árið 2012 og hef síðan þá verið dugleg að pósta myndum úr daglega lífinu. Instagramið mitt hefur stækkað mikið á sama tíma og þessi miðill hefur orðið vinsælli. Ég byrjaði að taka eftir að fylgjendum fjölgaði frekar hratt í fyrra og flæðið á síðunni er búið að verða meira og meira seinasta árið,“ sagði hún í viðtali við Smartland árið 2017.

Þeir sem hafa áhuga á snyrtivörum hafa stutt dyggilega við bakið á Sunnevu og árið 2018 bauð snyrtivörfyrirtækið Inglot henni út til Las Vegas þar sem hún hittir sjálfa Jennifer Lopez.

„Það er í raun draumur allra áhrifavalda að fá að fara í svona brandtrip eins og þetta er kallað, og fá líka að hitta J-Lo í leiðinni er frábært. Ég var ekki að trúá þessu allan tímann. Við töluðum um nýju línuna og ég hrósaði henni fyrir hana. Henni fannst mjög magnað að vera frá Íslandi. Hún vissi af mér, teymið hennar þurfti að samþykka mig til að ég mætti fara út. Við vorum mjög fá sem

Sunneva í dag. Mynd: Skjáskot Instagram @sunneva-einars



Svona leit Sunneva út árið 2016. Mynd: Skjáskot Instagram @sunnevaeinars



Mynd af Sunnevu árið 2013. Mynd: Skjáskot Instagram @sunnevaeinars

fengum að fara í eftirpartý inni í búningsherbergi hennar,“ sagði Sunneva í viðtali við Brennsluna í apríl árið 2018.

Tanja Ýr Ástþórsdóttir



Fylgjendur á Instagram: 33.200

Tanja Ýr vakti fyrst athygli árið 2013 þegar hún var krýnd Ungfrú Ísland. Í kjölfarið varð hún dugleg á samfélagsmiðlum. Hún byrjaði á Snapchat árið 2014, eftir að hafa haldið bloggsíðunni tanjayr.com úti um nokkurt skeið. Hún opnaði Instagram-síðu árið 2012 sem varð ekki vinsæl fyrir alvöru fyrr en árið 2017.

Tanja Ýr tók síðan samfélagsmiðlaveldið sitt skrefinu lengra árið 2016 þegar hún stofnaði umboðsskrifstofu fyrir áhrifavalda, Eylenda, árið 2016 ásamt Maríu Hólmgrímsdóttur. Lítið hefur farið fyrir Eylenda undanfarið ár en tilgangur þess var að tengja saman fyrirtæki og fólk sem var áberandi á samfélagsmiðlum. Meðal áhrifavalda sem voru á mála hjá Eylenda voru Sólrún Diego, Lína Birgitta, Binni Glee og Tinna Alavis.


Tanja Ýr er mikil businesskona og er með sína eigin snyrtivörlínu og vasast í alls kyns öðrum viðskiptatækifærum.



Tanja Ýr árið 2012. Mynd: Skjáskot Instagram @tanjayr




Tanja Ýr í dag. Mynd: Skjáskot Instagram @tanjayr



Tanja Ýr árið 2015. Mynd: Skjáskot Instagram @tanjayr



***Infrared saunur verð frá 180.000 kr.
Viðarkyntir pottar verð frá 200.000 kr.***



**34 fm. með 8 fm. svefnloft á kr. 2.750.000,-
Bjálkapykkt 70 mm.**



Sjáðu úrvalið á goddi.is

- **Sauna- og gistitunnur**
- **Hitaveitupottar verð frá 390.000 kr.**
- **Nokkrar tegundir af skeljum verð frá 155.000 kr.**
- **Tvær tegundir af rafmagnspottum 200x200 sm. á 620.000 kr. m/loki og tröppu**

Eigum fjórar stærðir af lokum á lager í gráum og brúnum litum
Verð frá **58.500 kr.**



GODDI.IS

AUÐBREKKU 19 - KÓPAVOGI - S. 544 5550



Úlfur litli

Svandís Dóra Einarsson dóttir leikkona og Sigtryggur Magnason skáld eignuðust dreng þann 14. ágúst síðastliðinn.

Drengurinn var sextán merkur og 53 sentimetrar og dafnar vel. Litli



snáðinn fékk nafn um síðustu helgi og heitir Úlfur Egill, afar sterkt og fallegt nafn. Sigtryggur og Svandís Dóra hafa verið saman um nokkurt skeið og giftu sig árið 2015 og er Úlfur Egill þeirra fyrsta barn saman.



Stórstjörnur í Íslandsferð

Filippseyku stórstjörnur Daniel Padilla og Kathryn Bernardo eru á leið til Íslands í skemmtiferð. Daniel og Kathryn hafa bæði náð góðum árangri í leiklist í heimalandinu og kynntust í gegnum vinnuna fyrir sjö árum. Aðdáendur stjarnanna hafa velt fyrir sér hvort þau ætli að ganga í það heilaga á Íslandi, en það hefur ekki fengist staðfest af þeirra hálfu. Þau hafa hins vegar gefið það upp í filippseyskum fjölmiðlum að aðalastæða þess að þau ætli að heimsækja Ísland sé að sjá norðurljósinn, ekki að blanda sér í milliríkjadeilur Íslands og Filippseyja um mannréttindabrot. Kathryn státar af því meti að hafa leikið í tekjuhæstu filippseysku kvikmyndinni, en það er Hello, Love, Goodbye sem kom út á þessu ári. Þau Daniel eru bæði margverðlaunuð, en Daniel er einnig mjög farsæll tónlistarmaður í heimalandinu.



Loki

Ígló úrskurðað gjaldþrota

Hönnunarfyrirtækið Ígló ehf., sem heldur utan um rekstur barnavörumerkisins iglo+indi í Garðabæ, var úrskurðað gjaldþrota 12. september síðastliðinn. Þetta kemur fram í Lögbirtingablaðinu.

Barnafatamerkið iglo + indi var stofnað árið 2008 og hefur notið töluverðra vinsælda hér á landi og einnig erlendis. Stjórnur á borð við Kardashian-fjölskylduna og ofurfyrirsætuna Coco Rocha hafa meðal annars

tekið ástfóstri við merkið og þá hefur Manuel A. Mendez, stílisti dóttur Beyonce, birt mynd úr vor- og sumarherferð merkisins á samfélagsmiðlum sínum.

Félagið tapaði 78 milljónum króna árið 2017 samkvæmt seinasta ársreikningi. Jókst tap félagsins um 30 milljónir frá fyrra rekstrarári. Þá drógust tekjur félagsins saman um 29 milljónir.

Í tilkynningu Lögbirtingablaðsins kemur fram að skiptafundur verði haldinn þann 29.



nóvember næstkomandi. Sveinbjörn Claessen lögmaður hefur verið skipaður skiptastjóri. Helga Ólafsdóttir, yfirhönnuður fyrir-

tækisins og eigandi, vildi ekki tjá sig um málið þegar DV hafði samband.



VELJIÐ STAÐ ÞAR SEM FAGMENNSKA ER Í FARARBRODDI

Auk hefðbundins réttindanáms bjóðum við upp á eftirfarandi námskeið:

- B-réttindi á íslensku, pólsku og ensku
- Námskeið vegna akstursbanns
- Meiraprófnámskeið á íslensku og pólsku
- Bifhjólánámskeið
- Endurmenntun atvinnubílstjóra
- Afleysingarmannanámskeið á leigubíl
- Rekstrarleyfisnámskeið leigubíla og fólks- og farmflutninga



Endurmenntun atvinnubílstjóra

Námskeið haldin alla laugardaga frá kl: 9:00-16:00

Pólsk Endurmenntun hefst 13 október

Fyrirtæki geta óskað eftir sérnámskeiði fyrir hópa

Næstu meiraprófnámskeið 16. október 2019 kl: 17:30 / 13. nóvember 2019 kl: 17:30



Ökuskólinn í Mjódd byggir á margra ára starfsreynslu í öllum greinum ökunáms

Skráning á námskeiðin fara fram á vefsíðu okkar www.bilprof.is

Ökuskólinn í Mjódd | Parabakka 3 | 109 Reykjavík | bilprof.is | s. 567 0300 | mjodd@bilprof.is